# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

57. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 8. MARS 2017




Fulltrúar allra þingflokka undirrituðu í gær með tússlitum samkomulag um að gerast talsmenn barna á Alþingi. Í því felst að þeir hafi barnasáttmála SÞ að leiðarljósi við störf sín. Síðan ávörpuðu fulltrúar ungmennaráða þingmennina og fræddu þá um hvernig má nýta barnasáttmálann sem hagnýtt verkfæri við ákvarðanatöku og stefnumótun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## H&M og netið að breyta fataverslun hér

**Útlit er fyrir harðnandi samkeppni í fataverslun hérlendis og miklar breytingar. Next í Kringlunni vill færri fermetra og Hagar loka fjórum tískuvörubúðum í ár. Eigendur Smáralindar eiga í viðræðum við erlend fyrirtæki og margir vilja vera nálægt verslun H&M.**

**VIÐSKIPTI** Kaupmenn og eigendur verslunarmiðstöðva búa sig nú undir harðnandi samkeppni í fataverslun með komu H&M og þeim breytingum sem fylgja aukinni netverslun.

Forsvarsmenn Smáralindar eiga í viðræðum við önnur erlend fyrirtæki í fataverslun um pláss í húsinu. Hagar loka fjórum tískuvöruverslunum á þessu ári og eigendur Next á Íslandi vilja fækka fermetrum sínum í Kringlunni.

„Þetta kallar á það hjá öllum, eins og við höfum gert, að menn skoði bæði innkaupsverðið og hvernig þeir geta hagrætt í rekstri og boðið lægra verð,“ segir Árni Sv. Mathiesen, stjórnarformaður Next á Íslandi.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er talsverð ásókn í verslunarrými í Kringlunni og Smáralind sem eru staðsett nálægt H&M.

Dæmi eru um að fyrirtæki sem eru nú þegar í byggingunum tveimur vilji komast nær sænska smásölurisanum. Einn viðmælandi blaðsins segir erlenda heildsala nú þurfa að lækka álagninguna og innlendar fataverslanir að ná betra innkaupsverði, ætli þær að keppa við verðlagningu og vöruflokka H&M.

> Við erum svo sannarlega með augun á boltanum og gerum okkur grein fyrir því að það munu eiga sér stað miklar breytingar
>
> Guðjón Auðunsson, forstjóri fasteignafélagsins Reitir

Hagar ætla að loka tískuvöruversluninni Dorothy Perkins í Smáralind í vor eða á sama tíma og fyrirtækið skellir dyrum Topshop í lás.

Hagar hafa því á rúmu ári lokað eða tilkynnt um lokun á sjö fataverslunum og lagt vörumerkjunum Topshop, Debenhams, Evans, Dorothy Perkins og Warehouse. – hg / Sjá Markaðinn

## Fjöldi erlendra starfsmanna aldrei meiri

**ATVINNULÍF** Yfir tuttugu þúsund erlendir ríkisborgarar starfa hérlendis og hafa aldrei verið fleiri.

Íslendingar eru of fáir til að mæta miklum vexti. Einn starfsmaður af hverjum tíu hérlendis er af erlendu bergi brotinn. – snæ / sjá síðu 6

## Vaxandi spenna á Kóreuskaga

**NORÐUR-KÓREA** Bandaríkin hafa sent búnað til Suður-Kóreu til að skjóta upp flugskeytum og til að koma þar upp öflugum flugskeytavörnum. Norður-Kóreustjórn er ósátt og bæði Kína og Rússland mótmæla þessum aðgerðum. – gb / sjá síðu 8

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Uppræta þarf kynskiptan vinnumarkað, skrifar Elín Björg Jónsdóttir. 10

**SPORT** Barcelona þarf kraftaverk til að komast áfram. 12

**MENNING** Leikstýrir eigin leikgerð af Gestaboði Babette í New York. 18

**LÍFIÐ** Daði Freyr, keppandi í Söngvakeppninni, stígur síðastur á svið í lokakeppninni á laugardaginn. 26




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● FÓLK ● MOTTUMARS

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Norðaustankaldi og slydda eða snjókoma norðvestan til í dag, en annars hægara og úrkomulítið. Hiti yfirleitt 0 til 5 stig. SJÁ SÍÐU 16



**Snemmbúinni opnun Landeyjahafnar er fagnað í Eyjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Landeyjahöfn aldrei opnað fyrr á árinu

**SAMGÖNGUR** Herjólfur fór fyrstu ferð sína til Landeyjahafnar frá Vestmannaeyjum í gær. Mjög vel hefur gengið að moka sandi úr hafnarkjaftinum svo opna megi höfnina. Til samanburðar var höfnin opnuð 15. apríl í fyrra og 1. maí árið 2015.

„Þú getur rétt ímyndað þér hvað við erum ánægð með að hægt sé að opna höfnina svona snemma,“ sagði Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. „Menn munu ekki gera sér grein fyrir því hvað þetta skiptir miklu máli nema þeir búi í Eyjum eða reki fyrirtæki á staðnum. Þetta er bylting fyrir okkur að geta opnað svo snemma.“

Unnið hefur verið á dýpkunarskipinu myrkranna á milli síðustu daga. Bæði hafa verið notaðar hefðbundnar dýpkunaraðferðir en einnig hefur verið dælt niður sjó til að þyrla upp sandi sem berst svo burt með hafstraumum. Sú aðferð hefur gefist mjög vel. **– sa**



**Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.**

# Hrein og skýr framsögn



**Erla Rúrí Sigurjónsdóttir stóð uppi sem sigurvegari Stóru upplestrarkeppnarinnar í Hafnarfirði en keppnin fór fram í gær. Eliza Reid, forsetafrú, afhenti verðlaunin. Þar keppir hópur ungmenna í vönduðum upplestri og framsögn. Dagur Logi Sigurðsson endaði í öðru sæti og Sveinbjörg Júlía Kjartansdóttir í þriðja. Fyrsta upplestrarkeppnin fór fram í Hafnarfirði 1997 og hefur hún verið árlegur viðburður frá aldamótum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tvær milljónir í ferð til Helsinki

**STJÓRNSÝSLA** Reykjavíkurborg greiddi tvær milljónir í fargjöld og dagpeninga vegna ferðar tíu borgarfulltrúa og embættismanna á höfuðborgarráðstefnu í Helsinki 16. og 17. febrúar.

Allir flokkar í borgarstjórn sendu fulltrúa á ráðstefnuna þar sem fjallað var um snjallborgir eða Open cities og aðgerðir í þeim efnum. Þátttakendur voru borgarstjórar, borgarfulltrúar og helstu embættismenn frá höfuðstöðvum hinna Norðurlandanna.

Sigurður Björn Blöndal, formaður borgarráðs, var í ferðinni ásamt Líf Magneudóttur, Guðfinnu Jóhönnu Guðmundsdóttur, Halldóri Auðar Svanssyni, Heiðu Björgu Hilmisdóttur og Kjartani Magnússyni. Þeir embættismenn sem fóru voru Helga Björg Ragnarsdóttir, Helga Björk Laxdal, Hilmar Hlíðar Magnússon og Óskar Jörgen Sandholt. **– jhh**

# Sálfræðingur ekki sést í fangelsinu í um tvö ár

**Félag fanga segir að sálfræðingur hafi ekki komið í fangelsið á Akureyri í tvö ár. Þetta sé veruleiki fanga. Við því þurfi að bregðast. Fangar í mikilli þörf fyrir sál- og geðheilbrigðisþjónustu. Tveir sálfræðingar vinna hjá Fangelsismálastofnun.**

**FANGELSISMÁL** „Sálfræðingur hefur ekki komið inn í fangelsið á Akureyri síðan í byrjun árs 2015. Það er því ekki einu sinni hægt að óska eftir slíkri þjónustu því hún er hvergi sýnileg. Þetta er veruleikinn sem við höfum margoft bent á,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga.

Fangi sem fluttur var á sjúkrahús á laugardag eftir sjálfsvígstilraun í fangelsinu á Akureyri lést í gær.

Aðeins tveir sálfræðingar auk tveggja félagsráðgjafa eru við störf hjá Fangelsismálastofnun og eiga þeir að sinna öllum föngum sem sitja inni og öllum föngum á reynslulausn í opnum úrræðum. Í Danmörku er einn félagsráðgjafi á hverja 20 fanga og geðheilbrigðisþjónusta mun betri en hér.

„Afstaða hefur um árabil gert alvarlegar athugasemdir við stöðu sálfræði- og geðlæknaþjónustu í fangelsunum,“ segir í tilkynningu félagsins. Ráðherra er krafinn um úrbætur.

„Það er okkar mat að sálfræðingar stofnunarinnar þurfa að vinna í nánum tengslum við fanga og fangaverði en ekki í höfuðstöðvum fangelsismálastofnunar á Seltjarnarnesi, því þar gerast ekki hlutirnir.“

Gunnar Hrafn Jónsson, þingmaður Pírata, segir mikilvægt að gera bragarbót á stöðu fangelsismála.

„Eins og staðan er núna eru margir fangar fársjúkir. Við eigum að sjá sóma okkar í því að sinna fólki með þennan tvíþætta vanda, fíknivanda og geðsjúkdóma. Margir fangar í dag eiga frekar heima á sjúkrastofnunum en í fangelsi. Þetta þurfum við að laga.“

Guðmundur Gíslason, forstöðumaður fangelsisins á Akureyri, segir fangelsið ekki geta tryggt það að fangar svipti sig ekki lífi. Vistarverur þeirra á Akureyri eru allajafna búnar nútíma þægindum.

„Ef vilji er fyrir hendi geta fangar tekið eigið líf. Í klefum sínum eru þeir með sjónvörp, eigin fatnað, rúmföt og handklæði og hvaðeina,“ segir Guðmundur.

Andlátið í gær er nú til rannsóknar hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Akureyri. **sveinn@frettabladid.is**




**Fanginn afplánaði fimm ára dóm fyrir kynferðisbrot í Hrísey sumarið 2015.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Staðan bágborin að mati dómsmálaráðherra

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, var upphafsmaður sérstakrar umræðu á þingi í gær um stöðu fanga. Taldi hún alvarlega annmarka á fangelsismálum.

„Það vita allir sem fylgjast með þessum málaflokki að það er brýn þörf á fleiri sálfræðingum í fangelsi. Nú eru aðeins tveir sálfræðingar sem eiga að sinna landinu öllu og ég hef fyrir því öruggar heimildir að fangar á Akureyri fái enga slíka þjónustu,“ sagði Birgitta og taldi það sjálfsagðan hlut að sálfræðiþjónusta væri hluti af daglegu starfi fangelsisins á Akureyri.

Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra segir endurkomutíðni fanga í íslensk fangelsi vera góða í norrænum samanburði. Hins vegar sé staðan ekki góð. „Staða geðsjúkra fanga og þeirra sem þurfa á þjónustu geðlækna að halda er bágborin, það verður bara að segjast eins og er,“ bendir Sigríður á en segir erfitt að manna stöður sálfræðinga. „Það liggur fyrir að þessa þjónustu þarf að bæta. Það eru í dag tvö stöðugildi sálfræðinga. Það hefur verið erfitt að manna þær stöður en Fangelsismálastofnun hefur metið það sjálf að stór hluti fanga þurfi einhvers konar meðferð ef vel á að vera til að draga úr endurkomutíðni í fangelsum.“






GAMMA GLOBAL INVEST:
Alþjóðleg eignadreifing í einum sjóði
GAMMA Global Invest er nýr sjóður sem er skráður í evrum og gerir almenningi kleift að fjárfesta erlendis. Fjárfestar geta þannig náð markmiðum um alþjóðlega eignadreifingu í einum sjóði.
Samstarf við öflugustu fjármála-fyrirtæki í heimi tryggir GAMMA Global Invest aðgang að fjölda fjárfestingarkosta sem skilar sér í hagkvæmri eignadreifingu, bæði á milli eignaflokka og landssvæða.
Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað.
NÁNARI UPPLÝSINGAR / 519 3300 / GAMMA@GAMMA.IS / GAMMA.IS
GAMMA
REYKJAVÍK / LONDON
Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með hlutdeildarskírteini. GAMMA: Global Invest er sjóðsdeild í Fjárfestingarsjóði GAMMA skv. lögum nr. 128/2011. Rekstrarfélag sjóðsins er GAMMA Capital Management hf. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu, reglum og lykilupplýsingum (KIID), sem nálgast má á vefsvæði GAMMA eða á skrifstofu félagsins og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér þessar upplýsingar nánar. Kaupum á hlutdeildarskírteinum sjóðsins fylgir nokkur hætta á verðsveiflum en áhættumælikvarðinn getur breyst án fyrirvara.

# Evrópuráðið biðjist forláts á að tengja Framsókn við hatursumræðu

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur lagt til að starfandi framkvæmdastjórn flokksins fari fram á leiðréttingu og afsökunarbeiðni frá Evrópuráðinu vegna skýrslu nefndar ráðsins gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi (ECRI) um Ísland.

Í skýrslunni er því meðal annars haldið fram að í sveitarstjórnarkosningum ársins 2014 hafi Framsóknarflokkurinn gert andstöðu við mosku og múslima að sínum helstu baráttumálum. Kosningabaráttan hafi einkennst af æstri orðræðu gegn múslimum.

Í pistli sínum á Facebook skrifaði Sigmundur að vel hafi verið tekið í tillöguna. „Það hlýtur að vera óásættanlegt fyrir Framsóknarflokkinn að þúsundir saklausra flokksmanna séu sakaðir um „hatursorðræðu“ í alþjóðlegri skýrslu,“ skrifar hann jafnframt.

Þá skrifar Sigmundur að svo virðist sem heimildir skýrsluhöfunda virðist eingöngu byggjast á slúðri og skrifum hatursmanna flokksins í dreifibréfi.

„Greinargerðin er furðulegt fyrirbæri. Einstaklega illa unnin og illa skrifuð. Ólíklegt er að nemandi í framhaldsskóla kæmist upp með sambærileg vinnubrögð við ritgerðarskrif,“ skrifar Sigmundur.

Þá skrifar Sigmundur að ef rétt reynist að einhverjir í íslenska stjórnkerfinu eða borgarstjórn hafi lagt blessun sína yfir skýrsluna sé það alvarlegt mál sem sé ekki með nokkru móti hægt að láta óátalið.

> Það hlýtur að vera óásættanlegt fyrir Framsóknarflokkinn að þúsundir saklausra flokksmanna séu sakaðir um „hatursorðræðu“ í alþjóðlegri skýrslu.
>
> Sigmundur Davíð Gunnlaugsson þingmaður



Nefndin sjálf skrifar Sigmundur að sé samsett af einum fulltrúa hvers aðildarríkis Evrópuráðsins.

„Allt virðist það vera fólk með sömu pólitíska sýn á málaflokkinn.“ Skýrslur hennar virðist svo unnar að nokkrir nefndarmanna fari til eins lands í einu, „spjalli við heimamenn sem hafa sömu sýn á hlutina og nefndarmennirnir sjálfir og skrifi svo skýrslu upp úr hvaða sneplum sem eða slúðri sem dugar til að réttlæta fordóma nefndarmanna“. – **þea**

## Felldu síðustu tillögu Hildar

**REYKJAVÍK** Síðasta tillaga Hildar Sverrisdóttur sem borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins var felld í borgarstjórn í gær. Hildur er sest á Alþingi.



**Hildur Sverrisdóttir þingmaður**

Hildur lagði til að borgarstjórn beindi þeim tilmælum til Alþingis að hafa í huga að áfengisverslun styddi við markmið aðalskipulags Reykjavíkur um sjálfbærari hverfi.

Hildur segir áfengi algenga neysluvöru. „Þar sem meirihluti borgarbúa getur ekki nálgast þá neysluvöru innan síns hverfis, eða í göngufæri, vinnur sá punktur gegn þessu markmiði aðalskipulags,“ sagði Hildur. – **þea**

## Sextíu prósent fleiri ferðamenn það sem af er ári

**FERÐAÞJÓNUSTA** Um 148 þúsund erlendir ferðamenn fóru frá Íslandi í febrúar samkvæmt talningu Ferðamálastofu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það eru 47.600 fleiri en í febrúar á síðasta ári.

Aukningin nemur 47 prósentum milli ára. Frá áramótum hafa 284 þúsund erlendir ferðamenn farið úr landi um Keflavíkurflugvöll sem er 59 prósenta aukning miðað við sama tímabil í fyrra.

Bretar og Bandaríkjamenn voru um helmingur ferðamanna en Bretar voru 32 prósent og Bandaríkjamenn 19,5 prósent af heildarfjölda. Bandaríkjamönnum fjölgaði langmest milli ára í febrúar eða um 77 prósent. – **jhh**

# Bauðst staðgreiðsla fyrir húsið

**Hæsta tilboð í Kirkjuhúsið hljóðaði upp á staðgreiðslu. Kirkjuráð hafnaði því sem og öllum öðrum. Heldur starf kirkjunnar því áfram á Laugavegi. Einn meðlimur kirkjuráðs segir miður að söluferlið hafi farið svona.**



Stefán Magnússon, sr. Elínborg Gísladóttir, Agnes Sigurðardóttir, Svana Helen Björnsdóttir og sr. Gísli Gunnarsson eru í kirkjuráði. MYND/KIRKJAN

**FASTEIGNIR** Tilboð M3 Capital ehf. í Kirkjuhúsið var staðgreiðslutilboð en ekki hefur fengist upp gefið hvað tilboðið hljóðaði upp á. Kirkjuráð hafnaði því, og reyndar öllum öðrum tilboðum, á þeirri forsendu að þau uppfylltu ekki væntingar.

Þegar húsnæðið við Laugaveg 31 var auglýst til sölu var búist við að eignin færi á yfir milljarð.

Sverrir Kristinsson, fasteignasali hjá Eignamiðlun, sagði þá að ekki væri hægt að áætla verðið út frá meðalverði á atvinnuhúsnæði í miðbænum. „Þetta er eitt allra fallegasta húsið í miðborg Reykjavíkur og er ein af þessum gulleignum í bænum – þetta fer í hæsta flokk,“ sagði Sverrir í lok janúar þegar húsið var auglýst til sölu.

Lengi hefur verið rætt innan raða kirkjunnar að selja húsið en það er 1.542 fermetrar, á fjórum hæðum með kjallara og komið að viðhaldi.

Klofningur varð í atkvæðagreiðslu um söluna í kirkjuráði síðastliðinn föstudag. Þrír af fimm ráðsmönnum greiddu tillögu Agnesar Sigurðardóttur biskups atkvæði, en hún er forseti ráðsins. Gísli Gunnarsson sat hjá og Stefán Magnússon var á móti.

Stefán segir að tilboðið hafi verið gott og engin ástæða til að hafna því. „Þetta mál blasir við mér þannig að það er búið að tala lengi um að selja eignina og kirkjuráð ákvað í janúar að auglýsa hana til sölu. Að sjálfsögðu var það bundið því að það kæmi ásættanlegt tilboð. Það tilboð sem var hæst var mjög ásættanlegt, gott og ástæða til að taka því,“ segir hann.

> Það tilboð sem var hæst var mjög ásættanlegt, gott og ástæða til að taka því.
>
> Stefán Magnússon, fulltrúi leikmanna í kirkjuráði

Stefán vildi taka tilboðinu og var sá eini sem hafði þann vilja. „Það er miður að þetta fór svona.“

benediktboas@365.is

### Biskupsstofa flutti á Laugaveg 31 þegar Kristnisjóður keypti húsið 1994

- Kirkjuhúsið - Laugavegur 31
- Kaupmaðurinn Marteinn Einarsson lét byggja húsið árið 1928.
- Húsið er nú 1.542 fermetrar, á fjórum hæðum með kjallara.
- Útlit hússins breyttist nokkuð þegar Alþýðubankinn keypti það árið 1972.
- Í skýrslu kirkjuráðs fyrir Kirkjuþing árið 2007er fyrst talað um að húsið sé óhentugt fyrir starfsemina.
- Í greinagerð kirkjuráðs í janúar er bókað að betra sé að binda frekar fé í eignum sem nýtast í kirkjulegu starfi en leysa þörf fyrir skrifstofurými biskupsembættisins.





ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.FIAT.IS



# ÖFLUGIR INNVIÐIR
## LÍFÆÐAR SAMFÉLAGSINS

# IÐNÞING
2017

**Silfurberg, Harpa fimmtudaginn 9. mars kl. 14.00–16.30**

**Öflugir innviðir eru undirstaða hagvaxtar** og velferðar og skila fjölbreyttum og góðum störfum til samfélagsins. Við þurfum skýra langtímasýn á uppbyggingu innviða. Mikilvægt er að sú uppbygging sé stöðug og jöfn hvort sem um er að ræða vegakerfið, flugvelli, ljósleiðara, mannauðinn, fjarskipti eða raforkuflutninga.

**Samkeppnishæfni Íslands er í húfi – öflugir innviðir eru lífæðar samfélagsins.**

## Dagskrá

- ***Ávarp formanns SI*** – Guðrún Hafsteinsdóttir

  ***Ávarp ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra***
  Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

- **Glímt við þjóðveginn – Samgöngur og uppbygging**
  **Ásthildur Sturludóttir**, stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur
  **Baldvin Einarsson**, framkvæmdastjóri hjá Eflu
  **Gylfi Gíslason**, framkvæmdastjóri JÁVERK
  **Jón Gunnarsson**, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

- **Ég á mér draum um straum – Raforka og orkuskipti**
  **Guðni A. Jóhannesson**, orkumálastjóri
  **Guðrún Halla Finnsdóttir**, verkefnastjóri viðskiptaþróunar hjá Norðuráli
  **Ragna Árnadóttir**, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar
  **Sveinn I. Ólafsson**, framkvæmdastjóri Verkís

- **Er ekki tími til kominn að tengja? – Samskipti og gögn**
  **Jóhann Þór Jónsson**, forstöðumaður viðskiptaþróunar og rekstrar hjá Advania
  **Orri Hauksson**, forstjóri Símans
  **Ragnheiður H. Magnúsdóttir**, viðskiptastjóri hjá Marel
  **Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

- **Farðu alla leið**
  – Markmið og metnaður
  **Almar Guðmundsson**, framkvæmdastjóri SI

*Allir velkomnir – **skráning á si.is***

SI Samtök iðnaðarins

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 17-0658














Mikill fjöldi erlendra verkamanna hefur komið hingað til lands í tengslum við verklegar framkvæmdir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Met í erlendu vinnuafli

**Yfir tuttugu þúsund erlendir ríkisborgarar eru í vinnu hér á landi, mun fleiri en í síðustu efnahagsuppsveiflu. Íslendingar eru allt of fáir til að mæta miklum vexti.**

**ATVINNULÍF** Aldrei hafa fleiri erlendir ríkisborgarar verið á vinnumarkaði hér á landi en nú. Erlendir ríkisborgarar skipa nú 10,3 prósent af vinnumarkaðnum. Tvö þúsund fleiri erlendir starfsmenn eru á landinu en voru þegar síðasta hápunkti var náð árið 2008.

Samkvæmt tölum sem Vinnumálastofnun tók saman voru 20.273 erlendir starfsmenn hér á landi í lok árs 2016. Í síðustu efnahagsuppsveiflu náði fjöldi erlendra starfsmanna hámarki árið 2008 þegar þeir voru 18.357 talsins. Ári áður voru þeir rúmlega 16 þúsund og árið 2006 ríflega 12 þúsund. Á þeim tíma stóð meðal annars yfir bygging Kárahnjúkavirkjunar sem hafði í för með sér mikinn innflutning á erlendu vinnuafli.

„Við erum með sveiflukennt hagkerfi sem er fyrst og fremst ástæðan fyrir því að við fáum svona mikinn innflutning á erlendu vinnuafli með reglulegu millibili. Það væri heppilegra fyrir okkur ef þetta væri jafnari uppbygging í byggingariðnaði,“ segir Karl Sigurðsson, sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun.

Tiltölulega lítil fækkun varð í liði erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði í kjölfar efnahagshrunsins. Lægst varð hlutfallið árið 2012 þegar 8,2 prósent vinnumarkaðsins voru skipuð erlendum ríkisborgurum, samtals 14.683 talsins.

„Það fóru mun færri af landi brott en reiknað var með. Þessi sprenging sem er að verða núna er því að koma ofan á það sem var fyrir,“ segir Karl. Hann segir horfur benda til þess að erlendu vinnuafli haldi áfram að fjölga. Íslendingar séu einfaldlega of fáir til að sinna öllum þeim störfum sem inna þarf af hendi. „Við höfum í raun ekkert vinnuafl innanlands til að mæta frekari vexti í byggingariðnaði. Það er helst að menn horfi til þess að Íslendingar sem fluttu til Noregs eftir hrun muni í einhverjum mæli koma heim.“

Þá hefur atvinnuleysi hér á landi verið í lágmarki en atvinnulausir erlendir ríkisborgarar voru 917 talsins í loks ársins og þar með 21,2 prósent af öllum atvinnulausum á landinu. **snaeros@frettabladid.is**

**Erlent vinnuafl á Íslandi**




# Aukin eftirspurn gerir örðugt að tryggja heimilum og smáfyrirtækjum raforku

**ORKUMÁL** Hætta er á að í framtíðinni verði erfiðara að tryggja framboð á raforku fyrir íslensk heimili og lítil og meðalstór fyrirtæki. Ástæðan er einkum sú að eftirspurn stórnotenda eftir raforku vex og því sífellt ákjósanlegra fyrir framleiðendur að selja stórnotendum raforku í stað þess að selja smærri fyrirtækjum eða heimilum.

Þetta kemur fram í skýrslu sem fyrirtækið Copenhagen Economics gerði um íslenska raforkumarkaðinn. Skýrslan var kynnt á morgunverðarfundi Landsvirkjunar á Reykjavík Hilton Nordica í gær.

Í skýrslunni segir að þar til núna hafi notendur á heildsölumarkaði, það er smærri fyrirtæki og heimili, getað verið öruggir um rafmagn vegna þess hversu hátt verð hefur fengist á þeim markaði miðað við það sem stórnotendur hafa greitt.

Þannig hafi verið hvati fyrir framleiðendur að sinna þessum markaði. Vegna aukinnar eftirspurnar nýrra samninga við stórnotendur með hagstæðu verði fyrir framleiðendur sé þessi verðmunur að minnka.


Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

Þegar verð sem stórnotendur greiða færist nær því verði sem heimili og smærri og meðalstór fyrirtæki greiða er minni hvati fyrir framleiðendur að sinna síðarnefnda markaðnum. Þetta þýðir að verð á raforku til heimila og smærri fyrirtækja gæti hækkað.

Í skýrslunni kemur líka fram að það þurfi að skilgreina betur með lögum ábyrgðina á því að fylgjast með og tryggja smærri notendum framboð á raforku. „Það vantar skýra umgjörð um það hvernig er haldið utan um þessi mál. Eins og staðan er í dag þá er enginn að vakta þetta og enginn sem hefur úrræði til að bregðast við þessu. Þetta hefur í raun og veru bara gleymst í raforkulögunum,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, í samtali við Fréttablaðið. Hann segir að áður fyrr hafi raforkuverð til heimila verið miklu hærra en til stórnotenda og vandinn því leyst sig sjálfur.

„En núna erum við að halda verðinu til heimila niðri og því hefur verið haldið niðri í mörg ár,“ segir hann.

Hörður segir ýmsar leiðir færar til að leysa vandann og það þurfi að fara fram umræða um það meðal hagsmunaaðila. „En ég held að það þurfi að vera skylda að afhenda inn á þennan markað. Það er ekki nóg að láta markaðslögmálin gilda heldur þurfa framleiðendur líka að hafa skyldur gagnvart smærri notendum,“ segir hann.

**jonhakon@frettabladid.is**




VERÐ FRÁ:

**2.850.000** kr.

Eyðsla frá 3,2 l/100 | $CO_2$ losun frá 84 g/km

## BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU

Gæði Peugeot 308 heilla þig strax enda var hann valinn bíll ársins í Evrópu. Nútímaleg hönnun hans og útlit fangar athygli þína og við nánari kynni fellur maður kylliflatur fyrir smáatriðunum og notagildinu. Stílhrein og djörf útlitseinkennin, skilvirku vélarnar og framúrskarandi tæknin gera hann að bíl sem uppfyllir allar kröfur þínar og væntingar. Upplifðu Peugeot og þú munt sannfærast um gæði hans.

## PEUGEOT 308

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Spenna magnast vegna tilburða Norður-Kóreu

**Bandaríkin senda flugskeytabúnað til Suður-Kóreu. Öryggisráðið kallað saman til að ræða flugskeytatilraunir Norður-Kóreu. Morðið á hálfbróður Kim Jong-Un eykur spennuna og Norður-Kórea bannar Malasíumönnum að yfirgefa landið.**

**NORÐUR-KÓREA** Bandaríkin hafa sent til Suður-Kóreu búnað til að skjóta upp flugskeytum. Einnig hafa þau sent þangað búnað til að koma þar upp öflugum flugskeytavörnum.

Bandarísk og suðurkóresk stjórnvöld skýrðu frá þessu í gær, daginn eftir að Norður-Kórea skaut fjórum flugskeytum á loft, sem öll höfnuðu í hafinu skammt frá Japan.

Norður-Kóreustjórn er að vonum harla ósátt við þetta en bæði Kína og Rússland hafa einnig mótmælt þessum hernaðarframkvæmdum Bandaríkjanna í Suður-Kóreu.

Flugskeytatilraunir Norður-Kóreu hafa sömuleiðis fengið hörð viðbrögð og hefur Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna verið kallað saman, að kröfu Japans og Bandaríkjanna, og er stefnt á fund í dag.

Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, sagði framferði Norður-Kóreu vera afar hættulegt og Boris Johnson, utanríkisráðherra Bretlands, skorar á Norður-Kóreu að hætta að ögra umheiminum með þessum hætti. Hann sagði flugskeytatilraunirnar vera brot á fjölmörgum ályktunum Öryggisráðsins.

Öryggisráðið hefur undanfarin ár sent frá sér þó nokkrar ályktanir þar sem hernaðarbrölt Norður-Kóreu, einkum tilraunir með flugskeyti og kjarnorkusprengjur, er fordæmt og refsiaðgerðir samþykktar.

Það hafði meðal annars þau áhrif að í síðasta mánuði skýrði Kínastjórn frá því að öllum innflutningi á kolum frá Norður-Kóreu verði hætt. Þetta segja Kínverjar gert til að uppfylla refsiákvæði í ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá því í haust.

Áhrifin á efnahag Norður-Kóreu verða væntanlega mikil, því allt upp undir 40 prósent af útflutningstekjum landsins hafa komið af kolasölu, og megnið af því hefur farið til Kína.

Þessi ákvörðun Kínastjórnar gæti því hæglega orðið upphafið að endalokum margra áratuga einræðisstjórnar í Norður-Kóreu, sem Kim Jong-Un fékk í arf frá föður sínum og afa, þeim Kim Jong-Il og Kim Il-Sung.

Morðið á Kim Jong-Nam, hálfbróður núverandi leiðtoga landsins, í Malasíu í síðasta mánuði hefur enn frekar aukið á spennuna milli Norður-Kóreu og umheimsins.

Nýjustu vendingar í þeim málum er ákvörðun Norður-Kóreu um að banna malasískum ríkisborgurum að yfirgefa landið, sem Malasíustjórn svaraði svo í sömu mynt með því að banna norðurkóreskum ríkisborgurum að yfirgefa Malasíu.

gudsteinn@frettabladid.is



Malasískur lögreglumaður lokar innganginum að sendiráði Norður-Kóreu í Kúala Lúmpúr. Sendiráðsstarfsmenn mega ekki yfirgefa svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Atburðarásin í kjölfar morðsins á Kim Jong-Nam




LJÓSMYNDIR: AP OG LÖGREGLAN Í MALASÍU




Ef þú ert að leita að rúmgóðum bíl er Golf Variant Metan svarið. Hann er umhverfisvænn, fær frítt í stæði, gengur bæði fyrir metani og bensíni og kemur þér allt að 1.300 km á áfyllingunni. Skiptu yfir í Golf Variant Metan og láttu fara vel um þig og þína.

**Golf Variant Trendline 1.4 TGI Metan beinskiptur:**
**3.190.000 kr.**
**Sjálfskiptur: 3.390.000 kr.**

Volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
POLO
RALPH LAUREN
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
collezione
bugatti
Stenströms
BELLINI
collezione
LLOYD
Herra lagerinn outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
40-60%
afsláttur
af öllum vörum
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

# Neyðarkall



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Þegar á reynir hefur þessi þjóð oftar en ekki haft þann háttinn á að standa saman. Blessunarlega, því saman getum við staðið af okkur storma, stórhríð og grábölvað mótlæti sem engin sála getur staðið af sér ein og óstudd. Við erum fámenn þjóð og návígi okkar við þá sem glíma við erfiðleika því mikið og efalítið er það ein helsta forsenda þessarar samkenndar. Þar sem ógæfan heggur þá heggur hún okkur nærri.

Því miður er það þó þannig að við sem samfélag gerum greinarmun á ógæfu og ógæfu, veikindum og veikindum. Á þetta benti Gunnar Hrafn Jónsson, þingmaður Pírata, í afar athyglisverðri grein hér í Fréttablaðinu um síðustu helgi. Gunnar Hrafn hefur frá unglingsaldri glímt við sjúklegt þunglyndi sem er að sönnu lífshættulegur sjúkdómur en engu að síður eru viðbrögð samfélagsins allt önnur en ef sjúkdómurinn væri af öðrum toga en geðrænum. Árlega falla tugir einstaklinga fyrir eigin hendi, eða öllu heldur fyrir þessum erfiðu sjúkdómum, en þrátt fyrir það virðast þeir sem veikjast af geðsjúkdómum vera settir aftar á merina en aðrir.

Gunnar Hrafn leggur áherslu á að til þess að bæta úr þessu þurfi stjórnvöld að grípa strax til aðgerða og Alþingi að lyfta sér upp yfir flokkspólitík. Það eru því mikil vonbrigði að sjá Óttar Proppé heilbrigðisráðherra vísa til stjórnarsáttmála, minna á stjórnarkreppu og hafna því að málaflokkurinn sé í lamasessi. Ástandið er þó þannig að með endurbótum og raunverulegu forvarnarstarfi gætum við mögulega bjargað tugum mannslífa á viku. Ef þetta væri spurning um fólk sem hefði týnst á fjöllum þá væri án efa búið að kalla út björgunarsveitirnar okkar fyrir löngu. En hversu slæmt þarf ástandið að vera til þess að heilbrigðisráðherra taki ákvörðun um að kalla út björgunarsveitirnar fyrir geðsjúka? Hver er viðbragðstími ráðherra gagnvart þessu neyðarkalli?

Það eitt að tryggja að bráðamóttaka geðdeildar Landspítalans sé opin allan sólarhringinn, alla daga ársins en ekki aðeins á skrifstofutíma gæti mögulega bjargað fjölda mannslífa. Mannslífa sem eru búin að gera nóg af því að bíða og þurfa ekki á því að halda að bíða eftir aðgerðaáætlunum eins ágætar og jafnvel nauðsynlegar og þær geta verið. Því auðvitað þurfa að koma til róttækar endurbætur á þessum málaflokki innan heilbrigðiskerfisins en á meðan mannslíf eru í hættu er auðvitað ekki forsvaranlegt að gera þá kröfu til sjúklinga að þeir haldi sig við brýnustu neyð á skrifstofutíma.

Óttarr Proppé hefur tækifæri til þess að vera ráðherra málaflokksins og fólksins sem þarf á honum að halda, fremur en ráðherra ríkisstjórnarinnar. En til þess þarf hann að finna hjá sér hugrekki til þess að berja í ríkisstjórnarborðið og grípa til aðgerða án tafar og svara neyðarkalli þeirra sem glíma við geðsjúkdóma. Það hlýtur að vera krafa þjóðar sem lætur sig farsæld, líf og öryggi meðborgara sinna varða að ráðamenn geri sitt til þess að bjarga mannslífum þegar það er gerlegt. Þetta er neyðarkall.

**Það hlýtur að vera krafa þjóðar sem lætur sig farsæld, líf og öryggi meðborgara sinna varða að ráðamenn geri sitt til þess að bjarga mannslífum þegar það er gerlegt.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Rammarimmurnar**
**Ragnheiður Elín Árnadóttir, fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, tilkynnti á Facebook á dögunum að hún hefði fengið vinnu og gengið til liðs við bandarísku hugveituna Atlantic Council þar sem hún mun starfa sem sérfræðingur í orkumálum. Í frétt á síðu hugveitunnar er lýst mikilli ánægju með ráðninguna og vísað til mikilvægis umhverfissjónarmiða. Ragnheiður Elín hafi verið leiðandi í íslensku samfélagi þar sem endurnýjanlegir orkugjafar og sjálfbærni í orkumálum séu stórir póstar. Líklega hafa forsvarsmenn Atlantic Council lítið heyrt af málum tengdum rammaáætlun á síðasta kjörtímabili. Falli Jón Gunnarsson af þingi í næstu kosningum veit hann hvar hann gæti sótt um.**

**Biðlaunin búin**
**Þótt það sé ánægjuefni fyrir Ragnheiði Elínu að hafa fengið vinnu þá er það ekki síður ánægjulegt fyrir skattgreiðendur að biðlaunatíminn sé senn á enda. Alþingismenn sem hætta eiga enda rétt á biðlaunum í þrjá mánuði hafi þeir setið á þingi í eitt kjörtímabil en í sex mánuði hafi þeir setið í tvö eða fleiri. Það má því reikna með tíðum tilkynningum um að hinn og þessi þingmaðurinn hafi fundið sér starf þegar líður að maí. Þangað til njóta fallnir þingmenn frísins.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Upprætum kynskiptan vinnumarkað



Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

Uppræting hins kynskipta vinnumarkaðar er eitt af stóru verkefnunum í baráttunni fyrir jafnri stöðu og jöfnum möguleikum kvenna og karla. Þetta er ofarlega í huga í dag, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna.

Við þurfum að beina auknum kröftum að því að vinna gegn einni af stærstu ástæðunum fyrir launamun kynjanna, sem er mikil kynjaskipting á vinnumarkaði. Það þekkja flestir að konur eru í miklum meirihluta í uppeldis- og umönnunarstörfum á meðan karlar eru í verk- og tæknigreinum.

Við búum í samfélagi þar sem hugmyndir um hlutverk kynjanna og staðalímyndir eru rótgrónar. Þessi sýn samfélagsins og einstaklinganna hefur talsverð áhrif á námsog starfsval ungra kvenna og karla.

Þegar við horfum á börnin okkar og barnabörnin vaxa úr grasi erum við örugglega öll sammála um að þessu unga fólki séu allir vegir færir. Að allir hafi möguleika til að gera það sem þeir vilja í lífinu. Það sem hins vegar gleymist í umræðunni er sú staðreynd að náms- og starfsval stýrist meðal annars af kynferði einstaklinga.

Ef þeir sem starfa í ákveðinni starfsstétt eru að miklum meirihluta af öðru kyninu takmarkar það líkurnar á því að einstaklingar af hinu kyninu velji sér þann starfsvettvang. Þetta þýðir að valmöguleikarnir eru færri og takmarka frelsi einstaklingsins.

Við verðum að vinna að fjölbreyttum langtímaaðgerðum á öllum stigum skólakerfisins og á vinnumarkaðnum í heild til að breyta þessu. Því vil ég fagna framtakinu #kvennastarf sem er átak í niðurbroti úreltra hugmynda um náms- og starfsval kynjanna og til að benda ungu fólki á möguleikana sem eru fólgnir í fjölbreyttu námsog starfsvali.

Það er þó einnig vert að benda á mikilvægi foreldra í þessum efnum. Rannsóknir sýna að foreldrar hafa mikil áhrif á náms- og starfsval. Í sumum tilfellum geta þeir verið aðaláhrifavaldurinn. Það er mikilvægt að stuðningur sé fyrir hendi þegar börnin okkar vilja fara óhefðbundnar leiðir og ekki síður að þau séu upplýst um alla náms- og starfsmöguleika.

**Við þurfum að beina auknum kröftum að því að vinna gegn einni af stærstu ástæðunum fyrir launamun kynjanna, sem er mikil kynjaskipting á vinnumarkaði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is ADSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Breytum hugarfarinu – og kynjakerfinu



Kristín Ástgeirsdóttir
framkvæmdastýra Jafnréttisstofu

Árið 1910 var ákveðið á þingi sósíalískra kvenna í Kaupmannahöfn að gera 8. mars að alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Löngu síðar tóku Sameinuðu þjóðirnar daginn upp á sína arma og nú er hann notaður til ýmiss konar baráttu fyrir mannréttindum kvenna um allan heim.

Undanfarin átta ár hefur Ísland verið í efsta sæti jafnréttislista World Economic Forum. Það sem er mælt er kynjabilið á sviði menntunar, heilbrigðis, pólitískra valda og stöðu á vinnumarkaði. Við getum hælt okkur af því að hafa stigið stór skref hvað varðar pólitíska þátttöku kvenna á undanförnum 35 árum eða svo, en konur eru nú 44% sveitarstjórnarmanna og tæp 48% þingmanna. Menntun kvenna hefur aukist gríðarlega, svo mikið að það er fremur áhyggjuefni hve fáir karlar ljúka háskólanámi. Staðan er þannig nú að 48% kvenna á aldrinum 25-64 ára eru með háskólamenntun en aðeins 33% karla. Aðgangur að heilbrigðisþjónustu er nokkuð jafn milli kvenna og karla þótt við mættum ræða meira um þann mun sem er á lífsstíl og sjúkdómum kvenna og karla og greina hann. Á fjórða sviðinu sem WEF skoðar, vinnumarkaðnum og hagkerfinu, eru margir pottar brotnir og þar hallar verulega á konur.

**Skoðum allt kerfið**

Á ráðstefnu sem haldin var í Ósló í febrúar síðastliðnum kom fram að litlar breytingar hafa orðið á jafnrétti kynjanna á norrænum vinnumarkaði um árabil. Vinnumarkaðurinn er enn jafn kynskiptur og hann var fyrir áratugum, karlar stýra og stjórna miklum meirihluta fyrirtækja og hafa mikil völd. Ísland og Noregur skera sig þó úr hvað varðar þau fyrirtæki sem falla undir lögin um kvóta í stjórnum fyrirtækja. Launamunur kynjanna haggast lítið (hvað sem hver segir) en hann felst ekki aðeins í því að fólki sem vinnur jafn verðmæt störf sé mismunað eftir kyni heldur einnig í því hvernig störf eru metin. Þau störf sem fluttust út af heimilunum endur fyrir löngu eru enn metin til færri fiska en þau sem t.d. tengjast vélum að ekki sé nú talað um peninga. Verðmætamat samfélagsins elur á launamisrétti.

Einn fyrirlesara á ráðstefnunni í Ósló, Lynn Roseberry, sagði að tækin sem við værum að nota, t.d. kynjasamþætting, starfs- og launaviðtöl dygðu skammt vegna þess hve rótgróið kynjakerfið er í hugum okkar. Bara nafn, kvenkyns eða karlkyns, skapar strax ákveðin hugrenningatengsl. Það þarf að horfa á myndina í heild, sagði Roseberry, breyta hugsunarhættinum með því að skoða allt kerfið. Byrja á uppeldi barna, endurmennta kennara, skoða námsefni í skólum, efla jafnréttisráðgjöf, stunda rannsóknir og endurskoða hvernig fólk er ráðið í störf. Svo væri það félagslega hliðin sem skipti miklu máli. Fæðingarorlof, lífeyrisréttindi, skattar, leik- og grunnskólar, allt er þetta mikilvægt við að jafna stöðu kynjanna. Hún sagði að það væri eftir miklu að slægjast fyrir vinnumarkaðinn. Meiri fjölbreytni, meiri nýsköpun og betri nýting á mannauðnum þýðir öflugra atvinnulíf. Þetta þurfum við að hafa í huga við lögleiðingu jafnlaunastaðalsins, fólk þarf að skilja hvers vegna er nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að útrýma kynjamisrétti.

**Félagslega kerfið er mikilvægt**

Það er vert að taka sérstaklega undir þau orð Roseberry hve mikilvægt félagslega kerfið er. Góðir og vel mannaðir leik- og grunnskólar, samfelldur skóladagur, fæðingarorlof sem bæði feður og mæður geta nýtt sér og jöfn skipting heimilisstarfa. Allt er þetta mikilvægt. Við þurfum líka að ganga á hólm við (kynjaða) aldursfordóma, bæði til að gefa þeim sem vilja vinna lengur tækifæri til þess og til að nýta mannauðinn betur. Það þarf að jafna lífeyrisréttindi kvenna og karla en úti í Evrópu er mikil umræða um þau mál og beint á sívaxandi hóp fátækra kvenna sem hefur lélegan lífeyri í ellinni.

Átta ár á toppnum, en það er svo sannarlega af nógu að taka við að breyta kynjakerfinu, jafna kjörin og tryggja öllum mannréttindi og viðunandi lífsgæði. Takið þátt í viðburðum dagsins og eflum baráttuandann.







## Au revoir Wenger




**Mælirinn fullur** Stuðningsmenn Arsenal mótmæltu fyrir utan Emirates-völlinn fyrir leik Arsenal og Bayern München í Meistaradeild Evrópu í gær. Þeir eru óánægðir með knattspyrnustjórann Arsene Wenger og vilja að hann fari. Arsenal tapaði leiknum 1-5, eftir að hafa verið 1-0 yfir í hálfleik, og einvíginu samanlagt 10-2. Þetta er sjöunda árið í röð sem Arsenal fellur úr leik í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY




# Tekst Barcelona hið ómögulega?

**Barcelona þarf að klífa fjall á heimavelli sínum í Meistaradeildinni í kvöld er PSG kemur í heimsókn.**

**FÓTBOLTI** Það getur allt gerst í íþróttum er stundum sagt. Því verða leikmenn Barcelona að trúa í kvöld er þeir reyna að vinna upp 4-0 forskot franska liðsins PSG frá því í fyrri leik liðanna í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar.

Það eru klárlega margir búnir að afskrifa Katalóníuliðið en stuðningsmenn Barcelona eru ekki þeirra á meðal. Þeir hafa verið duglegir að minna sína menn á það í síðustu leikjum að allt sé hægt. Því hefur Barcelona-liðið svarað með því að skora fimm og sex mörk í síðustu leikjum sínum. Það gefur einhverjum von þó svo andstæðingur kvöldsins séu talsvert sterkari en síðustu tveir.

### Þurfa að endurskrifa söguna

Það er ekki bara að Barcelona þurfi að skora fjögur mörk í kvöld heldur þarf liðið að gera það gegn vörn sem er búin að halda hreinu í fjórum af síðustu fimm leikjum sínum. Barcelona á aftur á móti Lionel Messi, Neymar og Luis Suarez sem er líklega besta sóknartríó allra tíma. Enginn þeirra náði þó skoti á markið í fyrri leiknum.

Ef Barcelona ætlar sér áfram þarf félagið að skrifa sögu Meistaradeildarinnar upp á nýtt. Ekkert lið í sögu deildarinnar hefur náð að snúa við 4-0 stöðu úr fyrri leik. Deportivo á metið, en liðið sneri 4-1 stöðu gegn AC Milan við með því að vinna síðari leikinn 4-0. Það var árið 2004.

„Ef eitthvert lið getur skorað fjögur mörk gegn okkur þá getum við skorað sex mörk á móti,“ sagði Luis Enrique, þjálfari Barcelona, kokhraustur. Það er til marks um sjálfstraustið í Barcelona-liðinu. Þeir trúa og hafa ekki lagt niður vopnin. Neymar er meðal annars sagður hafa veðjað við félaga sína að hann muni skora tvö mörk í leiknum en hann hefur skorað fimm mörk í fimm leikjum gegn PSG.

### Erfitt en ekki ómögulegt

„Þetta er frábær áskorun fyrir okkur en við verðum að vera þolinmóðir og verðum að halda haus. Við megum ekki hlaupa um eins og vitleysingar frá fyrstu mínútu,“ sagði Luis Suarez.

„Við viljum endurskrifa söguna og leikmenn vita hvað er í húfi. Þetta er erfitt en ekki ómögulegt. Við trúum því innilega að þetta sé hægt. Ef eitthvert lið getur skorað fjögur mörk þá er það Barcelona. Við verðum að halda okkur við okkar bolta og að spila við séum að spila við frábært lið.“

henry@frettabladid.is


**Lionel Messi þarf að sýna öll helstu töfrabrögðin í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**
*16-liða úrslit, síðari viðureign*

**Arsenal - Bayern 1-5**
1-0 Theo Walcott (20.), 1-1 Robert Lewandowski, víti (55.), 1-2 Arjen Robben (68.), 1-3 Douglas Costa (78.), 1-4 Arturo Vidal (80.), 1-5 Vidal (85.).
**Rautt spjald:** Laurent Koscielny, Arsenal (54.).
Bayern komst áfram, 10-2 samanlagt.

**Napoli - Real Madrid 1-3**
1-0 Dries Mertens (24.), 1-1 Sergio Ramos (51.), 1-2 Mertens, sjálfsmark (57.), 1-3 Álvaro Morata (90+1).

### ZLATAN Í ÞRIGGJA LEIKJA BANN



Zlatan Ibrahimovic var í gær úrskurðaður í þriggja leikja bann af enska knattspyrnusambandinu vegna olnbogaskotsins sem hann gaf Tyrone Mings í leik Manchester United og Bournemouth á laugardaginn. Zlatan missir af bikarleik gegn Chelsea og deildarleikjum gegn West Brom og Middlesbrough. Mings, sem traðkaði á höfðinu á Zlatan fyrir olnbogaskotið, var einnig kærður fyrir ofbeldisfulla hegðun.

### ORÐAÐUR VIÐ PICK SZEGED



Samkvæmt dönskum fjölmiðlum hefur ungverska stórliðið Pick Szeged áhuga á Stefáni Rafni Sigurmannssyni, hornamanni Álborg. Stefán Rafn gerði þriggja ára samning við Aalborg í sumar en hann kom til danska liðsins frá þýskalandsmeisturum Rhein-Neckar Löwen. Stefán Rafn hefur skorað 39 mörk í 17 leikjum fyrir Aalborg í vetur. Pick Szeged hefur tvisvar sinnum orðið ungverskur meistari og lent í 2. sæti ungversku deildarinnar undanfarin níu ár. Þá er liðið fastagestur í Meistaradeild Evrópu.

### MÆTA KÍNA Í LOKALEIKNUM



Ísland mætir Kína í leik um níunda sætið á Algarve-mótinu í dag. Þetta er síðasti leikur íslenska liðsins á mótinu. Ísland og Kína hafa mæst sjö sinnum áður, þar af sex sinnum á Algarve-mótinu. Tæpir fimm mánuðir eru síðan Ísland og Kína mættust á æfingamóti í Yongchuan í Kína. Þá gerðu liðin 2-2 jafntefli. Fanndís Friðriksdóttir og Katrín Ásbjörnsdóttir skoruðu mörk Íslands. Sú fyrrnefnda finnur sig jafnan vel gegn Kínverjum en þrjú af 10 mörkum Fanndísar fyrir íslenska landsliðið hafa komið gegn því kínverska. Leikurinn í dag hefst klukkan 18.30.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.05 | Keflavík - Skallagrím. | Sport 4 |
| 19.30 | Upphitun Meistarad. | Sport |
| 19.45 | Dortmund - Benfica | Sport |
| 19.45 | Barcelona - PSG | Sport 2 |
| 19.50 | Man. City - Stoke | Sport 3 |
| 21.45 | Meistaramörkin | Sport |

**Domino's-deild kvenna:**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Grindav. - Njarðv. | Mustad-h. |
| 19.15 | Keflavík - Skallagr. | TM-höllin |
| 19.15 | Stjarnan - Valur | Ásgarður |
| 19.15 | Haukar - Snæfell | Ásvellir |

# Sturtuveisla!




**Verðdæmi 70cm.** 27.455




**Verðdæmi 80x80 cm.** 35.900




Laus svunta




**Verðdæmi 70x70 cm.** 30.500




**Verðdæmi 80x80 cm.** 30.500




**Verðdæmi 70x70 cm** 29.600

**Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.**
**Rúnnaðir stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.**
**Kantaðir stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.**




**Verðdæmi 70 cm.** 24.880

## Gæði, úrval og gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

## Merkisatburðir

**1700** Tugir fiskibáta farast á fáum klukkustundum í „hastarlegu og hræðilegu stormviðri af útsuðri“ eins og segir í Vallaannál. Manntjónið er langmest við Reykjanesskaga. Alls drukkna 136 menn.
**1843** Alþingi er endurreist með tilskipun konungs. Starfsemi þess hefur legið niðri í rúma fjóra áratugi. Þingið kemur aftur saman 1. júlí 1845.
**1868** Jón Thoroddsen, sýslumaður og skáld, deyr 49 ára. Hann er þekktur fyrir skáldsögurnar Pilt og stúlku og Mann og konu en einnig fyrir kvæði sín.
**1927** Þess er minnst víða á Austurlandi að öld var liðin frá fæðingu Páls Ólafssonar skálds.
**1937** Fyrsta ópera sem tekin hefur verið til sýningar á Íslandi, Systirin frá Prag eftir Wenzel Müller, er frumsýnd í Iðnó.
**1944** Alþingi afgreiðir frumvarp um stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland, en þjóðaratkvæðagreiðsla um hana fer fram 20.-23. maí 1944.
**1978** Frímerki með mynd af Bríeti Bjarnhéðinsdóttur er gefið út á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Þetta er fyrsta íslenska frímerkið með mynd af nafngreindri konu.
**1983** Staðfest eru lög um að Ó, Guðs vors lands sé þjóðsöngur Íslendinga og að hann sé eign íslensku þjóðarinnar.



**Bríet Bjarnhéðinsdóttir var fyrsta nafngreinda konan sem prýddi íslenskt frímerki.**

# Stígamót fagna afmæli og baráttudegi kvenna

**Á þessum degi fyrir 27 árum voru samtökin Stígamót stofnuð og verður fagnað með opnu húsi þar sem boðið verður upp á kaffi og með því. Ýmislegt er fram undan hjá Stígamótum, til að mynda norræn ráðstefna sem verður haldin hér á landi og fleira.**

Í dag halda Stígamót upp á baráttudag kvenna og um leið 27 ára afmæli sitt. Samtökin hófu starfsemi sína á þessum degi árið 1990. Haldið verður upp á afmælið með sama hætti og venjulega, og þó.

„Það er alltaf opið hús hjá okkur frá fjögur til sex. Þar verður allt okkar vinafólk og velunnarar. Við erum að opna heimili okkar fyrir þeim sem vilja fagna með okkur.

Við höfum oftast haldið blaðamannafund þennan dag og kynnt ársskýrsluna okkar með niðurstöðum liðins árs en sú sem sá um tölfræðihlutann í ár slasaði sig því miður, svo okkur seinkar og við munum kynna skýrsluna sextánda mars og halda fjölmiðlafundinn þá,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta. Það er ýmislegt fram undan í því góða starfi sem er sinnt hjá Stígamótum.

„Það er alltaf eitthvað fram undan hjá okkur – alþjóðastarfið er fyrirferðarmikið. Við erum meðal annars að fara að halda norræna ráðstefnu hérna heima í haust ásamt Kvennaathvarfinu, þetta verður tvö til þrjú hundruð manna ráðstefna. Það er vegna þess að við erum hluti af Norrænu kvennaathvarfahreyfingunni. Þessi ráðstefna verður hér á landi í fjórða skiptið og við munum vanda okkur eins og við framast getum.

Við erum líka að auglýsa eftir fólki því að það varð sprenging í aðsókn eftir að við fórum í fjáröflunar- og vitundarvakningarátakið okkar síðasta haust. Það gekk nógu vel til þess að við getum fjölgað í starfsliðinu, en það kom okkur á óvart hversu gífurlega aðsóknin jókst í kjölfar þessarar umfjöllunar. En við förum betur yfir það þegar ársskýrslan verður kynnt.

Við erum líka að skilgreina áherslumál fram undan og eitt af því sem okkur langar að vinna meira með er unglingar – hvers kyns kynferðisofbeldi gagnvart unglingum, ekki síst gagnvart þeim unglingum sem eru ekki orðnir átján ára og geta þannig ekki sótt sér hjálp án þess að foreldrar og barnaverndaryfirvöld þurfi að vita af því, sem verður svo til þess að þau sækja sér ekki hjálp. Þetta eru svona vangaveltur sem við erum með. Það þarf að skoða það og ræða hvernig við getum leyst það.“

Húsið verður opnað klukkan fjögur og eru allir velkomnir í kaffi, spjall og kruðerí. stefanthor@frettabladid.is



Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Við erum að opna heimili okkar fyrir þeim sem vilja fagna með okkur.

---



Ástkær móðir okkar,
**Fjóla Björgvinsdóttir**
frá Miðhúsum, Djúpavogi,
lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Siglufirði, þann 6. mars. Hún verður jarðsett frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 11. mars kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jóhannes Jóhannesson, Anna Rós Jóhannesdóttir,**
**Hugrún Jóhannesdóttir.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Karólína Hlíðdal**
andaðist 6. mars sl.
Útförin verður auglýst síðar.

**Þorvaldur Hlíðdal Þórðarson　Sigurlaug Anna Auðunsdóttir**
**Jóhannes Þórðarson　Arndís Inga Sverrisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Jóhannes Tryggvason**
Dengsi,
Aðallandi 2, Reykjavík,
lést á Landspítalanum laugardaginn 4. mars. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 14. mars klukkan 13.

**Margrét Kristinsdóttir**
**Sveinbjörn Jóhannesson　Linda Mjöll Gunnarsdóttir**
**Ína Rós Jóhannesdóttir　Davíð Kristjón Jónsson**
**Karólína Jóhannesdóttir　Stefan Weber**
**Kristín D. Jóhannesdóttir　Magnús Árni Skúlason**
**og barnabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Eiríkur Þorgeirsson**
Túnsbergi,
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 6. mars. Útförin fer fram frá Hrunakirkju laugardaginn 11. mars kl. 14.00.

**Sigríður Eiríksdóttir**
**Gunnar Kristinn Eiríksson**
**Jóhann Unnar Guðmundsson**
**Sigurður Hans Jónsson**
**og fjölskyldur.**

---



Móðir okkar,
**Jórunn Viðar**
tónskáld,
verður jarðsungin frá Dómkirkjunni mánudaginn 13. mars kl. 13.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Lárus, Katrín og Lovísa Fjeldsted**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Bára N. Guðmundsdóttir**
lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi miðvikudaginn 1. mars 2017. Útförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 10. mars klukkan 13.00.

**Sigurður V. Ólafsson**
**Svanhildur N. Erlingsd.**
**Sigurður H. Einarsson　Hrafnhildur S. Sigurðardóttir**
**Eyjólfur Sigurðsson　Indíana G. Eybergsdóttir**
**Klara Ó. Sigurðardóttir**
**Laufey Karlsdóttir**
**Helga Sigurðardóttir　Ásberg M. Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Áskell Torfi Bjarnason**
verður jarðsunginn frá Þorlákskirkju laugardaginn 11. mars kl. 14.00.

**Anna Guðný Jóhannsdóttir**
**Ásgeir Arngrímsson**
**Árni Áskelsson　Jóhanna Marín Jónsdóttir**
**Bjarni Áskelsson　Ingibjörg H. Sigurðardóttir**
**Guðmundur S. Áskelsson　Þóra Bjarnadóttir**
**Guðni Torfi Áskelsson　Júlíana Hilmisdóttir**
**Gestur Áskelsson　Sigríður Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og góðar kveðjur vegna fráfalls og útfarar bróður okkar,
**Jónasar Inga Árnasonar**
Hjallalundi 20, Akureyri.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimaþjónustu B og Heimahjúkrunar á Akureyri.

**Jóhannes Árnason**
**Sigurður Kristinsson**
**og fjölskyldur.**

MARKAÐURINN
Miðvikudagur 8. mars 2017 | 9. tölublað | 11. árgangur
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# Kaupmenn glíma við H&M og netið

Búa sig undir harðnandi samkeppni í fataverslun. Hagar loka fjórum tískuvöruverslunum á þessu ári og eigendur Next á Íslandi vilja fækka fermetrum sínum í Kringlunni. Forsvarsmenn Smáralindar eiga í viðræðum við önnur erlend fyrirtæki í fataverslun um pláss í húsinu.

»6



»2

## Bónusar hækka um 300 milljónir

Lykilstjórnendur Glitnis, meðal annars nokkrir Íslendingar, hafa unnið sér bónus sem nemur frá 1.175 til 1.720 milljóna. Bónuspotturinn stækkar um 200-300 milljónir þegar Glitnir greiðir út til skuldabréfaeigenda á morgun.

»4

## Minnkar mikið virði banka

Samkvæmt greiningu SFF rýra sérstakir skattar sem leggjast á bankana heildarvirði þeirra um 150-280 milljarða. Íslenska ríkið fer með eignarhald á stærstum hluta bankanna.

»8

## Kauprétt í Havila

Íslandsbanki og Arion banki fá kauprétt á alls 18% í skipafélaginu Havila. Fjárhagslegri endurskipulagningu er lokið en bankarnir lánuðu 5,5 milljarða.






Tempo er alfarið í eigu Nýherja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nýherji kannar sölu á meirihluta í Tempo

Nýherji gæti gengið frá sölu á meirihluta í Tempo, dótturfélagi upplýsingatæknifyrirtækisins, til erlendra fjárfesta síðar á árinu. Þetta kom fram í ræðu Ívars Kristjánssonar, stjórnarformanns Nýherja, á aðalfundi fyrirtækisins á föstudag.

„Til að nýta fyrrgreind tækifæri sem best og auka virði hluthafa Nýherja horfum við til mögulegs samstarfs við erlenda fjárfesta um að styðja við alþjóðlegan vöxt Tempo,“ sagði Ívar.

„Við sjáum það fyrir okkur að niðurstaða slíks ferlis geti mögulega falið í sér sölu á meirihluta hlutafjár Tempo en þó með áframhaldandi aðkomu Nýherja sem eiganda,“ sagði Ívar. Stjórnarformaðurinn sagði vinnu að undirbúningi söluferlisins miða ágætlega, en það er í höndum fjárfestingabankans AGC Partners í Boston, og að dregið geti til tíðinda á árinu. Ekki væri hægt að segja hvenær söluferli geti hafist.

„Hreinskilna svarið við því er að það er enn sem komið er óljóst en mun í öllum aðalatriðum ráðast af því hvernig okkur gengur að kynna félagið í hópi vænlegra samstarfsaðila og hins vegar að mati okkar og AGC hversu tilbúið félagið er

**Við sjáum það fyrir okkur að niðurstaða slíks ferlis geti mögulega falið í sér sölu á meirihluta hlutafjár Tempo...**



Ívar Kristjánsson, stjórnarformaður Nýherja

til stöðu til dæmis út frá lausnum Tempo og markaðsaðstæðum fyrir þær.“

Tekjur Tempo voru 8,2 milljónir dala árið 2015. Í fyrra jukust þær um 40 prósent og námu því um þrettán milljónum dala. Fyrirtækið var stofnað árið 2009 og er leiðandi hugbúnaðarfyrirtæki sem þróar verkefnastýringar- og viðskiptahugbúnað (B2B) fyrir JIRA-kerfið frá Atlassian. Viðskiptavinir þess eru allt frá smáum sprotafyrirtækjum til Fortune 500 fyrirtækja. Nýherji komst einnig árið 2015 áhuga fjárfesta á kaupum á 25 prósenta hlut í félaginu. Niðurstaða þeirrar könnunar var sú að bæði innlendir og erlendir fjárfestar lýstu vilja til að eignast meirihluta í Tempo. – hg

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301
Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

**Við vinnum að sölu á eftirtöldum fyrirtækjum:**

- Verslun með alþjóðlegt vörumerki, fatnaður fyrir konur og karla. Mjög góður hagnaður.
- Veitingastaðir í verslunarkjarna.
- Kaffihús í 101 Reykjavík, mjög góður hagnaður.
- Apótek í úthverfi Reykjavíkur.
- Sérhæft matvinnslufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Framleiðsla matvæla í háum gæðaflokki. Góður hagnaður.
- Toppveitingastaður í 101 Reykjavík. Velta frá 150 milljónum.
- Heildverslun með sælgæti.
- Sérhæfð bílaleiga með pallbíla, mjög góður hagnaður.
- Við vinnum að sölu á veitingaþjónustu í golfskála á Reykjavíkursvæðinu, góð velta og mikil tækifæri.

**Við hvetjum fyrirtækjaeigendur í söluhugleiðingum til að hafa samband.**

INVESTIS

Lækjargötu 2, 2. hæð | Sími 546 1100 | investis@investis.is

# Bónusar Glitnis hækka um nærri 300 milljónir

**Lykilstjórnendur Glitnis hafa unnið sér inn bónus sem nemur á bilinu 1.175 til 1.720 milljóna króna. Bónuspotturinn stækkar um 200-300 milljónir þegar Glitnir greiðir út á morgun 16,6 milljónir evra til skuldabréfaeigenda.**




Glitnir varð eignarhaldsfélag í kjölfar þess að slitabúið lauk nauðasamningum í árslok 2015. Stærstu eigendur félagsins eru bandarískir vogunarsjóðir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Bónuspottur til handa stjórnarmönnum og lykilstjórnendum Glitnis HoldCo, þar á meðal örfáum íslenskum starfsmönnum eignarhaldsfélagsins, mun síðar í vikunni stækka um 200 til 300 milljónir og nema þá samtals rúmlega 1.720 milljónum króna.

Þeir íslensku stjórnendur sem teljast í hópi lykilstarfsmanna Glitnis eiga tilkall til þess að fá 26,1 prósent af bónuspottinum. Sú fjárhæð nemur núna samanlagt á bilinu 305 til 447 milljóna króna, samkvæmt útreikningum Markaðarins. Íslenskir lykilstjórnendur félagsins, sem eiga rétt á hlutdeild í bónusgreiðslunum, eru fyrst og fremst Ingólfur Hauksson, framkvæmdastjóri Glitnis, Snorri Arnar Viðarsson, yfirmaður eignastýringar, og Ragnar Björgvinsson aðallögfræðingur. Ef greiðslurnar skiptast bróðurlega á milli þeirra hafa þeir nú þegar tryggt sér að meðaltali á bilinu 102 til 149 milljóna á mann í bónus.

Upplýst var um það fyrst í Markaðnum fyrr á þessu ári að umfangsmikið bónuskerfi Glitnis, sem var samþykkt á hluthafafundi í mars í fyrra, hefði virkjast 19. janúar síðastliðinn samhliða því að Glitnir innti af hendi tæplega 99 milljóna evra greiðslu til skuldabréfaeigenda. Samkvæmt skilmálum bónuskerfisins, sem Markaðurinn hefur undir höndum, höfðu stjórnendur Glitnis á þeim tíma þegar unnið sér inn bónus sem nam á bilinu 7,2 til 12,5 milljóna evra, jafnvirði 875 til 1.525 milljóna króna á þáverandi gengi.

Núna mun sá bónuspottur hins vegar sem fyrr segir verða enn stærri vegna boðaðrar útgreiðslu Glitnis til skuldabréfaeigenda á morgun, fimmtudag, upp á tæplega 16,6 milljónir evra. Eftir þá greiðslu hafa lykilstarfsmenn Glitnis tryggt sér bónus sem nemur samtals á bilinu 1.175 til 1.720 milljóna króna. Bónuspotturinn væri enn meiri í krónum talið ef ekki hefði komið til liðlega 10 prósenta gengisstyrking krónunnar gagnvart evru á undanförnum sex vikum. Glitni er aðeins heimilt að greiða út bónus til starfsmanna í erlendum gjaldeyri. Fyrirséð er að sá bónus sem þessir sömu stjórnendur eiga tilkall til að fá í sinn hlut á eftir að verða enn hærri samtímis því að frekari útgreiðslur til skuldabréfaeigenda Glitnis eru væntanlegar síðar á árinu.

**1.270**

**milljónir er sú fjárhæð sem þriggja manna stjórn Glitnis hefur nú þegar að hámarki unnið sér inn í bónus**

Bónuspottur Glitnis mun að stærstum hluta, eða sem nemur 75,9 prósentum af heildarfjárhæðinni, renna til þriggja manna stjórnar félagsins, en hún er alfarið skipuð erlendum ríkisborgurum. Sá bónus sem þeir stjórnarmenn eiga tilkall til nemur allt að 1.270 milljónum króna, sem þýðir að þeir geta núna vænst þess að fá 424 milljónir króna í sinn hlut á mann.

Samkomulag sem stjórn Glitnis gerði undir lok síðasta árs við fyrrverandi meðlimi slitastjórnar er ástæða þess að stjórnendur félagsins hafa nú þegar unnið sér inn háar bónusgreiðslur. Samkomulagið fól meðal annars í sér eingreiðslu upp á 640 milljónir til Steinunnar Guðbjartsdóttur og Páls Eiríkssonar gegn því að 68 milljóna evra skaðleysissjóður var lagður niður. Ef ekki hefði komið til samkomulagsins hefðu stjórnendur Glitnis þurft að bíða lengur eftir því að fá greiddan bónus í sinn hlut – og hann hefði sömuleiðis verið umtalsvert lægri.

hordur@frettabladid.is

# Bandarískur fjárfestingasjóður í hóp stærstu hluthafa N1 með 2,7 prósent

Fjárfestingasjóður á vegum bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Wellington Management keypti undir lok síðasta mánaðar rúmlega 2,7 prósenta hlut í olíufélaginu N1. Þannig er sjóðurinn The Wellington Trust Company National Association orðinn ellefti stærsti hluthafi félagsins og miðað við gengi bréfa N1 við lokun markaða í gær nemur markaðsvirði hlutarins um 825 milljónum.

Fjárfestingasjóðir á vegum Wellington Management, sem er eitt stærsta eignastýringarfyrirtæki heims með eignir í stýringu upp á samtals 1.000 milljarða Bandaríkjadala, hafa að undanförnu fjárfest í fleiri skráðum félögum á Íslandi, samkvæmt heimildum Markaðarins. Þær fjárfestingar hafa hins vegar ekki verið af sömu stærðargráðu og kaupin í N1 og því ekki skilað þeim á lista yfir stærstu hluthafa félaganna.

The Wellington Trust Company keypti í N1 samtímis því að Helgi Magnússon, varaformaður stjórnar N1, og félag í eigu eiginkonu Jóns Sigurðssonar, stjórnarmanns í N1, seldu hluta af bréfum sínum í félaginu á síðustu dögum febrúarmánaðar. Þannig seldi félagið Hofgarðar, sem er í eigu Helga, samtals þrjár milljónir hluta þann 28. febrúar á genginu 133 krónur á hlut. Félagið Helgafell, sem Jón fer fyrir sem framkvæmdastjóri, hafði skömmu áður, eða 23. febrúar, selt í N1 fyrir 540 milljónir.




Hlutabréfaverð N1 hækkaði stöðugt á árinu 2016 en það sem af er ári hafa þau lækkað um 5%.

Miklar sveiflur hafa verið á gengi bréfa N1 að undanförnu og þannig lækkaði hlutabréfaverð félagsins um 12 prósent í fyrradag. Sú lækkun var rakin til þess að Eggert Kristófersson, forstjóri félagsins, hafði eftir lokun markaða síðasta föstudag selt helming hlutafjáreignar sinnar fyrir 9,6 milljónir. Gengi bréfa N1 tók hins vegar mikinn kipp í gær og hækkaði um rúmlega 5,6 prósent. Það sem af er ári hafa bréfin lækkað í verði um liðlega 5,4 prósent en litið til síðustu tólf mánaða hefur gengi bréfanna hækkað um meira en 60 prósent. – hae

Microsoft



# Engin takmörk!

## Skýjaráðstefna
## 13. mars á Hilton Reykjavík Nordica

Þeir sem nýta skýjalausnir vita að þannig eru þeim engin takmörk sett. Skýjalausnir eru að breyta viðskipta-landslaginu um allan heim og á þessari einstöku ráðstefnu gefst þér tækifæri á að komast í návígi við færustu sérfræðinga heims á sínu sviði og kynna þér allt sem við-kemur lausnum sem eru í boði í Microsoft Azure skýinu.

## Ein flottasta ráðstefna um skýjalausnir sem haldin hefur verið á Íslandi!

Hér eru á ferðinni fyrirlesarar á heimsmælikvarða á sviði skýjalausna sem enginn sérfræðingur á sviði viðskipta, rekstrar og upplýsingatækni ætti að láta framhjá sér fara.



Skráðu þig á **engintakmork.is**

## Færustu fyrirlesarar á sínu sviði frá Microsoft:

**Martin Cullen**, Corporate Accounts Sales Director WE. **Paul Chiola**, Global BlackBelt. **Anders Bengtson**, Principal PFE. **Annika Hedlund**, Senior Premier Field Engineer. **Tommy Fink**, Partner Strategist. **Richard Warner**, Networking Partner Lead, EMEA. **Patrick Mandemaker**, Global Black Belt. **Gustav Kaleta**, Global Black Belt TSP. **Jorge Palma**, Azure Global BlackBelt and Open Source Technical Lead.

## Dagskráin:

**Fyrir hádegi** verður farið yfir hvernig skýjalausnir og tækninýjungar geta hjálpað fyrirtækjum að standa hina stafrænu öldu sem ber með sér fjórðu iðnbyltinguna.

**Eftir hádegi** skiptist ráðstefnan í þrennt; skýjalausnir með tæknilegri áherslu, skýjalausnir fyrir þróunaraðila og reynslusögur frá skýjavæddum fyrirtækjum. Meðal fyrirtækja sem við heyrum sögur frá eru Meniga, LS Retail og Veeam en skýjavegferð þessara fyrirtækja er til mikillar fyrirmyndar.



Heimir Fannar Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi stýrir pallborði í lok dags þar sem forystufólk úr íslensku atvinnulífi ræðir framtíðarsýnina, tæknina og íslenskan veruleika.

# Minnka virði banka um 280 milljarða

**Sérstakir skattar rýra heildarvirði bankakerfisins um tæplega 280 milljarða. Verði af áformum um lækkun bankaskatts 2020 er virðisrýrnunin um 150 milljarðar. Ríkið er eigandi meirihluta hlutafjár bankanna og endurheimtur verða því minni en ella við sölu þeirra.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Þeir sérstöku skattar sem leggjast á íslensk fjármálafyrirtæki munu að óbreyttu rýra heildarvirði bankakerfisins um allt að 280 milljarða króna. Verði hins vegar af áformum stjórnvalda um lækkun svonefnds bankaskatts í þrepum á árunum 2020 til 2023 – skatthlutfallið á skuldir fjármálastofnana lækki þá úr 0,376% í 0,145% – þá nemur virðisrýrnunin tæplega 150 milljörðum króna.

Þetta kemur fram í útreikningum sem birtast í Hnotskurn, fyrsta ritinu í nýrri ritröð Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), en á árinu 2016 námu greiðslur íslenskra fjármálafyrirtækja vegna sérstakra skatta samtals um 15 milljörðum. „Ekkert Evrópuríki hefur lagt á bankaskatt, skatt á launagreiðslur og viðbótarskatt á hagnað fjármálafyrirtækja eins og gert hefur verið hér á landi,“ segir í ritinu, en höfundur þess er Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur SFF. Þessir þrír skattar skiluðu um tveimur prósentum af heildartekjum ríkissjóðs í fyrra og samsvara um 0,6 prósentum af landsframleiðslu Íslands. Mestu munar um bankaskattinn en hann er um tíu sinnum hærri hér á landi en almennt tíðkast hjá þeim Evrópulöndum sem á annað borð leggja á slíkan skatt.

Íslenska ríkið fer með eignarhald á stærstum hluta fjármálakerfisins en miðað við núverandi eigið fé bankanna nemur samanlagður eiginfjárhlutur ríkisins í stóru bönkunum þremur um 480 milljörðum. Samkvæmt nýbirtum drögum að eigendastefnu fyrir fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins stendur til, þegar hagfelld og æskileg skilyrði eru fyrir hendi, að selja 13 prósenta hlut í Arion banka og 100 prósent í Íslandsbanka en halda eftir 34-40 prósenta hlut í Landsbankanum. Fyrirséð er því að endurheimtur ríkissjóðs verða umtalsvert minni en ella við fyrirhugaða sölu á bönkunum vegna sérstöku skattanna sem þeir greiða enda hafa skattarnir þau áhrif að minnka verulega arðsemi af rekstri.

### Skatturinn hækkaður 2013

Í riti SFF er bent á að enginn af þeim sérstöku sköttum sem nú gilda um fjármálafyrirtæki er tímabundinn. Bankaskatturinn, sem leggst á skuldir fjármálastofnana, var síðast hækkaður úr 0,041 prósenti í 0,376 prósent árið 2013 til að standa straum af kostnaði við leiðréttingu verðtryggðra íbúðalána og um leið var undanþága slitabúa gömlu bankanna til að greiða skattinn afnumin. Í ríkisfjármálaáætlun sem var afgreidd á Alþingi á síðasta ári kom fram að hefja ætti lækkun bankaskattsins á árinu 2020 í fjórum áföngum niður í 0,145 prósent. Þessi áform hafa þó ekki verið lögfest.

Í greiningu Yngva er með tvennum hætti lagt mat á þau áhrif sem hinir sérstöku skattar hafa á virði bankanna. Annars vegar er gengið út frá því að þessir skattar verði til staðar ótímabundið og hins vegar er miðað við að bankaskatturinn lækki í þrepum frá og með 2020 í samræmi við ríkisfjármálaáætlun. Aðferðin sem er notuð felst í því að núvirða áætlaðar skattgreiðslur bankanna og að greiðslurnar haldist óbreyttar frá því sem þær voru árið 2016. Við núvirðinguna er stuðst við ávöxtunarkröfu á löngum óverðtryggðum ríkisskuldabréfum, sem nú er um 5,1 prósent.

Samkvæmt þeim niðurstöðum sem kynntar eru í ritinu gætu áhrif sérstakra skatta á virði bankanna verið á bilinu 148 til 276 milljarðar króna. Til samanburðar nam bókfært eigið fé bankanna um 700 milljörðum í árslok 2016. Yngvi Örn bendir á það í ritinu að ef áform stjórnvalda ganga eftir, að lækka gjaldhlutfall bankaskattsins í 0,145 prósent, sem neðri mörkin miðast við, þá er það hlutfall nærri því sem gert er ráð fyrir að bankar og önnur fjármálafyrirtæki greiði til skilameðferðarsjóða innan ESB fram til ársins 2023.

Landsbankinn er að 98 prósenta hluta í eigu ríkisins og nam eigið fé bankans 251 milljarði í árslok 2016.

### Borguðu 15 milljarða í sérstaka skatta

í milljörðum króna

| | 2015 | 2016 |
|---|---|---|
| Bankaskattur<br>0,376% af skuldum | 8,6 | 8,7 |
| Fjársýsluskattur<br>5,5% af launum | 2,4 | 2,5 |
| Sérstakur fjársýsluskattur<br>6% af hagnaði umfram 1 milljarð | 3,7 | 3,7 |
| **Samtals** | **14,7** | **14,9** |

### Áhrif skattanna á heildarvirði banka

í milljörðum króna

| | Skattar ótímabundnir | Bankaskattur lækkaður 2020-2023 |
|---|---|---|
| Bankaskattur | 168 | 40 |
| Fjársýsluskattur | 37 | 37 |
| Sérstakur fjársýsluskattur | 71 | 71 |
| **Lækkun á virði samtals** | **276** | **148** |

### Lánin færast yfir til lífeyrissjóða

Á innlendum fjármagnsmarkaði er vaxtastig á skuldabréfum banka um 3,5 til 4 prósent þegar um verðtryggingu er að ræða en 5-6 prósent á óverðtryggðum skuldabréfum. Í riti SFF er því bent á að bankaskatturinn, sem er 0,376 prósent og leggst á allar skuldir bankastofnana, sé verulegur í hlutfalli við vaxtakostnað. Þetta veldur því, til viðbótar við þann kostnað sem bankar þurfa að bera vegna hárra eiginfjárkrafna, að fjármálastofnanir eru í lakari samkeppnisstöðu en ella í meðal annars lánveitingum með veði í fasteignum.

Þetta hefur birst í auknum umsvifum lífeyrissjóða á íbúðalánamarkaði en ný útlán þeirra til heimila í fyrra námu rúmum 89 milljörðum á meðan lán banka og sparisjóða voru á sama tímabili um 77,6 milljarðar. Sjóðirnir voru með rúmlega 53 prósenta hlutdeild í nýjum útlánum á þeim markaði á árinu 2016.




# Takmarka ekki fjölda Costco-meðlima

Costco á Íslandi ætlar ekki að takmarka fjölda þeirra sem geta keypt einstaklings- eða fyrirtækjaaðild að vöruhúsi bandaríska fyrirtækisins í Kauptúni í Garðabæ. Enn er stefnt að opnun þess í lok maí.

Þetta staðfestir Steve Pappas, aðstoðarforstjóri Costco í Evrópu, í skriflegu svari við fyrirspurn Markaðarins.

„Við teljum að 323.000 meðlimir væri góð tala,“ segir Pappas og vísar augljóslega í tölur yfir mannfjölda á Íslandi.

„En í fullri alvöru þá erum við ekki með einhvern kvóta eða þak á meðlimafjölda. Miðað við íbúafjölda Reykjavíkur er ólíklegt að við munum sprengja 13.300 fermetra húsnæði okkar í fyrirsjáanlegri framtíð. Vonandi munu flestar fjölskyldur og minni fyrirtæki sjá sér hag í meðlimaaðild og ganga í klúbbinn.“

Pappas, sem einnig ber ábyrgð á rekstri Costco á Bretlandi, Spáni og í Frakklandi, sagði í samtali við Vísi þann 24. febrúar að hann hefði aldrei á sínum 26 árum hjá Costco séð eins mikla eftirvæntingu og undirtektir á neinum nýjum markaði og Íslandi. Varaforstjórinn vildi þó ekki svara því hversu margir einstaklingar eða fyrirtæki höfðu þá keypt aðild að Costco. Fyrirtækið hafði þá nýverið opnað skráningarstöð á lóð sinni í Kauptúni. Þar geta einstaklingar og forsvarsmenn fyrirtækja keypt aðild að vöruhúsinu og var talsverð umferð inn á svæðið rétt eftir opnun. Aðgangur að verslun Costco verður einungis opinn meðlimum. Pappas segir enn stefnt að opnun í lok maí en á heimasíðu fyrirtækisins segir að vöruhúsið verði opnað um mitt ár 2017. – **hg**



Verktakar ÞG Verks vinna við að undirbúa opnun Costco. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR


Steve Pappas, varaforstjóri Costco í Evrópu.




Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í farabroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Brimborg Reykjavík<br>Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri<br>Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is










Framkvæmdastjóri Smáralindar segir eigendur fyrirtækisins eiga í viðræðum við erlend vöru

# Fataverslanir glíma við aukna netverslun og komu H&M hingað

**Miklar breytingar eru í vændum í íslenskri fataverslun. Salan hefur dregist saman og H&M verður opnað á árinu. Hagar loka fjórum verslunum á þessu ári og læstu þremur í fyrra. Eigendur Next á Íslandi vilja færri fermetra í Kringlunni. Forsvarsmenn Smáralindar ræða við eigendur annarra erlendra vörumerkja.**

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Útlit er fyrir harðnandi samkeppni og miklar breytingar í íslenskri fataverslun. Munar þar mestu um samdrátt í sölu, samhliða aukinni netverslun, og komu H&M hingað til lands. Hagar loka fjórum tískuvöruverslunum á þessu ári og læstu í fyrra dyrum þriggja til viðbótar. Eigendur Next á Íslandi vilja fækka fermetrum sínum í Kringlunni en stjórnendur verslunarmiðstöðvarinnar vinna nú að framtíðarskipulagi byggingarinnar í samstarfi við erlenda sérfræðinga. Þá eiga forsvarsmenn Smáralindar í viðræðum við önnur erlend vörumerki í fataverslun.

„Við erum svo sannarlega með augun á boltanum og gerum okkur grein fyrir því að það munu eiga sér stað miklar breytingar á næstunni," segir Guðjón Auðunsson, forstjóri fasteignafélagsins Reita, eiganda Kringlunnar.

## Vilja pláss við H&M

Af samtölum blaðamanns við sérfræðinga á sviði verslunar, sem vildu ekki láta nafns síns getið, að dæma er ljóst að koma H&M mun jafnvel hafa meiri áhrif á innlenda fataverslun en áður var gert ráð fyrir. Þeir benda á að sænski fatarisinn ætlar sér að opna þrjár verslanir; í Smáralind, Kringlunni og á Hafnartorgi í miðborg Reykjavíkur, á næstu tveimur árum. Fyrirtækið hafi í öllum tilvikum tryggt sér verslunarrými á besta stað en að einnig þurfi að horfa til þess hversu stóra hlutdeild H&M á nú þegar af markaðinum hér heima vegna ferða Íslendinga til útlanda.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins er talsverð ásókn í verslunarrými í Kringlunni og Smáralind sem eru staðsett nálægt H&M. Dæmi eru um að fyrirtæki sem eru nú þegar í byggingunum vilji komast nær verslununum. Að þeirra mati sé ákjósanlegt að vera sem næst versluninni sem útlit er fyrir að verði með mestu veltuna.

Fataverslanir hér á landi eru margar reknar með sérleyfissamningum um erlend vörumerki og þeim fylgir viðbótarálagning ofan á innkaupsverð. Einn viðmælandi Markaðarins segir erlenda heildsala nú þurfa að lækka álagninguna, og innlendar fataverslanir að ná betra innkaupsverði, ætli þær að keppa við verðlagningu og vöruflokka H&M. Annar viðmælandi, með áratugareynslu af smásöluverslun, orðaði það svo að stjórnendur Regins fasteignafélags, sem á Smáralindina og var fyrst íslenskra fyrirtækja til að semja um opnun H&M, og síðar Kringlunnar, hafi hent napalmsprengjum inn í verslanamiðstöðvarnar tvær.

Til viðbótar við komu H&M hefur velta íslenskrar fataverslunar dregist saman. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í byrjun mars dróst hún saman um tólf prósent í janúar á milli ára. Fataverslun virðist vera eini angi verslunar á Íslandi sem hefur ekki náð vopnum sínum eftir hrun og það þrátt fyrir kaupmáttaraukningu almennings, styrkingu krónunnar og niðurfellingu tolla á fatnaði og skóm. Á sama tíma hefur sprenging orðið í afgreiddum sendingum hjá Íslandspósti. Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ), sagði í samtali við Fréttablaðið að menn þar á bæ klóri sér í höfðinu yfir þessari þróun.

## Breyta Next í Kringlunni

Árni Sv. Mathiesen, stjórnarformaður Dagsólar, móðurfélags Next á Íslandi, staðfestir í samtali við Markaðinn að fyrirtækið eigi í viðræðum við forsvarsmenn Kringlunnar um að eina verslun Next hér á landi minnki úr 1.700 fermetrum í um þúsund. Ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort verslunin muni einnig flytja innan Kringlunnar.

„Auðvitað eru menn alltaf á tánum og við þurfum sífellt að vera vakandi fyrir nýjungum. En við sjáum til dæmis að unga fólkið sem er að byrja að versla í dag er með allt aðra sýn á innkaup heldur en þeir sem eru eldri og óhræddari við að nota tölvutæknina. Það er margt sem við sem kaupmenn þurfum að líta til í umhverfi okkar," segir Árni.

„Niðurstaðan er sú að við munum horfa til þess að laga til í fermetrum hjá okkur og fá hentugri sölufermetra og betri nýtingu. Við höfum verið að skoða þau mál út frá ákveðnu hagræðingarsjónarmiði. Það er allt opið í því. Við höfum verið að horfa á það vegna þess að við viljum breyta húsnæðinu sem við erum í og fá hlutfallslega fleiri sölufermetra en við erum með í dag og það getur kallað á það að við þurfum að fara í annað pláss þarna í húsnæðinu. Það er ekki komið það langt að það sé rétt að vera með yfirlýsingar um það."

**Við erum að sækjast eftir ákveðnum vörumerkjum og með H&M tókst okkur það.**



Sturla Gunnar Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Smáralindar

**H&M, með ákvörðun sinni um innkomu inn á íslenska markaðinn, hefur auðvitað mikil áhrif.**



Guðjón Auðunsson, forstjóri fasteignafélagsins Reitir

**Niðurstaðan er sú að við munum horfa til þess að laga til í fermetrum hjá okkur og fá hentugri sölufermetra og betri nýtingu.**



Árni Sv. Mathiesen, stjórnarformaður NEXT á Íslandi



Kristbjörg Kona Kristjánsdóttir (t.v.), markaðs- og kynningarstjóri Norræna hússins, og Gunn Hernes, verkefnastjóri hátíðarinnar, sjá um skipulag og kynningarmál Nordic Film Festival. MYND/EYÞÓR

# LIFANDI FYRIRBÆRI

Næstu vikuna verður haldin norræn kvikmyndahátíð í Norræna húsinu. Fjöldi áhugaverðra kvikmynda og stuttmynda verður sýndur auk þess sem boðið verður upp á fleiri skemmtilega viðburði.

Norræn kvikmyndahátíð hefst í Norræna húsinu í dag og stendur yfir til miðvikudagsins 15. mars. Hátíðin hefur verið haldin í Norræna húsinu frá árinu 2012 og er markmið hennar að kynna breitt úrval vandaðra kvikmynda, heimildarmynda og stuttmynda frá Norðurlöndunum að sögn Kristbjargar Konu Kristjánsdóttur, markaðs- og kynningarstjóra Norræna hússins.

„Hátíðin er lifandi fyrirbæri sem tekur breytingum eftir straumum og stefnum í norrænni kvikmyndagerð. Í ár sýnum við fjórtán kvikmyndir sem flestar hafa ekki verið sýndar hér áður og átta stuttmyndir, alls 21 sýning. Allar myndirnar eru valdar að mikilli kostgæfni og eiga eftir að vekja lukku allra þeirra sem á hátíðina koma. Við erum einnig farin að sýna fleiri heimildarmyndir en áður. Myndirnar í ár eru að vekja athygli á mörgum aðkallandi og heitum málefnum sem varða okkur öll, þar má nefna sem dæmi myndina The Perfect Selfie (2017) sem sýnir okkur líf ungrar konu sem lifir í hinum stafræna heimi, Dugma: The Button (2016) gefur okkur innsýn í veröld þeirra sem sprengja sig í loft upp fyrir Al Qaeda Og Bugs sem fjallar um fordóma gagnvart skordýraáti. Allar þessar myndir hvetja til umræðu og veita upplýsingar um þessi viðfangsefni.“ Ókeypis er inn á kvikmyndahátíðina og eru allar myndirnar með enskum texta.

### ÚRVAL VIÐBURÐA

Fjölmargir viðburðir fylgja völdum myndum í ár og því tilvalið að kynna sér dagskrána vel segir Kristbjörg. „Boðið er upp á sex viðburði í ár auk skólasýninga fyrir nemendur á öllum skólastigum. „Viðburðirnir tengjast allir heimildarmyndum fyrir utan umræðu með Elínu Petersdottur leikkonu sem leikur aðalhlutverkið í myndinni Devil's Bride. Meðal viðburða má nefna að eftir myndina Bugs munu leikstjóri myndarinnar, Andreas Johnsen, og Búi Bjarmar Aðalsteinsson ræða við áhorfendur um vestrænar hugmyndir um skordýraát. Skáksamband Íslands býður upp á skákmót sunnudaginn 12. mars fyrir 8-18 ára eftir sýningu myndarinnar Magnus og eftir sýningu The Human Scale verður boðið upp á umræður um grænt borgarskipulag með Önnu Maríu Bogadóttur arkitekt.“



Opnunarmyndin er A Thousand Times Good Night og fjallar um Rebeccu, einn færasta og eftirsóttasta stríðsljósmyndara í heimi.



Heimildarmyndin Magnus fjallar um skákmeistarann Magnus Carlsen sem hefur verið kallaður „Mozart of Chess“.



Í myndinni Bugs er tekist á um vestrænar hugmyndir um skordýraát.

Stemningin er mikil í Norræna húsinu í kringum hátíðina og allir leggjast á eitt til að gera hana sem ánægjulegasta að sögn Kristbjargar. „Þar má helst nefna verkefnastjórann Gunn Hernes sem velur myndirnar og vakir og sefur yfir hátíðinni. Sendiráð Norðurlandanna eru einnig samstarfsaðilar hátíðarinnar og taka þau þátt í skipulagningu viðburða og veita ráðgjöf svo eitthvað sé nefnt. Aðrir samstarfsaðilar eru Norðurlönd í fókus og AALTO Bistro.“

**Nánari upplýsingar um myndirnar og aðra viðburði má finna á www.nordichouse.is. Frímiðar fást á heimasíðu Norræna hússins og á tix.is.**




Áhugasamir geta haft samband við auglýsingadeild sérblaða
Sími 512 5402
serblod@365.is
FRÉTTABLAÐIÐ





Gerlinde Kaltenbrunner er víðfræg fjallgöngukona sem heldur fyrirlestur í Eldborg í Hörpu á sunnudaginn klukkan 20. NORDICPHOTOS/GETTY

# Á HÆSTU FJÖLL HEIMS ÁN SÚREFNIS

Frægasta núlifandi fjallgöngukona í heiminum, **Gerlinde Kaltenbrunner,** er aðalfyrirlesari á Háfjallakvöldi Ferðafélags Íslands sem haldið verður í Eldborg í Hörpu á sunnudaginn. Kvöldið er haldið í tilefni af 90 ára afmæli FÍ.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



„Gerlinde á mjög merkilegan feril að baki og er fyrsta konan sem hefur gengið á öll hæstu fjöll í heimi án súrefnis," segir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands, en þessi merka kona var fengin til að vera aðalfyrirlesari á Háfjallakvöldi FÍ í tilefni af 90 ára afmælisári félagsins.

Gerlinde heldur fyrirlesturinn Passion 8000, Dream of a lifetime. „Þar sýnir hún stórbrotnar myndir af helstu fjöllum sem hún hefur verið að klífa," segir Páll og upplýsir að Gerlinde sé austurrískur hjúkrunarfræðingur en hafi í rúmlega þrjá áratugi starfað sem atvinnufjallgöngukona. „Hún varð heimsfræg í ágúst 2011 þegar hún náði tindi K2 í sinni sjöundu tilraun en það er erfiðasta fjall í heimi. Um leið varð hún fyrsta konan í heiminum til að klífa alla fjórtán hæstu tinda veraldar, sem allir eru yfir 8.000 metra háir, án viðbótarsúrefnis," segir Páll en fyrir nokkrum árum var Gerlinde valin af National Geographic sem ein af fremstu ævintýrakonum og -mönnum heims. „Gerlinde þykir frábær fyrirlesari og hefur ferðast um allan heim með fyrirlestur sinn þar sem hún sýnir stórbrotnar myndir af hæstu fjöllum heims. Hún er einnig þekkt fyrir störf sín að mannúðarmálum og er eftirsóttur fyrirlesari hjá fyrirtækjum um það hvernig hægt er að ná markmiðum sínum í lífinu."

### FYRSTUR MANNA Á EVEREST ÁN SÚREFNIS

Auk Gerlinde mun annar víðfrægur fjallgöngumaður halda fyrirlestur, en það er Þjóðverjinn Peter Habeler. „Peter er einn frægasti fjallgöngumaður sögunnar en 8. maí 1978 varð hann, ásamt Reinhold Messner, fyrstur til að sigrast á hæsta fjalli heims, Everest, án viðbótarsúrefnis. Hann hefur auk þess klifið mörg af hæstu fjöllum jarðar og flesta af erfiðustu tindum og klettaveggi Alpafjalla," segir Páll en þrátt fyrir að vera kominn á miðjan áttræðisaldur er hann enn á fullu í krefjandi fjallgöngum og fjallaskíðaferðum víða um heim. Í fyrirlestri sínum, Peter Habeler: A passion to climb, mun Peter segja frá göngu- og klifurferðum á marga af erfiðustu tindum Alpafjalla.



Peter Habeler fór fyrstur manna á Everest án viðbótarsúrefnis.

Þau Gerlinde og Peter verða á landinu í nokkra daga og mun Ferðafélag Íslands skipuleggja ferðir fyrir þau á meðan á dvöl þeirra stendur. „Við ætlum að sýna þeim ýmislegt, fara á jökla, síga niður í Þríhnúkagíg og fleira spennandi," segir Páll og er spenntur fyrir komu þessa merka fjallafólks.

### FÍFL SÝNIR MYNDIR

Nokkrir aðrir dagskrárliðir verða á Háfjallakvöldinu. Einn þeirra er fyrirlestur Ólafs Más Björnssonar og Tómasar Guðbjartsonar, sem eru læknar og forsprakkar Félags íslenskra fjallalækna (FÍFL). Þeir hafa jafnframt verið virkir í starfi Ferðafélags Íslands og staðið fyrir göngu- og fjallaskíðaferðum fyrir félagið um hálendi Íslands. „Í fyrirlestri sínum munu þeir félagar sýna stórbrotnar ljósmyndir og myndbönd, sem sum eru tekin með dróna, frá helstu náttúruperlum Íslands, meðal annars frá Kverkfjöllum, Vonarskarði, Þjórsárverum, Holuhrauni, Birnudalstindi og Ljósufjöllum á Snæfellsnesi," upplýsir Páll.

### STYRKJA GÖNGUSTÍGAGERÐ Í ÞÓRSMÖRK

Allur ágóði af Háfjallakvöldinu rennur til góðs málefnis. „Vinir Þórsmerkur fá að njóta ágóðans en þeir standa fyrir uppbyggingu á göngustígum í Þórsmörk," segir Páll og telur mikið verkefni fram undan í þeim málum.

Afmælisár Ferðafélags Íslands hófst með borgargöngu 15. janúar en fjölmargir viðburðir verða á árinu í tengslum við afmælið. „Afmælisdagurinn er í nóvember og þá verðum við með veislu í Safnahúsinu á Hverfisgötu og sögulega sýningu um starf félagsins."

**Háfjallakvöldið er einn af hápunktum afmælisársins. Það er öllum opið, aðgangseyrir er 1.000 krónur og hægt er að kaupa miða á harpa.is, tix.is og við inngang.**







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

Fylgist með þætti Sindra Sindrasonar Heimsókn í kvöld á Stöð 2. Þar mun bregða fyrir glæsilegum garði sem við hjá Garðaþjónustu Íslands áttum veg og vanda að.

*Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur garðinum þínum.*
*Bókið tímalega fyrir sumarið. Það verður komið fyrr en varir!*

www.garda.is




## okkar þjónusta

- HELLULAGNIR
- HLEÐSLUR
- PALLASMÍÐI
- JARÐVEGSVINNA
- JARÐVINNA
- ÞÖKULAGNIR & PLÖNTUN
- GARÐSLÁTTUR
- BEÐAHREINSUN
- TRJÁKLIPPINGAR
- TRJÁFELLINGAR
- GARÐAÚÐUN & EITRUN
- SNJÓMOKSTUR & HÁLKUEYÐING

## um okkur

Við hjá Garðaþjónustu Íslands tökum að okkur flest öll þau verk sem tengjast lóðaframkvæmdum, garðaumönnun og garðyrkju. Þessi listi er vissulega ekki tæmandi yfir þau verk sem við tökum að okkur.



Hjörleifur Björnsson
S: 844 6547
hjorleifur@garda.is

GARÐAÞJÓNUSTA ÍSLANDS
*- alhliða garðaþjónusta*

Róbert Bjargarson
S: 866 9767
robert@garda.is

www.garda.is | garda@garda.is | www.garda.is | garda@garda.is

# HORFIR Á SPAUGILEGU HLIÐARNAR

**Davíð Ólafsson** söngvari greindist með krabamein í ristli 48 ára gamall. Hann var útskrifaður af Landspítalanum í fyrradag laus við meinið. Hann segir fræðslu til karlmanna ábótavant. Mottumars hafi ýtt við honum sjálfum.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Í grunnskóla var aldrei talað um okkur strákana en við vissum allt um líffræðilegan gang stelpnanna. Með Mottumars heyri ég í fyrsta skipti eitthvað um það sem við karlmenn þurfum að fylgjast með hjá okkur og láta skoða. Í mínu tilfelli skipti það öllu máli. Sú fræðsla sem tengdist blöðruháls- og ristilsþemanu í Mottumars, varð til þess að ég fór í skoðun. Ég greindist með þriðja stigs krabbamein í ristli,“ segir Davíð Ólafsson, söngvari og fasteignasali. Hann var útskrifaður í fyrradag af Landspítalanum, laus við meinið.

„Ég fann breytingar hjá mér í sumar en þegar ég gúglaði ristilkrabba las ég að hann greinist yfirleitt í kringum 70 ára aldur. Undir venjulegum kringumstæðum hefði ég þá bara afskrifað hann, en, ég mundi eftir viðtölum við yngri menn sem greinst höfðu með ristilkrabba,“ segir Davíð.

Einungis nánasta fjölskylda vissi af greiningunni til að byrja með. Eftir aðgerðina setti hann þó status á Facebook og eftir það hafði fjöldi karlmanna samband við hann.

„Það hafa ótrúlega margir karlmenn hringt í mig eða stoppað mig úti í búð og spurt, hvernig fannstu þetta út? Fræðslunni er greinilega ekki lokið, við erum á byrjunarreit miðað við mörg önnur lönd. Vinir mínir í Þýskalandi og víðar í Evrópu eru að fara í tékk annað hvert ár. Þar sem ég er ekki orðinn fimmtugur fæ ég ekki sjálfkrafa ristilspeglun og þegar ég ætlaði að panta tíma var margra mánaða bið. Maður er spurður að því hvort það komi blóð og ef svo er ekki getur biðin verið tæpt ár. En fólk er ekki allt með sömu einkennin. Það tók mig einn og hálfan mánuð að komast til sérfræðings og í speglun en það var ekki liðin mínúta af speglуninni þegar læknirinn sá að ég var með illkynja krabbamein.“

Við tóku rannsóknir, sneiðmyndataka, segulómun og eins og hálfs mánaðar geisla- og lyfjameðferð. Loks stór skurðaðgerð í lok janúar og nú tekur bataferlið við.

„Ég er mjög jákvæður gagnvart þessu öllu saman. Ég varð ekki sorgmæddur fyrr en daginn sem mér var sagt að ég væri læknaður. Þá þyrmdi aðeins yfir mig. Ég held að fram að því hafi ég verið í baráttuham, að baráttugenið sé einhvern veginn innbyggt í okkur,“ segir Davíð.

Undanfarnir mánuðir hafi verið erfiðir, fyrir alla fjölskylduna.

„Það er mikið álag á fjölskylduna að hafa mann veikan heima. En þetta hefur gengið vel hjá okkur. Við erum stór fjölskylda með samtals fimm börn og þrjú undir átta ára aldri,“ segir hann og hlær. Engin lognmolla sé því kringum hann. „Krakkarnir voru vanir að vekja mig á morgnana með því að hoppa ofan á magann á mér, en við urðum að útskýra fyrir þeim að það mætti ekki lengur. Það dugði ekki alltaf til, þau komu stundu hlaupandi í fangið á mér með hausinn á undan sér,“ segir Davíð sposkur. Það sé ómetanlega hjálplegt að sjá skoplegu hliðarnar á hlutunum. Hann segist jafnvel geta séð fyrstu viðbrögð sín við fréttunum á spaugilegan hátt.

„Það fyrsta sem flaug í gegnum hugann var hvað fæ ég að lifa lengi og næ ég að skipuleggja jarðarförina! Ég sagði við lækninn, „þetta er ekkert mál, ég er búinn að syngja í yfir þúsund jarðarförum, ég veit alveg hvernig þær fara fram“. Mér finnst hálf fyndið að hugsa um þetta núna. Í geislaninni reyndi ég að koma með eitthvað skemmtilegt á hverjum degi. Ég tók stundum „cat-walkið“ að geislatækinu, í sloppnum að framan en ber að aftan. Þegar ég fór í skurðaðgerðina var hún á öskudag og ég skreytti því stómapokana. Ég hef líka verið í sambandi við aðila sem er að ganga í gegnum það sama og ég. Við hringjum hvor í annan á hverjum degi og segjum stómasögur, tölum um hægðir og hvernig gangi að pissa og fleira í þeim dúr,“ segir hann létt.

Ég ráðlegg mönnum að lesa sér til um einkenni ristilkrabbameins. Það er erfitt að alhæfa um einkenni, Það getur verið svo margt, blóð eða slím í hægðum, niðurgangur. Ef menn skynja einhverjar breytingar hjá sér ætti að leita strax til læknis.“



Davíð Ólafsson komst í gegnum geisla- og lyfjameðferð við ristilkrabbameini með því að horfa á spaugilegu hliðarnar. Hann segir fræðsluátak Mottumars hafa ýtt við sér svo hann fór í skoðun.




„Þegar ég fór í skurðaðgerðina var hún á öskudag og ég skreytti því stómapokana.“



# Mottumars

8. mars 2017

**KYNNINGARBLAÐ** Kickup | Toyota |

# Fékk krabbamein í háls eftir reykingar

Ólafur Vilhjálmsson rafvirki segist þakka fyrir að vera á lífi í dag. Hann greindist með krabbamein í hálsi árið 2006. Ólafur vill kenna reykingum um sjúkdóminn en hann hafði reykt tvo pakka á dag frá unga aldri. Hann hvetur fólk til að drepa í rettunni eða byrja aldrei.


**Elín Albertsdóttir**
elina@365.is






Ólafur Vilhjálmsson hefur náð sér eftir að hann fékk krabbamein í háls árið 2006. Hann er þakklátur læknunum og finnst frábært að geta verið í fullri vinnu. MYND/ANTON BRINK

Ólafur segir að það hafi verið mikið áfall að greinast með sjúkdóminn, ekki síst vegna þess að einn vinnufélagi hans hafði fengið krabbamein í háls og látist í kjölfarið. „Manni bregður mikið við svona fréttir. Ég fékk að heyra það í síma frá lækninum mínum að ég væri með krabbamein og þyrfti að koma í frekari meðferð,“ segir Ólafur. „Ég eiginlega brotnaði niður við þessar fréttir,“ segir hann.

Hann leitaði til læknis eftir að hafa verið með óþægindi í hálsinum í að minnsta kosti sex mánuði. „Ég kíkti upp í mig og sá að ég var með einhvern hnút í hálsinum,“ segir hann. „Ég pantaði tíma hjá lækni og hann tók sýni. Síðan hringdi hann og tilkynnti mér að þetta væri krabbamein. Þetta var í ársbyrjun 2006 og ég fór strax í uppskurð og síðan í geislameðferð sem lauk í maí sama ár. Ég var frá vinnu í níu mánuði en hóf síðan störf að nýju. Að vísu fékk ég gigt upp úr krabbameininu en ég fór að finna til í liðum þegar ég var í meðferðinni,“ segir Ólafur. „Sömuleiðis greindist ég með sykursýki og þarf að sprauta mig daglega,“ bætir hann við.

Þetta er ekki allt. Ólafur hefur bæði farið í hjartaþræðingu og upplifað blóðtappa í höfði frá því hann greindist með krabbameinið. Það hefur því gengið á ýmsu í lífi hans. Hann hafði alltaf verið hraustur áður. Ólafur var stórreykingamaður. Hann var fjórtán ára þegar hann byrjaði að reykja. Ég reykti alltaf mjög mikið. Árið 1977 hætti ég reykingum í átta ár en fór þá að fikta aftur, því miður. Ég reykti tvo pakka á dag allt þangað til ég greindist með krabbameinið. Þá hætti ég sem betur fer, annars væri ég líklega dauður. Það eina góða við að greinast var að ég hætti að reykja,“ segir Ólafur.

„Þeir tóku bæði æxlið og eitla í kringum það. Ég á þessum læknum mikið að þakka, bæði Þórarni Sveinssyni krabbameinslækni og Hannesi Hjartarsyni skurðlækni. Ég á þeim líf mitt að launa og er þeim þakklátur. Að vísu er ég með hálf ónýta munnvatnskirtla síðan og sömuleiðis hefur bragðskynið breyst. En ég er á fótunum og get unnið og það er fyrir öllu,“ segir Ólafur bjartsýnn. Starfsþrekið er þó ekki það sama og áður. „Ég fer tvisvar á ári í lækniseftirlit til öryggis. Það er stór skellur að veikjast og erfið lífsreynsla. Mér finnst erfitt að sjá á eftir vinum mínum sem hafa farið úr þessum sjúkdómi. Svo bið ég fólk að hætta reykingum, þær eru stórhættulegar, helst að byrja aldrei,“ segir Ólafur.





**Nicorette® QuickMist munnholsúði, lausn** (inniheldur nikótín, inniheldur hjálparefnið etanól/alkohól, innan við 100 mg af etanóli/úða) til meðferðar við tóbaksfíkn hjá fullorðnum með því að draga úr fráhvarfseinkennum vegna nikótíns, þ.m.t. nikótínþörf þegar reynt er að hætta að reykja. Markmiðið er að hætta tóbaksnotkun endanlega. Helst á að nota lyfið samhliða atferlismeðferð ásamt stuðningi. Úðið í munnhol. Börn yngri en 18 ára eiga ekki að nota lyfið. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

IS/NIC/2017-02-Q-1

# Lengra og betra líf í aðalvinning

Í ár leggur Mottumars áherslu á að hvetja karla til að velja sér tóbakslaust líf og njóta þannig betra og lengra lífs. Átakið er fyrst og fremst fræðslu- og árveknisátak. Átakið og Krabbameinsfélagið er hægt að styrkja með ýmiss konar hætti á síðunni www.mottumars.is.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Mottumars er árlegt átaksverkefni Krabbameinsfélagsins og er tileinkað baráttunni gegn krabbameini í körlum. Átakið var fyrst haldið árið 2009 undir heitinu „Karlmenn og krabbamein“ sem svo þróaðist í Mottumars árið eftir með tilheyrandi skeggsöfnun.

Að sögn Kolbrúnar Silju Ásgeirsdóttur, kynningar- og fjáröflunarstjóra Krabbameinsfélagsins, er inntak átaksins að hvetja karlmenn til að þekkja einkenni krabbameins og stuðla að jákvæðum breytingum á lífsháttum til að koma í veg fyrir krabbamein. „Átakið er fyrst og fremst fræðslu- og árveknisátak. Helstu markmiðin eru að fækka þeim körlum sem greinast með krabbamein og stuðla að því að lengja líf þeirra sem greinast og jafnframt auka lífsgæði þeirra. Við finnum ávallt mismunandi leiðir að þessum markmiðum og sníðum eftir því hvaða málefni er brýnast hverju sinni.“

Árið 2015 var Mottumars tileinkaður hvatningu til karla um að fylgjast með einkennum ristilkrabbameins og ári síðar var lögð áhersla á að karlar þekktu og væru vakandi fyrir einkennum blöðruhálskirtilskrabbameins sem er algengasta krabbamein karla. „Mottukeppnin var einnig mjög vinsæl fyrstu árin og setti sannarlega sinn brag á samfélagið. Í fyrra gáfum við svo út að áheitakeppnin yrði sett í smá frí þar sem mjög fáir tóku þátt í fyrra. En aldrei að vita hvort hún stingur ekki upp kollinum síðar.“

### Hættu nú alveg

Í ár verður lögð áhersla á að hvetja karla til að velja sér tóbakslaust líf og njóta þannig betra og lengra lífs. „Árlega greinast að meðaltali um 140 karlar með krabbamein sem orsakast af tóbaksneyslu og 87 þeirra látast. Við sem samfélag höfum náð miklum árangri í að minnka langalvarlegasta form tóbaksneyslu, sígarettureykingar, en á meðan hefur munntóbaksneysla vaxið hratt, sérstaklega meðal yngri karla. Munntóbaksneysla eykur líkur á þremur alvarlegum krabbameinum; í munnholi, vélinda og brisi.“

Að sama skapi hefur náðst nánast að útrýma reykingum í grunnskólum að sögn Kolbrúnar en þau hafa þó áhyggjur af þeirri staðreynd að einn af hverjum fjórum nemum í 10. bekk grunnskóla hefur prófað rafsígarettur. „Mottumars er aðeins fyrsta skrefið því við munum í framhaldinu dreifa fræðsluefni til skóla og víðar til að fylgja þessu eftir. Við höfum gert stutt fræðslumyndbönd og létt próf um allar helstu leiðir tóbaksneyslu sem við hvetjum alla til að skoða og spreyta sig á.“

Kolbrún hvetur alla til að skoða fræðsluefnið á mottumars.is og deila því með öðrum svo að sem flestir séu minntir á það sem þeir vita nú þegar: Að tóbaksneysla er skaðleg og að við vitum betur. „Við hvetjum alla þá sem nota tóbak daglega til að nota tækifærið í Mottumars og skrá sig í „Hættu nú alveg“ keppnina sem Krabbameinsfélagið og Reyksíminn standa fyrir og er ætluð þeim sem vilja hætta að nota tóbak. Hægt verður að skrá sig í keppnina til 15. mars. Þá tekur við tveggja vikna undirbúningur og miðvikudaginn 29. mars er síðan stóri dagurinn „Hætt/ur að nota tóbak“ þar sem þátttakendur eiga að vera hættir að nota tóbak. Starfsfólk Reyksímans verður keppendum til aðstoðar með úrræði og stuðning en það eru hjúkrunarfræðingar sem eru sérmenntaðir í aðstoð við þá sem vilja hætta að nota tóbak.“

> **Árlega greinast að meðaltali um 140 karlar með krabbamein sem orsakast af tóbaksneyslu og 87 þeirra látast.**
> *Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir*

### Margar styrktarleiðir

Veglegur vinningur verður í boði fyrir einn af þeim sem komast í pottinn tóbakslausir þann 2. maí en þá verða þátttakendur búnir að vera tóbakslausir í fimm vikur. „Í aðalvinning er auðvitað lengra og betra líf en því til viðbótar mun einn heppinn vinna flug til Evrópu frá WOW, útsýnisflug fyrir tvo yfir Reykjavík og fjöllin í kring með lendingu á Esjunni og Hótel Rangá gefur gistingu í eina nótt með þriggja rétta kvöldverði og morgunverðarhlaðborði fyrir tvo. Auk þess gefur Olís/ÓB 50.000 króna inneign á bensíni.“

Einstaklingar og fyrirtæki geta styrkt átakið og Krabbameinsfélagið með ýmsum hætti. „Hægt er að gerast velunnari félagsins með mánaðarlegu framlagi eða stöku framlagi inn á vef okkar www.mottumars.is. „Þeir sem vilja styðja við forvarna- og fræðslustarf félagsins geta styrkt átakið um 1.900 krónur með því að senda SMS-ið Motta í 1900. Einnig geta fyrirtæki styrkt okkur með ýmsum hætti, m.a. keypt rafræna mottu til að nota á vefi sína, í undirskrift eða á samfélagsmiðlum.“



**„Átakið er fyrst og fremst fræðslu- og árveknisátak. Helstu markmiðin eru að fækka þeim körlum sem greinast með krabbamein og stuðla að því að lengja líf þeirra sem greinast og jafnframt auka lífsgæði þeirra,“ segir Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir, kynningar- og fjáröflunarstjóri Krabbameinsfélagsins.** MYND/VILHELM

# Hefur hjálpað mörgum að hætta munntóbaksnotkun

Kickup er munntóbakslíki sem hefur gagnast mörgum sem vilja draga úr eða hætta munntóbaksnotkun. Varan er flokkuð sem fæðubótarefni og getur hjálpað munntóbaksnotendum sem vilja hætta að komast yfir erfiðasta hjallann.

„Það er vitað mál að stór hluti fíknarinnar tengist því að hafa eitthvað undir vörinni. Kickup svalar þeirri þörf. Notendur upplifa samskonar sviða og þeir eru vanir. Varan inniheldur þó hvorki tóbak né nikótín,“ segir Guðmundur Már Ketilsson, eigandi Kickup á Íslandi. Kickup inniheldur á hinn bóginn tíu vítamín og þrjú steinefni ásamt guarana, ginseng og koffíni. Sömuleiðis xylitol sem verndar tennur og góm. Til eru fjórar tegundir; strong, salmíak, soft mint og real white.

Aðspurður segir Guðmundur Kickup algerlega skaðlaust. Það hefur verið á markaði hér á landi síðastliðin þrjú ár og hefur að hans sögn hjálpað mörgum. „Viðtökurnar hafa verið frábærar og ég hef fengið fjölda skilaboða frá fólki sem hafði lengi reynt að hætta munntóbaksnotkun og tókst það loks með hjálp Kickup.“

Vörurnar fást í apótekum og öllum helstu matvöruverslunum. „Þær eru hugsaðar fyrir fólk sem vill hætta að nota munntóbak og því beinum við þeim tilmælum til seljenda að takmarka söluna við að minnsta kosti sextán ára aldur.“




**Til eru fjórar tegundir; strong, salmiak, soft mint og real white.**

> **Kickup inniheldur tíu vítamín og þrjú steinefni ásamt guarana, ginseng og koffíni.**

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson




Starfsmenn verslunar Toyota Kauptúni búa yfir mikilli reynslu og taka vel á móti viðskiptavinum. Í mars bjóða þeir 20% afslátt af öllum mottum. MYNDIR/EYÞÓR

# Leggjum áherslu á mottur í mars

**Toyota Kauptúni** styrkir átak Krabbameinsfélagsins í marsmánuði. Allan mánuðinn býðst viðskiptavinum 20% afsláttur af mottum.

Verslun Toyota Kauptúni er í björtu og rúmgóðu húsnæði að Kauptúni 6 í Garðabæ. Mikið úrval er þar af alls kyns vörum að sögn Inga Þórs Harðarsonar, deildarstjóra verslunarinnar, sem hæfa bæði hefðbundnum bíleigendum og atvinnubílstjórum. „Hér má finna mikið úrval af vörum á borð við bón- og hreinsivörur, hjólkoppa og álfelgur, fjölbreytt úrval verkfæra fyrir viðgerða- og áhugamanninn, bætiefni í olíur og bara alls konar bílatengdar vörur. Einnig má nefna gott úrval af kerrum sem við bjóðum upp á, bæði hefðbundnar fólksbílakerrur og verktakakerrur auk þess sem við bjóðum upp á breitt úrval af aukahlutum í Toyota og Lexus bifreiðar.“

Í mars eru það motturnar sem lögð er áhersla á og fá viðskiptavinir 20% afslátt af þeim út mánuðinn. „Góðar mottur eru stór hluti af reglulegu viðhaldi bílsins. Komi gat á motturnar í bílnum fara bleyta og óhreinindi beint í teppið. Svo eru mottur í skott sérstaklega vinsælar hjá okkur enda ráðlegt að verja teppið í skottinu sem getur skemmst þegar fluttir eru óreglulegir hlutir.“

### Mikil reynsla

Starfsmenn verslunarinnar eru tíu talsins og búa yfir mikilli reynslu að sögn Inga Þórs. „Hingað geta allir komið og fengið úrvals ráðgjöf um allt milli himins og jarðar varðandi bílatengdar vörur. Við búum yfir áralangri reynslu við að þjónusta viðskiptavini og því snúa þeir ánægðir til okkar aftur og aftur.“



Ingi Þór Harðarson, deildarstjóri verslunar Toyota í Kauptúni Garðabæ.

Toyota hefur alltaf verið þekkt fyrir úrvals þjónustu. „Hér fer vel um viðskiptavini okkar og starfsmenn. Næg bílastæði eru hér í Kauptúni og því allt aðgengi mjög gott. Í kaffiteríu er boðið upp á kaffi, kakó og vínarbrauð ásamt tölvum og sjónvarpi fyrir viðskiptavini. Vínarbrauðið okkar er löngu orðið landsþekkt enda fáum við að heyra það ef eitthvað klikkar í bakstrinum. Þetta er skemmtileg hefð sem viðskiptavinir okkar hafa kunnað vel að meta undanfarin ár.“

Opnunartími verslunarinnar er frá 7.45-18 á virkum dögum og milli kl. 12 og 16 á laugardögum. Utan hefðbundins opnunartíma má hringja í sérstakt neyðarnúmer, 570 5000, ef þörf er á.




Verslun Toyota býður upp á mikið úrval af vörum á borð við bón, hreinsivörur, hjólkoppa og ýmis verkfæri.


„Ef hægt er að venja börn og unglinga á tóbak eru talsverðar líkur á að þau verði háð því og þá eru tóbaksfyrirtækin komin með framtíðarviðskiptavini," segir Lára.

# Nikótín mælist í sáðvökva

Fjórði hver karlmaður á aldrinum 18-24 ára notar munntóbak daglega og helmingur menntaskólanema hefur prófað rafsígarettur. Lára G. Sigurðardóttir, læknir og fræðslustjóri Krabbameinsfélagsins, segir erfitt fyrir ungmenni að venja sig af nikótíni. Fólk fær aðstoð við að hætta reykingum í samstarfi við Reyksímann.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is


„Stutt er síðan rafsígarettur komu fram á sjónarsviðið en upphaflegur tilgangur þeirra var að hjálpa fólki við að hætta að reykja. Hins vegar eru þær orðnar að eins konar tískuvöru sem við þurfum að vera á varðbergi gagnvart. Við vitum enn ekki hver langtímaáhrif af notkun þeirra eru. Sumir telja að þær gefi frá sér saklausa vatnsgufu en til eru rannsóknir sem sýna að í rafsígarettum leynist krabbameinsvaldandi efni og ýmsir málmar sem ekki er hollt að anda að sér," segir Lára G. Sigurðardóttir, læknir og fræðslustjóri Krabbameinsfélagsins. Hún telur eðlilegt að setja reglur um rafsígarettur.

„Háværar raddir hafa verið gegn frumvarpi um tóbaksvarnir sem nú liggur fyrir þinginu. Við lestur frumvarpsins kemur fram að það standi ekki til að banna rafsígarettur heldur gera þær löglegar því eins og staðan er í dag er bannað að selja nikótínvökva í þær. Þó vitum við að nikótínvökvar eru til sölu í sumum sælgætisverslunum og víðar. Frumvarpið er lagt fram til að vernda ungdóminn fyrir rafsígarettum og að neytendur þeirra viti hvaða efni þær innihalda."

### Rafsígarettur með nammibragði

Lára bendir á að Krabbameinsfélagið hafi tekið undir að fólk noti rafsígarettur í staðinn fyrir sígarettur, hafi því ekki tekist að hætta reykingum með öðrum hætti. „Við höfum litið svo á að líklega sé skárra að nota rafsígarettur en sígarettur en það er ekki eðlilegt að ungmenni séu byrjuð að neyta þeirra. Fjórðungur barna í 10. bekk hefur prófað rafsígarettur, helmingur framhaldsskólanema en einungis fimm prósent fullorðinna," segir hún en þessar sláandi tölur koma fram í íslenskum rannsóknum.

Hægt er að fá rafsígarettur með mismunandi bragði, svo sem hlaupkallabragði og gúmmíbangsabragði sem höfðar sérstaklega til barna. „Auglýsingaherferðir erlendis eru eins og þegar sígarettan var markaðssett á sínum tíma. Þær beinast sérstaklega að ungu fólki. Ef hægt er að venja börn og unglinga á tóbak eru talsverðar líkur á að þau verði háð því og þá eru tóbaksfyrirtækin komin með framtíðarviðskiptavini. Ég á sjálf drengi sem eru að komast á unglingsaldurinn og óttast tilhugsunina um að félögum þeirra þyki svalt að nota rafsígarettur," segir Lára.

### Nikótín í sáðvökva

Nikótín örvar svæði í heilanum sem eykur dópamínframleiðslu en það hjálpar okkur að líða vel og slaka á. Lára segir að þessum áhrifum megi líka ná fram með því að borða góðan mat, vera í góðum félagsskap, hreyfa sig eða stunda kynlíf. Hún segir áhyggjuefni hversu margir ungir karlmenn á aldrinum 18-24 ára noti munntóbak, eða 23%. „Munntóbaksnotkun hefur aukist undanfarin ár. Unglingar og ungt fólk gerir sér ekki grein fyrir því hversu háð það getur orðið munntóbaki. Þeir sem byrja að nota tóbak ætla sér ekki að nota það ævilangt. Um 90% þeirra sem geta ekki hætt að nota tóbak byrjuðu að nota það fyrir tvítugt. Langflestir sem nota tóbak segjast hins vegar vita betur, að þeir vildu vera lausir við það en erfitt sé að hætta."

> **Ef hægt er að venja börn og unglinga á tóbak eru talsverðar líkur á að þau verði háð því og þá eru tóbaksfyrirtækin komin með framtíðarviðskiptavini. Ég á sjálf drengi sem eru að komast á unglingsaldurinn og óttast tilhugsunina um að félögum þeirra þyki svalt að nota rafsígarettur.**
>
> *Lára G. Sigurðardóttir*

Munntóbak getur valdið krabbameini í munnholi, vélinda og brisi og nú eru vísbendingar um að það auki einnig líkur á krabbameini í blöðruhálskirtli. Í munntóbaki hafa fundist 28 krabbameinsvaldandi efni.

„Margir gera sér ekki grein fyrir að nikótínið breiðist um allan líkamann. Það fer út í blóðrásina og t.d. í sáðvökva karlmanna."

Innt eftir því hvers vegna ungt fólk byrji að nota tóbak þótt það viti um skaðsemi þess segir Lára það vera í eðli mannsins að fylgja hvert öðru. „Við speglum gjarnan hegðun hvert annars, sérstaklega þegar við erum ung og að fóta okkur í lífinu. Í fyrsta sinn sem fólk prófar munntóbak eða tekur smók af sígarettu kúgast það og kastar jafnvel upp því líkaminn er að senda skilaboð um að þetta sé eitur sem ætti að forðast. Við höfum ríka aðlögunarhæfni og þess vegna geta menn haldið áfram að nota tóbak. Sem betur fer eru sígarettur á undanhaldi en notkun á munntóbaki og rafsígarettum er líklega tískubylgja eins og er, sem vonandi varir ekki lengi," segir Lára.

### Keppni í að hætta

Krabbameinsfélagið stendur nú fyrir átakinu Hættu nú alveg. „Við bjóðum fólki upp á aðstoð við að hætta að reykja í samstarfi við Reyksímann þar sem hjúkrunarfræðingar gefa góð ráð. Sumum tekst að hætta reykingum upp á eigin spýtur en árangurinn er oftast betri ef fólk leitar sér aðstoðar fagfólks," segir Lára. Spurð hvers konar ráð dugi segir hún það gefa góða raun að ákveða dag til að hætta að reykja, auka vatnsdrykkju, hreyfa sig reglubundið, segja öðrum frá áformunum og svo geti ýmis lyf komið að gagni. Lára vonar að sem flestir taki þátt í átakinu því til mikils sé að vinna, lengra og betra líf eða líf án tóbaks.



## NOKKRAR STAÐREYNDIR UM KRABBAMEIN Í KÖRLUM

- Ár hvert greinast um 780 íslenskir karlar með krabbamein, samkvæmt upplýsingum frá Krabbameinsskrá Krabbameinsfélagsins.
- Nú eru á lífi um 6.160 karlar sem fengið hafa krabbamein.
- Tæpur helmingur þeirra sem greinast er á aldrinum frá 40 til 69 ára.
- Samkvæmt útreikningum frá Krabbameinsskránni greinist þriðji hver karlmaður með krabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni.
- Talið er að um tíunda hvert krabbamein skýrist af arfgengum þáttum.
- Hver og einn getur gert ýmislegt til að draga úr líkum á að fá krabbamein, til dæmis með því að reykja ekki, hreyfa sig reglulega, borða hollan og fjölbreyttan mat, takmarka neyslu áfengis og varast óhófleg sólböð.
- Algengust eru krabbamein í blöðruhálskirtli, ristli (ristli og endaþarmi) og lungum.
- Meðalaldur við greiningu krabbameins er um 68 ár.
- Lífshorfurnar hafa batnað mikið. Um 26 prósent karla sem greindust með krabbamein fyrir fjörutíu árum lifðu í fimm ár eða lengur en nú geta um 68 prósent vænst þess að lifa svo lengi.
- Því fyrr sem krabbamein greinist, því meiri líkur eru á lækningu.





## TAKTU PRÓFIÐ!

Á heimasíðu Krabbameinsfélagsins, krabb.is, getur þú komist að því hversu mikið þú veist um reykingar og tóbak og aflað þér upplýsinga um leið. Þar er að finna próf um sígarettureykingar, munntóbak og rafrettur. Í hverju prófi eru nokkrar spurningar sem hægt er að svara rétt og rangt. Hverju svari fylgja svo nánari upplýsingar og fróðleikur.

**Tökum dæmi:**

„Þeir sem hætta að reykja fyrir fertugt minnka líkurnar á að deyja úr reykingatengdum sjúkdómum um 90%."

Svarið er rétt. Reykingamenn eru þrefalt líklegri til að deyja fyrir aldur fram miðað við þá sem hafa aldrei reykt. Algengustu dánarorsakirnar meðal reykingamanna eru vegna krabbameina, hjartasjúkdóma og öndunarfærasjúkdóma. Lífslíkur reykingamanna eru meira en 10 árum styttri en þeirra sem aldrei hafa reykt. Þeir sem hætta að reykja fyrir 35 ára aldur eru með svipaðar lífslíkur og þeir sem aldrei hafa reykt. Þeir sem hætta milli 35 og 44 ára minnka líkur sínar á að deyja úr reykingatengdum sjúkdómum um 90% og þeir sem hætta milli 45 og 54 ára minnka líkurnar um 60%.

**Annað dæmi:**

„Munntóbak er þekktur áhættuþáttur fyrir einu krabbameini í munnholi."

Svarið er rangt. Auk krabbameins í munnholi er munntóbak þekktur áhættuþáttur fyrir krabbameinum í brisi og vélinda. Einnig eru vísbendingar um að það geti aukið líkur á fleiri krabbameinum, eins og krabbameini í blöðruhálskirtli. Í munntóbaki hafa fundist 28 krabbameinsvaldandi efni. Alvarlegust eru nítrósamín og pólóníum-210, sem er geislavirkt efni.

**Dæmi þrjú:**

„Enn sem komið er hafa engin krabbameinsvaldandi efni fundist í rafsígarettureyk."

Svarið er rangt. Fundist hafa að minnsta kosti sjö krabbameinsvaldandi efni í rafsígarettureyk og önnur skaðleg efni.





Ef sjúkdómurinn greinist á fyrri stigum er meðferðin einfaldari og horfurnar góðar. Ef hann er hins vegar lengra genginn við greiningu vandast málið. MYND/EYÞÓR







# Yfir 90 prósent sjúklinga hafa reykt

**Arnar Þór Guðjónsson**, yfirlæknir háls-, nef-, og eyrnalækninga á Landspítalanum, meðhöndlar sjúklinga sem fá flöguþekjukrabbamein á höfuð- og hálssvæði en þau eru í yfir níutíu prósentum tilfella tengd reykingum. Hann segir meðferðina oftar en ekki þunga og lífsgæði þeirra sem greinast skert. Það fari þó eftir því á hvaða stigi sjúkdómurinn greinist. Hann segir flesta hætta að reykja eftir greiningu.

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



Flöguþekjukrabbamein á höfuð- og hálssvæði getur komið fram í raddböndum, koki, munnholi, tungurót, tungu og vörum svo dæmi séu nefnd. Meðalaldur við greiningu er um 60 ár. Yfir 90 prósent sjúklinga hafa reykt. Höfuð- og hálssvæðið er eðli málsins samkvæmt mjög útsett fyrir tóbaksreyk. Ef áfengis hefur auk þess verið neytt í óhófi allt upp í fertugfaldast áhættan á að mynda krabbamein af þessu tagi. Að meðaltali greinast um 20-30 einstaklingar á ári.

„Ef sjúkdómurinn greinist á fyrri stigum er meðferðin einfaldari og horfurnar góðar. Ef hann er hins vegar lengra genginn við greiningu vandast málið. Meðferðin verður fjölþættari og kallar á samstarf fleiri faggreina," segir Arnar. „Fyrst kemur til kasta okkar háls-, nef- og eyrnaskurðlækna en svo getur þurft að kalla til lýtalækna til að enduruppbyggja vefi sem hefur þurft að fjarlægja. Eins eru krabbameinslæknar mikilvægur hluti af teyminu. Þeir beita geislameðferð, með eða án lyfjameðferðar, sem eftirmeðferð eða frummeðferð í völdum tilvikum. Í teyminu eru sömuleiðis hjúkrunarfræðingar, næringarfræðingar og talmeinafræðingar," upplýsir Arnar.

## Meðferðin löng og strembin

Þegar sjúkdómurinn er lengra genginn er meðferðin yfirleitt löng og strembin. „Geislameðferðin ein og sér tekur að minnsta kosti sjö vikur. Hún getur reynst sjúklingum þung enda verið að geisla svæði sem þeir nota til að anda og nærast. Margir upplifa svo kyngingarvandamál, munnþurrk og bragðskynstruflanir til frambúðar og langflestir megrast."

En hver eru einkennin? „Það fer eftir því á hvaða svæði sjúkdómurinn kemur fram. Ef hann er á raddbandi verður sjúklingurinn hás, ef hann er í koki geta komið fram kyngingarerfiðleikar og stundum getur birst eymslalaus hnútur á hálsi. Ef hann er í nefholi getur sjúklingur orðið stíflaður og fengið blóðnasir. Sjúkdómurinn getur líka komið fram í munnholi og á vörum og þá sést hann yfirleitt með berum augum. Ef hann er djúpt ofan í kokinu getur hann hins vegar verið búinn að vaxa talsvert áður en einkenna verður vart," útskýrir Arnar.

Afleiðingarnar fara eftir því hvar sjúkdómurinn kemur fram og hversu langt hann er genginn. „Ef sjúklingur er með útbreitt krabbamein á raddböndum sem búið er að geisla án árangurs getur þurft að fjarlægja allt barkakýlið og skilja eftir gat á hálsi. Sjúklingurinn missir þá röddina en getur myndað hljóð og gert sig skiljanlegan með tungu og kokvöðvum," upplýsir Arnar en að jafnaði eru gerðar um þrjár slíkar aðgerðir á ári. „Ef krabbamein í slímhúð grefur sig inn í bein getur þurft að taka stóran hluta af neðri kjálka og byggja hann upp á ný með beini úr fæti, en hvort tveggja hefur eins og gefur að skilja í för með breytt útlit og skert lífsgæði. Það sama á við um margar aðrar birtingarmyndir þessa meins."

Arnar segir að horfur hjá þeim sem greinast á seinni stigum mættu vera betri. „Krabbameinið getur líka dreift sér til eitla í hálsi en við það versna horfurnar. Ef meinið nær að dreifa sér í lungu og bein er staðan orðin mjög slæm."

## Flestir hætta að reykja

Aðspurður segir Arnar alla sjúklinga sem greinast með krabbamein af þessu tagi hvatta til að hætta að reykja og að flestir geri það. „Rannsóknir sýna að ef menn halda áfram eru horfurnar sjálfkrafa 25-30 prósent verri."

En hvað með munntóbak? „Það veldur óumdeilanlega ertingu á slímhúð. Ekki hefur þó enn verið hægt að sýna fram á sömu tengsl á milli munntóbaks og krabbameins og reyktóbaks og krabbameins. Hins vegar má benda á að það tók langan tíma að sýna fram á tengsl reykinga og krabbameins svo auðvitað er best að láta þetta allt saman vera. Það sama á við um rafrettur og aðrar tóbaksvörur enda vitum við ekkert um skaðsemi þeirra til langs tíma. Í dag erum við að meðhöndla sjúklinga sem byrjuðu að reykja fyrir áratugum síðan. Ég vona að við förum ekki að búa til ný vandamál."



# VELDU ÞÉR LYKILVIKU




## Á ÓB.IS OG ÞÚ STYÐUR MOTTUMARS

**-13 KR.**
**Í HEILA VIKU**

**5 KR. TIL MOTTUMARS AÐ AUKI**

MOTTU MARS

Í mars geturðu valið þér heila viku þar sem þú færð 13 kr. afslátt af lítranum og 5 krónur af hverjum lítra renna auk þess til átaks Krabbameinsfélagsins. Njóttu ávinningsins og láttu gott af þér leiða!

**SKRÁNING Á OB.IS**

Ef þú átt ekki ÓB-lykil geturðu sótt um hann á ob.is eða á næstu Olís-stöð

**ÓB OG OLÍS**

Gildir fyrir lykil- og korthafa ÓB og Olís

ÓB

PIPAR\TBWA • SÍA

# Staðreyndir um tóbak og reykingar

Rannsóknir sýna að sígarettureykingar auka hættu á 17 tegundum krabbameins og eru flest tilfellin af völdum lungnakrabbameina, sem er algengasta dánarorsök vegna krabbameina. Ágætur árangur hefur náðst í tóbaksvörnum undanfarin ár en betur má ef duga skal.

## Munntóbak

- 23% ungra karla á aldrinum 18 til 24 ára nota munntóbak daglega eða um 4.000 karlar á þessum aldri
- Um 26% þeirra sem nota reyklaust tóbak reykja einnig sígarettur
- Munntóbak eykur líkur á krabbameini í munnholi, brisi og vélinda

## Rafsígarettur

- Rafsígarettur eru eflaust mun skárri kostur en sígarettur. Það er hins vegar of snemmt að segja til um langtímaáhrif af notkun þeirra.
- Um fjórðungur íslenskra barna í 10. bekk og helmingur framhaldsskólanema hafa notað rafsígarettur.
- Rannsóknir sýna að börn sem nota rafsígarettur eru líklegri til að leiðast út í sígarettureykingar.
- Ungum börnum stafar bráð hætta af nikótínvöka sé hann drukkinn. Nikótínvökvi er gjarnan seldur í sælgætisbúningi. Einungis einn millilítri af nikótíni getur valdið öndunarstoppi og dauða hjá ungu barn.i
- Embætti landlæknis og Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO) mæla með því að rafsígarettur falli undir tóbaksvarnalög, líkt og venjulegar sígarettur.



**1/4**

**íslenskra barna í 10. bekk og helmingur framhaldsskólanema hafa notað rafsígarettur.**



**23%**

**ungra karla á aldrinum 18 til 24 ára nota munntóbak daglega eða um 4.000 karlar á þessum aldri.**

**Meðalreykingamaður eyðir um**

**500.000 kr.**

**í sígarettur á ári. Eftir 20 ár er hann búinn að eyða 10 milljónum.**





# HÆTTU NÚ ALVEG!

## Málþing um tóbaksvarnir
## 14. mars, kl. 13–16 í Kaldalóni, Hörpu

### DAGSKRÁ

**13:00** **Setning**. Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra setur þingið.

**13:10** **Skattlagning í þágu bættrar lýðheilsu.** Ángel López, prófessor í hagfræði við *Technical University of Cartagena (UPCT)* á Spáni, fjallar um hvernig við getum notað skattlagningu til að bæta heilsu þjóðarinnar.

**13:50** **Rafsígarettur – undur eða ógn?** Charlotte Pisinger, vísindamaður við *Research Centre for Prevention and Health* í Kaupmannahöfn, fjallar um hvort rafsígarettur leiði til byltingar í samfélaginu og hvort ógn stafi af þeim.

**14:40** **Fundarhlé.** Veitingar í boði fyrir gesti.

**15:00** **Kostnaður þjóðfélagsins af reykingum.** Jónas Atli Gunnarsson kynnir fyrstu niðurstöður úr könnun *Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands*.

**15:20** **Pallborðsumræður.** Guðmundur Þorgeirsson stjórnar umræðum. Ángel López, Charlotte Pisinger, Jónas Atli Gunnarsson og Birgir Jakobsson landlæknir svara spurningum úr sal.

**16:00** **Dagskrárlok.**

Fundarstjóri er Guðmundur Þorgeirsson, prófessor, sérfræðingur í hjartalækningum. Þingið fer að mestu fram á ensku.

**Málþingið er öllum opið og aðgangur ókeypis. Tilkynna þarf þátttöku með því að senda póst á krabb@krabb.is í síðasta lagi 13. mars.**

Embætti landlæknis Directorate of Health · HÁSKÓLI ÍSLANDS · Krabbameinsfélagið

## Sígarettureykingar

- Um 90% lungnakrabbameina má rekja til tóbaksreykinga. Tíðni reykinga hefur lækkað jafnt og þétt undanfarna áratugi. Þó reykja enn 14% karla, 9% daglega og 5% sjaldnar en daglega. Það eru um 17. 700 karlar.
- Lífslíkur reykingamanna eru að meðaltali 10 árum minni og dánartíðnin er um þrisvar sinnum hærri í samanburði við þá sem hafa aldrei reykt.
- Sígarettureykingar auka líkur á 17 tegundum krabbameina.
- Yfir 7.000 mismunandi efni og efnasambönd finnast í tóbaki, um 250 þeirra eru skaðleg og 70 eru skráð sem krabbameinsvaldandi hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO).
- Meira en 3.000 börn og unglingar í grunn- og framhaldsskólum landsins reykja daglega.
- Meðalreykingamaður eyðir um hálfri milljón króna í sígarettur á ári. Eftir 20 ár er hann búinn að eyða 10 milljónum.
- Líkt og að skerða blóðflæði til hjartans þá skerða efnin í tóbaksreyk einnig blóðflæði til getnaðarlimsins sem getur valdið stinningarvandamálum.
- Þeir sem hætta að reykja fyrir 35 ára aldur eru með svipaðar lífslíkur og þeir sem aldrei hafa reykt. Þeir sem hætta milli 35 og 44 ára minnka líkur sínar á að deyja úr reykingatengdum sjúkdómum um 90% og þeir sem hætta milli 45 og 54 ára minnka líkurnar um 60%.

### Óbeinar reykingar

- Öndun barna er hraðari en hjá fullorðnum og lungu þeirra eru minni að rúmmáli. Barn andar því að sér hlutfallslega meira af krabbameinsvaldandi efnum í sígarettureyk en fullorðinn myndi gera í sama umhverfi
- Börn sem anda að sér óbeinum reyk eru líklegri en önnur til að þjást af astma, eyrnabólgum, öndunarfærasjúkdómum og að deyja vöggudauða

**» Á heimsvísu eru börn um 10% af þeim sem látast af völdum óbeinna reykinga.**

**90%** lungnakrabbameina má rekja til tóbaksreykinga.

**82** karlar greinast árlega með lungnakrabbamein og 64 karlar látast úr meininu

## Almennt um tóbak

- Flestir kúgast og þeim líður illa fyrst þegar þeir nota tóbak. Það eru eðlileg viðbrögð. Líkaminn er að senda skilaboð um að tóbak sé eitur og að best sé að forðast það. Menn byrja því ekki að nota tóbak af því að þeim finnst það gott
- Eftir að hafa ánetjast tóbaki er mjög erfitt að hætta. Einungis 3% tekst að hætta í fyrstu tilraun, eða einum af hverjum þrjátíu
- Nikótín og önnur efni í tóbaki mælast í sáðvökva karla sem nota tóbak. Sáðvökvinn gegnir því hlutverki að vera næring fyrir sáðfrumurnar. Efnin í munntóbaki dreifast þannig um allan líkamann og geta haft áhrif á starfsemi fjarlægra líffæra
- Því yngri sem maður er þegar fiktið byrjar því meiri líkur eru á að verða háður tóbaki því heilinn hefur ekki tekið út fullan þroska fyrr en um tvítugt og er því viðkvæmari fyrir ávanabindandi efnum en hjá fullorðnum. Langflestir fullorðnir sem eru háðir tóbaki byrjuðu að fikta fyrir tvítugt
- Nikótín eykur hjartsláttartíðni og blóðþrýsting, sem getur valið hjartsláttartruflunum
- Ef móðir neytir nikótíns í einhverju formi á meðgöngu getur heili barnsins orðið fyrir varanlegri þroskaskerðingu ásamt því að nikótínið eykur líkur á fyrirburafæðingu og andvana fæðingum

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM

PANTAÐU SNEMMA OG FÁÐU STEININN
SETTAN UPP TÍMANLEGA FYRIR SUMARIÐ



NR. 116-5
VERÐ KR. 186.000
~~316.100~~



NR. 2042
VERÐ KR. 149.900
~~276.600~~



NR. 2046
VERÐ KR. 270.220
~~408.900~~



NR. 2006 AURORA
VERÐ KR. 265.420
~~402.900~~



NR. 104 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 329.420
~~482.900~~



NR. 113 PARADISO
VERÐ KR. 297.420
~~442.900~~



NR. 2021
VERÐ KR. 304.620
~~451.900~~



NR. 115
VERÐ KR. 369.420
~~532.900~~



NR. 118 PARADISO
VERÐ KR. 313.420
~~462.900~~



NR. 129-3 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 385.420
~~552.900~~

ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚIN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

## BÍLAR & FARARTÆKI

**bilaborg.is**
**Sími 517-1111**



M.BENZ S 500 4matic long . Árgerð 2005, ekinn 94 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.290.000 Rnr.134229. Mjög vel búinn. Er á staðnum. Umboðsbíll frá Öskju uppl 696-1001



M.BENZ S 450 4matic metan bensín. Árgerð 2010, ekinn 109 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð stgr 6.450 þús. Eingöngu stgr Rnr.133112. Er á staðnum. Bíll með öllu. Uppl 696-1001

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

**Bílalíf**



**GOTT VERÐ 2.590.000.-**

RENAULT CLIO EXPRESSION ECO DYNAMIC.Árg.2014,ek. aðeins 11.þ km,dísel,sjálfskiptur, leður,glerþak ofl,er á staðnum. Rnr.353516.S:562-1717.



**GOTT VERÐ 2.590.000.-**

OPEL ZAFIRA TOURER COSMO. Árg.2012,ek.aðeins 34.þ km, dísel,6 gírar,er á staðnum. Rnr.105136.S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**Toyota Kauptúni**



TOYOTA Land cruiser 150 vx aukasæti. Árgerð 2013, ekinn 85 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Betra verð 7.590.000. Rnr.990799.

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6, 210 Garðabær**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is**
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



LAND ROVER Discovery s. Árgerð 2014, ekinn 75 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 8.690.000. Rnr.340350.



HONDA Cr-v elegance. Árgerð 2008, ekinn 132 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.115646.



AUDI Q5 quattro. Árgerð 2014, ekinn 8 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 6.990.000. Rnr.211862.



NISSAN X-trail. Árgerð 2008, ekinn 162 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.115665.

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is**
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



MMC Outlander intesyle + ev hybrid. Árgerð 2016, ekinn 26 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.340.000. Rnr.212002.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar til sölu



WV golf árg 2001 beinskiptur 1,4 vél ekinn 207 þús ný negld vetrardekk ný tímareim góður bíll verð 290 þúsund 8927852



**ATVINNUTÆKIFÆRI!!**

Hjólastillingartæki með lyftu til sölu sem er einfalt í notkun og allir ættu að geta lært á, flott atvinnutækifæri.. Tækið er 1 árs og er frá fyrirtækinu Sirio sem er ítalskt Lyftan tekur 4,2 tonn með minni lyfta sem tekur 3,5 tonn. Verð 2.900.000 Uppl í síma 899-4009

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

Þarfnast bíllinn viðhalds eða viltu einfaldlega losna við hann. S. 8682352


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU


# Nýir Toyota Auris Hybrid

# Komdu við og prófaðu

**AÐEINS KR.**
**2.990**
**ÞÚSUND**

**VEL BÚINN BÍLL**

- **Bakkmyndavél**
- **Álfelgur**
- **Handfrjáls búnaður**
- **Litað gler**

**...og margt fleira**




*M.v 20% útborgun til 84 mánaða

**Til afgreiðslu núna – Komdu og prófaðu – 5 ára ábyrgð – Allt að 90% lán – Skoðum með uppítöku á notuðum bílum**

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

**opið í dag 10-18**
**kaffi á könnunni**

**STÓRA BÍLASALAN**
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

## Vinnuvélar




## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Hjólbarðar




**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

## Varahlutir




# PJÓNUSTA

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Málarar

Málarameistari getur bætt við sig inni og úti verkefnum Upp. s. 821 1333 Verkfar ehf

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

**FRAMTAL 2017**
Framtöl einstaklinga, verktaka

og rekstraraðila.

Góð og traust þjónusta.

Vönduð vinna.

FRAMTALSPJÓNUSTAN, Ármúla 19.

Sími 533 1533.

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Húsaviðhald



**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss, uppslátt og fl. Áratuga reynsla. S. 867 7753

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Vélar og verkfæri



Til leigu bygginakrani, sjálfreisanlegur H:25/L:35. Er á dollí, þæginlegur í flutningi og tekur 30min að reisa. S:8925309

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði óskast

Feðgin óska eftir húsi í Sandgerði , Höfnum eða Stafnesi í langtímaleigu. Erum í fullri vinnu. S. 857 3532

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 07:00-13:00 eða 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða á netinu, slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

**PRIF OG AÐSTOÐ Í BAKARÍ**
Röskur, stundvís og heilsuhraustur starfskraftur óskast til vinnu við þrif og aðstoð í bakaríi og önnur tilfallandi störf í Kópavogi. Vinnutími alla virka daga frá kl. 9-16 Parf að hafa bílpróf. Einnig vantar afgreiðslu konu á besta aldri í hlutastarf til almennra bakarístarfa.
**Áhugasamir sendi umsókn og/ eða ferilskrá á: kokuhornid@kokuhornid.is**

**SMIÐA.IS**
óskar eftir að ráða smiði til hinna ýmsu smíðastarfa. Uppl. í s. 899 7262 og smida@smida.is

Fish factory in hafnarfjordur looking for people for work. Need people for trimming fish and one person for forklift work. Send to magnus@eriktheredseafood.com

Fiskverkun í hafnarfirði vantar fólk í snyrtingu og lyftaramann. Umsóknir sendist á magnus@eriktheredseafood.com

Work! Need person with some experience to work on house, concrete and more. Information: 6185286, Þórður.

Veitingahúsið Sukhothai óskar eftir að ráða 2 kokka sem geta eldað asíu mat. Uppl. Sukhothai.sukhothai@yahoo.com

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra

starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

## Viðskiptatækifæri

**TIL SÖLU LÍTIL BÍLALEIGA**
Tvær heimasíður - tvöföld markaðssetning. Bara rekstur - engir bílar fylgja. Góður stökkpallur inn á ört vaxandi markað. Auðveld kaup og gott tækifæri. V: 7,9 m. Uppl. í S: 770-0111

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**HRINGIÐ Í STÍNU!**
Hún er alltaf til í heitt spjall. Opið frá 18 Sími 905-2100 Geymið auglýsinguna.




## tilkynningar

**Happdrætti Húsnæðisfélags S.E.M. Útdráttur 24.feb 2017**
SEM samtökin þakka öllum þeim sem tóku þátt í happdrættinu innilega fyrir stuðninginn

**KIA Picanto LX 1.0 beinskiptur að verðmæti 1.880.777**
712

**Ferðavinningur frá Heimsferðum að verðmæti 300.000**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 7098 | 9548 | 35177 | 36606 | 45702 |
| 62526 | 70230 | 78647 | 81487 | |

**49" Philips 4K snjallsjónvarp frá Heilistækjum að verðmæti 199.995**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 387 | 582 | 1762 | 2380 | 38298 |
| 47219 | 51494 | 66112 | 77678 | 78557 |

**Ferðavinningur frá Heimsferðum að verðmæti 150.000**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 564 | 12762 | 31966 | 46856 | 68386 | 85576 |
| 628 | 13898 | 31974 | 48408 | 69317 | 85590 |
| 1443 | 14000 | 32103 | 49894 | 69608 | 85725 |
| 1702 | 15263 | 33773 | 49980 | 70230 | 86520 |
| 1774 | 16727 | 33860 | 50242 | 70454 | 86825 |
| 2348 | 18984 | 34653 | 50445 | 74522 | 86865 |
| 3573 | 20219 | 34801 | 52000 | 74567 | 88570 |
| 4717 | 21364 | 35177 | 53080 | 74571 | 90367 |
| 4986 | 21371 | 35550 | 53640 | 76099 | 90578 |
| 5001 | 21402 | 35615 | 55729 | 76453 | 90610 |
| 5118 | 22000 | 36136 | 56608 | 76948 | 90766 |
| 5680 | 22053 | 36606 | 56899 | 77414 | 93210 |
| 6781 | 22875 | 36617 | 59157 | 78647 | 93704 |
| 6785 | 22967 | 37260 | 59518 | 79324 | 93941 |
| 6973 | 24589 | 37427 | 60592 | 79430 | 94291 |
| 7098 | 24904 | 39710 | 60654 | 80592 | 96179 |
| 7682 | 25476 | 40496 | 62511 | 80690 | 96204 |
| 8255 | 25670 | 40984 | 62526 | 81219 | 96689 |
| 8258 | 25942 | 41863 | 63951 | 81487 | 96741 |
| 8918 | 28332 | 41973 | 64310 | 82028 | 97195 |
| 9041 | 28804 | 42545 | 64536 | 82565 | 97478 |
| 9239 | 29819 | 43511 | 64914 | 82744 | 97790 |
| 9548 | 30022 | 44899 | 65342 | 82913 | 99032 |
| 9667 | 30070 | 45573 | 66467 | 83042 | 99054 |
| 10151 | 30567 | 45702 | 66875 | 83816 | |
| 11463 | 31090 | 46007 | 67098 | 84146 | |
| 11622 | 31316 | 46842 | 67132 | 85079 | |

**Fartölva frá Tölvulistanum að verðmæti 99.995**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 925 | 14685 | 36481 | 50029 | 69563 | 88271 |
| 5191 | 18323 | 37055 | 50098 | 71510 | 89390 |
| 5509 | 21903 | 38557 | 50812 | 74240 | 91180 |
| 8130 | 22310 | 41910 | 51527 | 75756 | 93722 |
| 10111 | 22644 | 45090 | 58616 | 80080 | 96905 |
| 13907 | 22892 | 47133 | 59317 | 84687 | 99390 |
| 13949 | 24111 | 48190 | 63373 | 87066 | |
| 14068 | 25407 | 48294 | 64592 | 87995 | |

**Vinninga ber að vitja innan árs frá útdrætti.
Upplýsingar í síma 588-7470 og á www.SEM.is
Birt án ábyrgðar**

## fundir

# Aðalfundur
### Rauða krossins í Reykjavík

**Aðalfundur Rauða krossins í Reykjavík verður haldinn á morgun, fimmtudaginn 9. mars, 2017, í húsnæði deildarinnar að Efstaleiti 9. Fundurinn hefst kl. 17:30.**

Dagskrá
1. Kosning fundarstjóra
2. Skýrsla/greinargerð um starf deildarinnar
3. Skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu
4. Framkvæmda- og fjárhagsáætlun lögð fram
5. Innsendar tillögur
6. Kosning deildarstjórnar skv. 21. gr. laga Rauða krossins
7. Kosning skoðunarmanna og varamanna þeirra
8. Önnur mál
9. Kaffihlé
10. Viðurkenning á skyndihjálparmanni ársins í Reykjavík
11. Viðurkenning sjálfboðaliða
12. Halldóra Pálsdóttir segir frá starfseminni í Vin

Sjá nánar á www.raudikrossinn.is

Rauði krossinn
Reykjavík

## tilkynningar

# Innköllun hlutabréfa

Stjórn Valitor Holding hf., kt. 511207-0100 („Valitor Holding“), gerir kunnugt að með heimild í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og gr. 2.7 í samþykktum félagsins hefur hún tekið ákvörðun um að hlutabréf í félaginu verði tekin til rafrænnar skráningar í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. Rafræn skráning tekur gildi mánudaginn 12. júní 2017 kl. 9.00 árdegis. Frá þeim tíma eru hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu ógild í samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr. II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000, um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum og reglugerð nr. 397/2000, um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfa-miðstöð.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf Valitor Holding tekin til rafrænnar skráningar, en þau eru öll í einum flokki, auðkennd raðnúmerum 1-18 og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudagsetningar er getið á hverju bréfi. Að lokinni rafrænni skráningu verður nafnverð hvers hlutar ákveðið 1 -ein- króna eða margfeldi þar af.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Valitor Holding að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til hlutaskrár Valitor Holding, Dalshrauni 3, 220 Hafnarfirði. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, sbr. 10. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar í Lögbirtingablaði. Gæta skal þess að reikningsstofnun hafi gert aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð hf.

Stjórn Valitor Holding hefur ákveðið að eftir að innköllunarfrestur er liðinn og rafræn skráning á ofangreindum hlutabréfum hefur átt sér stað í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. skuli arðgreiðslur til hluthafa einungis fara fram í gegnum kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf., sbr. heimild í 4. tölul. 54. gr. reglugerðar nr. 397/2000.

Að lokinni rafrænni skráningu geta hluthafar falið reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. umsjón með eignarhlut sínum í félaginu. Hluthafar munu fá sendar tilkynningar og reikningsyfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

*Hafnarfirði, 2. mars 2017.*
*Stjórn Valitor Holding hf.*







Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is






merki í fataverslun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Árni bendir á þá umræðu sem komið hefur upp í þjóðfélaginu með tilkynningum H&M og Costco um opnanir verslana þeirra hér á landi. Umræðunni hafi meðal annars fylgt vitundarvakning meðal neytenda þegar komi að verðlagningu og samkeppni sem hafi leitt til þess að mörg verslunarfyrirtæki séu nú að skoða sín mál.

„Svo er vefverslun að aukast mikið. Þetta kallar á það hjá öllum, eins og við höfum gert, að menn skoði bæði innkaupsverðið og hvernig þeir geta hagrætt í rekstri og boðið lægra verð. En við verðum líka að horfa til þess að við erum með fólk í vinnu og viljum borga góð laun.“

**Loka Dorothy Perkins**

Verslunarfyrirtækið Hagar, sem hefur síðustu ár rekið margar af þekktustu tískuvöruverslunum landsins, hefur ákveðið að loka báðum Topshop-verslunum sínum í Smáralind og Kringlunni. Finnur Árnason, forstjóri Haga, staðfesti þetta við Vísi og sagði ákvörðunina hafa verið tekna í ljósi þess að stutt væri eftir af leigusamningum um verslunarplássin tvö. Daginn áður en frétt Vísis birtist höfðu Hagar lokað verslun Hagkaupa á 2. hæð Kringlunnar þar sem H&M mun opna síðar á árinu. Þar höfðu þeir rekið eina af fimm fataverslunum F&F hér á landi.

Ekki kom fram í frétt Vísis að Hagar tóku í síðasta mánuði einnig ákvörðun um að loka fataversluninni Dorothy Perkins í Smáralind sem var rekin við hliðina á Topshop. Verslununum þremur verður öllum lokað í maí en þær eru starfræktar með sérleyfissamningum við Arcadia Group Brands í Bretlandi.

H&M í Smáralind verður einnig opnuð síðar á árinu og þá í sama verslunarplássi og Debenhams var áður í. Sú verslun var einnig rekin af Högum og henni lokað í byrjun árs. Hagar ráku einnig Warehouse-deild í Debenhams í Smáralind en tískuvöruverslun undir því nafni var einnig rekin í Kringlunni þangað til í nóvember í fyrra. Þá lokuðu Hagar einnig Karen Millen í Smáralind í febrúar 2016 og Evans, fataverslun með stærðir í 14-32, í júní í fyrra. Fyrirtækið rekur enn tvær verslanir Zöru, Karen Millen í Kringlunni og íþrótta- og útivistarvöruverslunina Útilíf.




Lindex var opnuð í Smáralind í nóvember 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Horfir bjartsýnn fram á veginn

Albert Þór Magnússon, einn eigenda Lindex á Íslandi, sem rekur fataverslanir í Kringlunni, Smáralind og á Glerártorgi á Akureyri, segir ekki stefnt að fækkun á fermetrafjölda fyrirtækisins. Fagnar hann komu H&M og segist horfa bjartsýnn fram á veginn.

„Það er mikilvægt að horfa til þess að þeir eru með stóra markaðshlutdeild hér nú þegar. Viðbrögðin okkar eru því engin önnur en þau að við munum halda áfram og ætlum ekki að fækka fermetrum. Enda höfum við byggt okkar verslanir upp þannig að þar sé viðráðanlegur fermetrafjöldi. Við fögnum þessum breytingum og samkeppni en við höfum okkar sérstöðu sem við munum halda áfram að keyra á,“ segir Albert.



**Albert Þór Magnússon, einn eigenda Lindex á Íslandi.**

**42%**

**aukning var í erlendum netsendingum hingað til lands á síðasta ári.**

**12%**

**samdráttur varð í fataverslun í janúar milli ára.**

**H&M hefur mikil áhrif**

Guðjón Auðunsson, forstjóri fasteignafélagsins Reita, segir stjórnendur Kringlunnar nú vinna með erlendum ráðgjöfum að framtíðarþróun verslunarmiðstöðvarinnar og svæðisins í kring. Tilefnið sé 30 ára afmæli Kringlunnar í ágúst næstkomandi en einnig breytingar í verslunarháttum og þá ekki síst vegna aukinnar hlutdeildar netverslunar.

„Við höfum sett af stað vinnu með erlendum ráðgjöfum og þeir munu skoða með okkur hvernig allt Kringlusvæðið getur þróast til næstu ára og áratuga. Hvaða drifkraftar það eru sem breyta þessu umhverfi, hvaða áhrif netverslunin hefur og í hvaða átt þetta er allt að stefna. Erlendis hafa verslunarmiðstöðvar tekið að sér meira félagslegt hlutverk eins og aukna afþreyingu og annað slíkt og það er vert að skoða þau mál,“ segir Guðjón.

*Þessi ákvörðun ykkar um að taka H&M inn í Kringluna virðist hafa hreyft við mörgum verslunareigendum í húsinu?*

„H&M með ákvörðun sinni um innkomu inn á íslenska markaðinn hefur auðvitað mikil áhrif. Það er staðreynd að stór hluti af íslenskri fataverslun hefur átt sér stað erlendis. Það sem verður áhugavert að upplifa sem Íslendingur verður hvort þessi verslun muni flytja heim. Það verður áhugavert að fylgjast með þessu en við erum hvergi bangin í öllum þessum breytingum,“ segir Guðjón og bætir við að á næstu vikum verði tilkynnt um hver fái um eitt þúsund fermetra verslunarplássið sem myndast við hlið H&M með komu sænska fyrirtækisins.

Sturla Gunnar Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Smáralindar, segir viðræður standa yfir við eigendur annarra erlendra vörumerkja í fataverslun um opnun.

„Það eru mjög áhugaverð vörumerki en ég get ekki greint frá því á þessari stundu. Þau eru bæði í fataverslun og öðru. Svo hafa stórir aðilar hjá okkur verið að endurbæta verslanir fyrir tugi milljóna og eru að búa sig undir betri tíð. Reyndar er það svo að okkur vantar fleiri fermetra til að leigja,“ segir Sturla.

Lokun verslananna Topshop og Dorothy Perkins í Smáralind þýðir að tvö rými nálægt H&M, sem verður í suðurenda Smáralindar, losna í vor.

„Við erum með mjög skemmtilegar verslanir í þessi leigurými. Þetta snýst allt um samþættingu í húsinu og hvað það er sem okkur vantar. Við erum að sækjast eftir ákveðnum vörumerkjum og með H&M tókst okkur það sem engum hafði tekist eða að ná þeim til Íslands.“

DOMUSNOVA
Fasteignasala

# Erum að leita að samstarfsaðila

Uppbygging og rekstur hótels og hótelíbúða.







**Haukur Halldórsson**
Hdl., Löggiltur fasteignasali
Ábyrgðarmaður Domusnova
S: 789-5560
domusnova@domusnova.is

**Agnar Agnarsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala/
Lauk lög.námi 2003.
S: 820-1002
agnar@domusnova.is

**Fyrirhugað er að hefja framkvæmdir við 150-200 herbergja hótel ásamt hótelíbúðum við Skeljabrekku í Kópavogi.**

Byggingarlóðin er tilbúin til byggingar
Byggingarmagn á lóð allt að 12.700 fm
Rekstraraðili getur komið að hönnun og skipulagi hótelsins frá byrjun
Glæsilegt útsýni m.a. yfir Fossvog og Öskjuhlíð
Mikil uppbygging er að hefjast á svæðinu

Nýbýlavegur 8 - 200 Kópavogur - Austurvegur 4 - 800 Selfoss - www.domusnova.is - S: 527 1717

# Forstjóra GAMMA finnst fátt betra en rokkið á X-inu

## Svipmynd

**Valdimar Ármann**

> **Er nánast alæta á tónlist en það fer eftir því hvað er verið að gera hverju sinni.**

Valdimar Ármann tók við sem forstjóri GAMMA Capital Management á Íslandi um síðustu mánaðamót. Valdimar gegndi áður starfi framkvæmdastjóra sjóða hjá GAMMA og er meðal fyrstu starfsmanna félagsins. Valdimar situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins

*Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári?* Gríðarlega jákvæð og batnandi staða íslensks hagkerfis kemur mér enn mest á óvart – við erum að ganga í gegnum mikið umbreytingarskeið og í því felast miklar áskoranir. Í rauninni hefur staðan líklega aldrei verið betri og nú er komið að því að spila sem best úr þeim spilum sem hafa verið lögð á borðið.

*Hvaða app notarðu mest?* Ég nota nokkur líklega álíka mikið, það er til að fylgjast með íþróttaiðkun eins og Strava og Activity, Spotify til að hlusta á tónlist og síðan, tengt vinnu og samskiptum tengdum henni er töluverð notkun á LinkedIn, Kodiak Mobile og Skype Business.

*Hvað gerir þú í frístundum þínum?* Frítíma mínum eyði ég mest með fjölskyldunni og þar sem yngstu krílin eru farin að eldast aðeins þá sjáum við fram á frekari ferðalög saman til að skoða nýjar og spennandi borgir og staði. Það er fátt betra en að komast á skíði eða í stangveiði og alltaf er gott að grípa í góða bók.

*Hvernig heldur þú þér í formi?* Hef notað langhlaup til að halda mér í formi undanfarin ár með því að setja ákveðin hlaup sem markmið, til dæmis Reykjavíkurmaraþon eða München-maraþonið, sem halda aga á æfingaáætlunum. Útihlaup eru frábær leið til að hreinsa hugann, fá sér ferskt loft og endurnæra líkama og sál. Samhliða hlaupum reyni ég jafnframt að taka reglulega styrktaræfingar.

*Hvernig tónlist hlustar þú á?* Er nánast alæta á tónlist en það fer eftir því hvað er verið að gera hverju sinni. Ég nýt þess að hlusta á klassíska músík Sinfóníuhljómsveitar Íslands eða rólegan og léttan djass Noruh Jones eða Katie Melua á kvöldin. Á hlaupunum er það yfirleitt tónlist frá níunda áratugnum sem ræður ríkjum en á leiðinni í vinnuna er sjaldan eitthvað betra en rokkið á X-inu.

*Ertu í þínu draumastarfi?* Ég hef starfað á fjármálamarkaði frá 1998, bæði hérlendis og erlendis, og finnst ég jafnt og þétt alltaf vera að koma mér betur og betur fyrir í starfinu. Það er af nógu að taka, nýjar áskoranir og spennandi verkefni sem gera þetta sannarlega að draumastarfi.



Valdimar Ármann, nýr forstjóri Gamma á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Havila Shipping hefur glímt við mikla rekstrarörðugleika síðan olíuverð fór að hrynja á seinni hluta árs 2014.

# Fengu kauprétt fyrir milljarðana til Havila

**Fjárhagslegri endurskipulagningu Havila Shipping í Noregi lauk í síðustu viku. Arion banki og Íslandsbanki lánuðu fyrirtækinu 5,5 milljarða króna. Bankarnir fengu meðal annars kauprétt á alls 18 prósenta hlut í norska skipafélaginu.**

Arion banki fékk einungis fimmtán prósent upp í 3,8 milljarða króna lán sitt til Havila Shipping ASA, og kauprétt á 11,6 prósenta hlut í norska skipafélaginu, þegar fjárhagslegri endurskipulagningu þess lauk fyrir rúmri viku. Íslandsbanki, sem lánaði Havila 1,7 milljarða króna, fékk þá kauprétt á 6,54 prósentum til viðbótar við 3,68 prósenta hlut í fyrirtækinu. Skipafélaginu var forðað frá gjaldþroti í lok nóvember í fyrra en ljóst er að bankarnir tveir töpuðu miklu á lánveitingunum.

Kaupréttur Arion banka er fyrir 158 milljónum hluta í fyrirtækinu á genginu 0,156 norskar krónur. Eignarhluturinn er því metinn á 24,6 milljónir norskra eða 316 milljónir króna. Bankinn má nýta sér kaupréttinn að tveimur árum liðnum og fram að janúar 2022. Lánið til Havila var veitt í júlí 2014 og nam 300 milljónum norskra króna eða 3,8 milljörðum króna miðað við núverandi gengi.

> **5,5**
> **milljarðar króna er upphæðin sem bankarnir tveir lánuðu Havila Shipping**

Íslandsbanki lánaði Havila 130 milljónir norskra króna í árslok 2014. Bankinn tók þá þátt í 475 milljóna norskra króna sambankaláni með Sparebank1 SMN í Noregi. Ólíkt láni Arion banka var meirihluti 1,7 milljarða króna krafna Íslandsbanka á norska fyrirtækið tryggður með veðum í eignum Havila.

„Bankinn er mjög ánægður með það að fjárhagsleg endurskipulagning Havila hafi verið kláruð. Komið var í veg fyrir frekara tjón með þessum samningum á milli kröfuhafa og eigenda Havila. Havila mun þar af leiðandi vera áfram í viðskiptum við Íslandsbanka en til viðbótar þá er bankinn nú orðinn hluthafi með 3,68 prósenta eignarhlut,“ segir í svari Íslandsbanka við fyrirspurn Markaðarins. Í henni var einnig spurt um áætlað tap bankans á lánveitingunni og því svarað að niðurstaðan hafi verið „ásættanleg“.

„Íslandsbanki fékk kauprétt í Havila en það mun ekki koma í ljós fyrr en eftir einhver ár hvort bankinn mun nýta sér þessi réttindi.“

Arion banki réðst í lok árs 2015 í verulega varúðarniðurfærslu á lánum til erlendra fyrirtækja í þjónustustarfsemi tengdri olíuleit. Greint var frá ákvörðuninni í ársreikningi bankans en ekki tilgreint sérstaklega hversu mikið útlánin til Havila voru færð niður. Lán Íslandsbanka til Havila var einnig fært niður í fyrra en bankinn hefur ekki viljað upplýsa um upphæð niðurfærslunnar.

**haraldur@frettabladid.is**

# Hlutabréfaviðskipti fruminnherja



**Gísli Halldórsson**
sjóðsstjóri hjá Íslandssjóðum

Í febrúar birtu flest skráð félög í Kauphöllinni ársuppgjör. Í kjölfar þeirra hefur fjöldi fruminnherja í félögunum nýtt sér tækifæri til að eiga viðskipti, í langflestum tilfellum til að selja. Nýjustu dæmin eru sala forstjóra N1 á bréfum fyrir um 9,6 milljónir og þá seldi fjármálastjóri Nýherja bréf fyrir 27 miljónir króna. Í kjölfarið lækkuðu hlutabréf í N1 um 11,83% og bréf í Nýherja lækkuðu um 14,66%. Síðustu vikur höfum við séð fjölmörg viðlíka dæmi þar sem lykilstjórnendur og stjórnarmenn hafa selt bréf í félögum sem þeir tengjast og markaðurinn hefur tekið illa í.

Fruminnherjar eru í viðkvæmari stöðu en aðrir hluthafar og hafa aðeins ákveðna glugga til að eiga viðskipti með bréf. Það er að hluta til vegna þess að þeir búa með reglulegu millibili yfir upplýsingum sem teljast ekki til opinberra upplýsinga. Þeir mega að sjálfsögðu ekki eiga viðskipti á meðan þeir búa yfir upplýsingum sem markaðurinn hefur ekki. Þetta getur jafnvel leitt til þess að yfir lengri tíma geta þessir aðilar ekki átt viðskipti og því er skiljanlegt í einhverjum tilfellum að þeir notfæri sér þessa glugga.

Margir hafa haft á því orð hversu neikvætt það sé að bæði lykilstjórnendur og stjórnarmenn í skráðu félögunum hér á landi eigi almennt lítið undir persónulega. Frasinn að vera með skinn í leiknum (e. Skin in the game) á vel við hér. Einhverjir vilja eigna Warren Buffet þessi orð en hvað sem því líður þá eru þau góð og gild og vísa í að æskilegt sé að stjórnarmenn og stjórnendur hafi sömu hagsmuni og hluthafar. Almenna reglan í dag virðist hins vegar vera sú að stjórnarmenn séu flestir óháðir og án eignarhlutar og að lykilstjórnendur eigi ekkert eða mjög lítið hlutafé í sínum félögum. Þessi þróun er því enn frekar gegn þeim málstað og æskilegt væri að koma okkur í þá vegferð að hagsmunir stjórnenda samrýmist meira hagsmunum hluthafa.

Það er þó eðlilegt að fruminnherjar geti sömuleiðis selt og tekið einhvern hagnað af borðinu. Það er hins vegar ekki eðlilegt að þegar þeir ætli sér að gera það lækki hlutabréfaverð félaga þeirra um tugi prósenta. Til þess að setja hlutina í samhengi þá seldi forstjóri N1 bréf fyrir 9,6 milljónir króna og þessi 9,6 milljóna viðskipti lækkuðu markaðsvirði N1 um tæpa fjóra milljarða. Við höfum ágætis fordæmi í Bandaríkjunum um reglu sem minnkar bæði tortryggni gagnvart sölu fruminnherja og dregur úr þessum öfgakenndu viðbrögðum, reglu 10b5-1. Hún gengur í einföldu máli út á það að fruminnherji, oftast lykilstjórnandi, á tíma þegar hann býr ekki yfir neinum innherjaupplýsingum setur fram áætlun um að selja alltaf ákveðið marga hluti á ákveðnum tíma mánaðarins næstu mánuði eða ár. Með þessu móti er tryggt að hagsmunum hluthafa, fruminnherja og markaðsaðila er best borgið. Það væri því æskilegt eftir reynslu síðastliðinna vikna að skoðað yrði að koma upp slíku kerfi sem gæti jafnframt orðið hvatning fyrir fleiri stjórnendur til þess að tryggja að þeir hafi skinn í leiknum.




elja
Starfsmannaþjónusta

# Þarftu að ráða starfsfólk?

## Láttu okkur ráða

Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

# Skotsilfur

## Slagur um formannsstól?



Ákvörðun Björgólfs Jóhannssonar, fráfarandi formanns SA, að bjóða sig ekki fram á ný kom fæstum á óvart enda hefur hann verið undir þrýstingi að einbeita sér að því að rétta við gengi Icelandair. **Eyjólfur Árni Rafnsson**, fyrrverandi forstjóri Mannvits, hefur þegar tilkynnt að hann hyggist gefa kost á sér sem eftirmaður Björgólfs. Leiðin í formannsstólinn ætti að vera greið fyrir Eyjólf en eins og áður hefur komið fram á þessum vettvangi rennir Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar, einnig hýru auga til þess að verða formaður SA.

## Sótt að Magnúsi



Samkvæmt frétt í DV á dögunum er **Magnús Garðarsson**, stærsti eigandi United Silicon á Íslandi, grunaður um að hafa með vítaverðum akstri valdið umferðarslysi. Kannaðist hann sjálfur ekki við að hafa verið handtekinn vegna þess eða að hafa gist fangaklefa á meðan á frumrannsókn stóð. Óháð því hvort málið endi fyrir dómi er ljóst að lögmenn Magnúsar og kísilversins munu hafa í nógu að snúast. ÍAV stefndi fyrirtækinu í fyrra og segir það skulda verktakafyrirtækinu rúman milljarð króna. Þá hefur stálinnflytjandi stefnt fyrirtækinu og Umhverfisstofnun hótar nú að loka því vegna tíðra mengunaróhappa.

## Leiðréttu klúður



Þrír stjórnarmenn í Lífeyrissjóði verslunarmanna (LV) og Birtu lífeyrissjóði, sem voru skipaðir í stjórnir sjóðanna sem fulltrúar SA, hafa sagt sig úr stjórnum lífeyrissjóðanna. Sú ákvörðun kom eftir að Fréttablaðið hafði greint frá því að stjórnarseta **Úlfars Steindórssonar** í Icelandair væri ekki í samræmi við nýjar reglur SA um að fulltrúar samtakanna í stjórnum sjóðanna sitji ekki einnig í stjórnum skráðra félaga. Úlfar, sem er varaformaður Icelandair, sagðist ekki hafa vitað af þessum nýju reglum. Í tilkynningu frá SA viðurkenna samtökin að betur hefði mátt standa að kynningu á umræddum breytingum og báðu hlutaðeigandi afsökunar.

# Stígur til hliðar



**Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku Samtaka atvinnulífsins. Í frétt á vef SA sagði Björgólfur tíma til kominn að einhver annar tæki við keflinu en hann hefur verið formaður SA í fjögur ár. Eyjólfur Árni Rafnsson, fyrrverandi forstjóri Mannvits, tilkynnti í gær að hann gæfi kost á sér í formannssætið.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Nokia og efnahagsvandræði Finnlands



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Nokia var áður fyrr Apple dagsins. Nú eiga allir iPhone-síma en á 10. áratugnum og í upphafi þessarar aldar áttu allir Nokia-farsíma. Ég sakna stundum enn gamla áreiðanlega Nokia-símans míns – ég hef átt þá nokkra.

Á síðustu tíu árum hefur hins vegar orðið breyting. Nokia hefur ekki lengur tæknilega yfirburði eins og áður. Það er í raun ekkert óvenjulegt við sögu Nokia að því leyti að fyrirtæki koma og fara. En það sem er óvenjulegt er hve mikilvægt Nokia varð á 10. áratugnum fyrir finnskt efnahagslíf. Ég man þegar Nokia var, fyrir 10-15 árum, næstum 90% af markaðsverðmæti finnska hlutabréfamarkaðarins. Finnska hagkerfið var Nokia.

En á síðustu tíu árum hafa orðið breytingar hjá Nokia. Fyrirtækið hefur tapað í tæknilega kapphlaupinu á milli símafyrirtækja heimsins. Í hagfræðinni er talað um neikvæðan skell í heildarframleiðni (e. total factor productivity).

### Undir í samkeppninni

Ég lít á heildarframleiðni sem mælingu á því hve vel við tengjum saman framleiðsluþættina sem við höfum – vinnuafl, fjármagn og hráefni. Augljóslega framleiðir Nokia tæknilega þróaðri farsíma í dag en fyrir 15 árum en alþjóðlegir keppinautar hafa bara þróast enn hraðar.

Ég legg áherslu á að hér er ég að alhæfa mjög mikið – ég er hvorki sérfræðingur í símaiðnaðinum né í Nokia og tilgangurinn er ekki að tala um Nokia sem fyrirtæki heldur um þjóðhagfræðileg áhrif neikvæða heildarframleiðni-skellsins sem Nokia varð fyrir. Þannig varð sá skellur fyrir Nokia neikvæður heildarframleiðni-skellur fyrir allt finnska hagkerfið.

Við getum litið á þann skell finnska hagkerfisins sem neikvæðan og varanlegan framboðsskell fyrir finnskt efnahagslíf, sem dregur úr langtímavexti í hagkerfinu.

Ef Finnland hefði haft sinn eigin gjaldmiðil hefði þetta örugglega þýtt að finnska markið, eins og það var kallað, hefði veikst. En Finnland er núna á evrusvæðinu svo að „markið“ getur ekki rýrnað. Þess í stað hefur finnska hagkerfið þurft að aðlagast minni hagvaxtaraukningu með því að aðlaga laun niður á við.

### Hagkerfið enn í basli

Hins vegar er finnski vinnumarkaðurinn mjög stífur og stjórnast af almennum kjarasamningum sem hafa gert launaaðlögun mun erfiðari en annars staðar á Norðurlöndunum. Afleiðingin er sú að Finnland hefur farið verr út úr efnahagskreppunni en til dæmis Ísland eða Svíþjóð. Eða að minnsta kosti hefur kreppan varað lengur þar. Svo á meðan sænska og íslenska hagkerfið hefur verið á batavegi í nokkurn tíma á finnska hagkerfið enn í basli.

En það gæti verið ljós við enda ganganna þar sem Nokia er nú að hefja á ný framleiðslu á hinum fræga Nokia 3310 farsíma. Því miður verður þetta hræódýr sími og það er vafasamt að þetta muni á nokkurn hátt bjarga finnska hagkerfinu, en Nokia-aðdáendur eins og ég geta allavega fagnað því að fá aftur tækifæri til að kaupa 3310.

> **Afleiðingin er sú að Finnland hefur farið verr út úr efnahagskreppunni en til dæmis Ísland eða Svíþjóð.**

# Áfram stelpur

## Hin hliðin



**Bjarnveig Eiríksdóttir**
hdl. LL.M., og FKA-félagskona.

Í dag er alþjóðlegur baráttudagur kvenna. Ráðstefnan „Öll störf eru kvennastörf“ hvetur til uppbrots hins kynskipta vinnumarkaðar. Íslenskur vinnumarkaður er talinn mjög kynskiptur. Lægri laun tíðkast í kvennastéttum. Kynbundið náms- og starfsval er talið viðhalda slíkum launamun kynjanna.

### Hvað er kvennastarf?

Stjórnunarstörf eru líka kvennastörf. Fjöldi kvenna í stjórnunar- og stjórnarstöðum hér á landi endurspeglar ekki fjölda kvenna með menntun í hagfræði, viðskiptafræði og lögfræði sem er menntun sem stjórnendur hafa oftast.

Samkvæmt lögum um kynjakvóta sem tóku gildi 2013 skal tryggja að í stjórnum fyrirtækja með fleiri en 50 starfsmenn sé hlutfall hvors kyns ekki lægra en 40%. Lögin gilda um yfir 300 fyrirtæki og höfðu strax þau áhrif að konum í stjórnum fyrirtækjanna fjölgaði úr 23% 2012 í u.þ.b. 33% 2015. Nýleg könnun Creditinfo bendir til þess að sambærileg þróun hafi ekki orðið hjá öðrum fyrirtækjum. Ekki hafi heldur fjölgað konum í hópi stjórnenda eða stjórnarformanna.

### Öðruvísi stjórnarhættir

Konur og karlar í stjórnunarstöðum hjá stórum fyrirtækjum eru sammála um að konur eru jafn hæfar körlum til að stjórna fyrirtækjum (Skýrsla félagsvísindasviðs HÍ 2015). Athyglisvert er að fleiri konur (57%) en karlar (43%) telja að miklu leyti mögulegt að samræma starf sitt höfuðábyrgð á fjölskyldu og börnum. Meirihluti kvenna í stjórnarstöðum telur að sem jafnast hlutfall stuðli að betri áhættustjórnun og fjárhagslegri afkomu fyrirtækis. Minnihluti karla telur svo vera. Erlendar rannsóknir sýna að góðir stjórnarhættir tengjast fjölda kvenna í stjórn og að skýr tengsl eru milli fjölda kvenna og góðrar afkomu fyrirtækja. Sally Krawcheck, sem var hjá bandarísku bönkunum Merill Lynch og Citi Group, segir að versta ráð sem hún hafi fengið í starfi hafi verið að hún ætti að haga sér eins og karlmaður. Þó það auðveldi stjórnendum að hafa einsleitan hóp sé ávinningur til lengri tíma að hafa meiri fjölbreytni.

Miðað við þetta ætti val á stjórnarmanni að vera auðvelt. Það á ekki að kjósa konu í stjórn af því að hún er kona. Konur nálgast stjórnun almennt á annan hátt en karlar. Það er skynsamlegt að tryggja slíka fjölbreytni.

NÝR JAGUAR F-PACE

# LÚXUSJEPPINN SEM ÞÚ HEFUR BEÐIÐ EFTIR.

JAGUAR




F-PACE er fyrsti hraðskreiði jeppinn í Jaguar-fjölskyldunni. Hér er kominn ótrúlega hagkvæmur sportbíll sem sameinar einstaka fegurð og snarpa aksturseiginleika. F-PACE er afar afkastamikill og með honum er hægt að velja aldrif eða afturhjóladrif og AdSR-gripkerfi sem greinir mismunandi yfirborð til að tryggja hámarksgrip. Hægt er að velja úr mörgum öflugum vélum sem eyða frá 4,7 l/100 km* og losa frá 139 g/km í blönduðum akstri. Í bílnum er rúmgóð 650 l farangursgeymsla auk þess sem fjölhæf 40:20:40 sætaskipanin býður upp á allt að 1.740 l farangursrými. Aukin þægindi eru fólgin í tómstundalyklinum, vatnsheldu armbandi sem læsir og aflæsir F-PACE. Hægt er að hafa það á sér í stað lykils með fjarstýringu. InControl upplýsinga- og afþreyingarkerfið sér svo um afþreyingu og tengingu til að allir njóti hverrar einustu ökuferðar.

**jaguarisland.is**

**F-PACE VERÐ FRÁ KR. 7.790.000**

**THE ART OF PERFORMANCE**

Bíll á mynd: Jaguar F-Pace R-Sport. Verð frá 8.690.000 kr.

* Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 8. mars 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Bretar klesstu Rollsinn

**Hópur þingmanna** á breska þinginu hefur nú, þvert á flokkslínur, sett fram þá tillögu að Bretar gangi að nýju í Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) þegar þeir ganga úr Evrópusambandinu. Bretar myndu með því hverfa aftur til þeirrar stöðu sem þeir voru í árið 1973 áður en þeir gengu í ESB.

**Fyrir þá** sem ekki muna þá eru Íslendingar meðlimir í EFTA, ásamt Norðmönnum, Liechtenstein og Sviss. Öll aðildarlöndin nema Sviss eru síðan aftur meðlimir að Evrópska efnahagssvæðinu sem veitir aðgang að innri markaði Evrópu, en sneiðir hjá ýmsum öðrum þáttum ESB á borð við tollabandalag og myntbandalag.

**Þótt Bretar** myndu ganga í EFTA myndu þeir sennilega ekki geta fengið aðgang að innri markaðnum, til þess hafa bresk stjórnvöld einfaldlega lagt of mikla áherslu á takmarkanir á innflytjendur og á að tryggja að Bretar heyri ekki undir lögsögu Evrópudómstólsins. Erfitt er að ímynda sér að ESB myndi fallast á miklar málamiðlanir í þeim efnum eftir það sem á undan er gengið. Þingmennirnir telja hins vegar að til einhvers væri að vinna í að nýta sér tiltekna viðskipta- og tollasamninga milli ESB og EFTA, sem draga myndu úr skriffinnsku við tollafgreiðslu og flýta för ferðamanna yfir landamæri í einhverjum mæli. Fríverslun yrði þess utan tryggð við EFTA-þjóðirnar fjórar.

**Þessi hugmynd** þingmannanna lýsir um margt þeirri stöðu sem Bretar hafa komið sér í með útgöngu sinni úr ESB. Um leið og því ferli öllu saman lýkur verða þeir ein sex þjóða í heiminum sem ekki tilheyra fríverslunarbandalagi í einhverri mynd. Hinar þjóðirnar eru varla stórveldi á alþjóðamælikvarða, Máritanía og Sómalía sennilega þeirra þekktastar. Bretar þurfa að finna sér nýjan alþjóðlegan félagsskap nú þegar hillir undir lok aðildar þeirra að Evrópusambandinu. Þingmennirnir sjá þar EFTA sem fyrsta skrefið, en síðan þurfi samninga við Bandaríkin, Japan, Kína og Ástralíu, og ESB í fyllingu tímans. Með þessu verði til samningssamband við lönd sem kaupa um 90% af útflutningi Breta.

**Einfalt** er það hins vegar ekki. Eins og Angus McNeil, formaður Alþjóðaviðskiptanefndar breska þingsins og þingmaður skoskra þjóðernissinna, sagði: „Þetta er eins og við höfum klesst Rollsinn okkar og séum að leita að úr sér gengnum notuðum bíl í staðinn.“


ÁSTRÍÐA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## ISI og Sæmark buðu í Gadus

Sölufyrirtækin Iceland Seafood International (ISI), Sæmark, og þýska fiskvinnslufyrirtækið Deutsche See hafa öll boðið í Gadus, dótturfélag Icelandic Group í Belgíu, sem nú er til sölu. Þetta fullyrðir breski fjölmiðillinn Undercurrent News og að stjórnendur Framtakssjóðs Íslands (FSÍ), eiganda Icelandic Group, séu ánægðir með þau tilboð sem bárust fyrir frestinn 17. febrúar. Meira en tíu tilboð bárust og voru þau á bilinu 35-40 milljónir evra.

Icelandic Group auglýsti Gadus til sölu 10. janúar en fyrirtækið sérhæfir sig í vinnslu og sölu á ferskum og kældum sjávarafurðum, einkum þorski og laxi.

Gadus selur um 7.000 tonn af afurðum árlega og námu tekjur 2016 um ellefu milljörðum. Söluferlið er í höndum Íslandsbanka. – hg



Helgi Anton Eiríksson, forstjóri ISI

**6.03.2017**

**Þegar ég var beðinn um að setjast í stjórn LV þá var ég fyrir í stjórn Icelandair. Ef SA hafa sett þessar reglur þá hljóta þeir að koma til mín og láta mig vita af þeim.**



Úlfar Steindórsson, nýkjörinn formaður stjórnar Icelandair Group.




Fiskislóð 33 - 37, 101 Reykjavík

Hvar á fyrirtækið þitt að vera?

**HEILD** fasteignafélag hefur yfir að ráða fjölda af vel staðsettum atvinnulóðum á höfuðborgarsvæðinu.

**Hafðu samband ef þig vantar framtíðarstað fyrir fyrirtækið þitt.**

Heild er meðal stærstu fasteignafélaga landsins og sérhæfir sig í atvinnuhúsnæði, lóðum og þróunarverkefnum.

Heild hefur yfir að ráða fjölbreyttu úrvali eigna á höfuðborgarsvæðinu og leitast við að mæta þörfum viðskiptavina sinna – hvort sem laga þarf húsnæði að þörfum þeirra eða byggja hús frá grunni.

Garðastræti 37, 101 Reykjavík, sími 568 6787 fyrirspurn@heild.is www.heild.is

HEILD fasteignafélag

**STAKFELL**
FASTEIGNASALA | 1984

**535-1000**
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
*LÖGGILTUR FASTEIGNASALI*

# TIL SÖLU 25 - 47 M² STÚDIÓÍBÚÐIR

## VERÐ FRÁ 19.9M TIL 23.5M

Auðveld kaup, möguleiki á aðeins 5% útborgun

**AÐEINS 5 ÍBÚÐIR EFTIR!**

**OPIÐ HÚS Í DAG, MIÐVIKUDAGINN 8. MARS KL. 18 - 18:30.**
Nánari upplýsingar í síma: **535 1000**

KÁRSNESBRAUT 106, 200 KÓPAVOGUR
















**VERÐDÆMI:**

| ÍBÚÐ | VERÐ | LÁN FRÁ BANKA | LÁN FRÁ SELJANDA | ÚTBORGUN AÐEINS |
|---|---|---|---|---|
| 47 fm | 23.5 M | 80% | 15% | 1.175.000 |

*GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI*

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Norðaustankaldi og slydda eða snjókoma norðvestan til í dag, en annars hægara og úrkomulítið. Hiti yfirleitt 0 til 5 stig.

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -5° | 0° |
| ↓10 | ↙14 | ↓7 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -0° | 1° | -5° |
| ↓8 | ↓15 | ↘13 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -3° | -4° |
| ←13 | ←9 | ↖7 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -3° | 1° | -5° |
| ↓6 | ←11 | ↖5 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. stagl
6. klafi
8. skref
9. berja
11. holskrúfa
12. goðmögn
14. gimsteinn
16. drykkur
17. skordýr
18. maka
20. ólæti
21. erlendis.

**LÓÐRÉTT**
1. áfall
3. frá
4. mælieining
5. arinn
7. snyrting
10. beita
13. bókstafur
15. gramsa
16. vefnaðarvara
19. samtök

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. tafs, 6. ok, 8. fet, 9. slá, 11. ró, 12. tótem, 14. safír, 16. te, 17. fló, 18. ata, 20. at, 21. utan.
**LÓÐRÉTT:** 1. lost, 3. af, 4. fermíla, 5. stó, 7. klósett, 10. áta, 13. eff, 15. róta, 16. tau, 19. aa.

### Skák Gunnar Björnsson

Páll Þórsson (Skákgenginu) átti leik gegn Sigurði Kristjánssyni (KR-b) á Íslandsmóti skákfélaga um helgina.



**Hvítur á leik**

**1. hxg6!!** (1. Hh2! með sömu hugmynd vinnur líka.) **1. ... Bxd1 2. Hh2+ Bh6 3. Hxh6+ Kg7 4. Rf5+ Kf8 5. Hh8# 1-0.** Hrókar alls fagnaðar fögnuðu sigri í 3. deild. Skákfélag Selfoss og nágrennis fylgir þeim upp í aðra deild.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttirnar.




### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 1 | 5 | | | 6 | |
| | 6 | | 2 | | | | 9 | |
| | | | | | 8 | | | 5 |
| | | 1 | | | 4 | 8 | | 3 |
| | | | 3 | | 5 | 9 | | |
| 9 | | 2 | | | | | | |
| 6 | | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | | |
| 1 | | | | | | 6 | 7 | |
| | 9 | | | | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 5 | | 3 |
| 1 | | | 7 | | | 4 | | 2 |
| 6 | 2 | | | | 4 | | | 9 |
| | 4 | | | | 8 | | | |
| | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | 2 | | 6 | 3 | | |
| | 1 | | | | 5 | 8 | | 6 |
| 7 | | | 1 | | | | 3 | |
| 9 | | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 8 |
| | | | 6 | | | 9 | | |
| | 5 | 9 | | | 8 | 1 | 2 | |
| | | 2 | | | | 7 | 6 | |
| | | 4 | | 6 | | | 3 | |
| | | | 5 | 3 | | | | 1 |
| | | | | | 1 | | | 7 |
| 9 | 3 | | | | | | | |
| 2 | | | 9 | | | 8 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 5 | 4 | 3 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 3 | 4 | 2 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 8 | 9 | 5 | 3 | 1 | 4 |
| 7 | 1 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 |
| 5 | 9 | 2 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 |
| 3 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 4 | 7 |
| 6 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 7 | 6 | 9 | 1 | 3 | 5 |
| 3 | 5 | 6 | 8 | 1 | 2 | 7 | 9 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 |
| 7 | 2 | 3 | 5 | 8 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 7 | 3 | 5 | 1 | 9 |
| 5 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 7 | 2 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 1 | 4 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 5 | 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 1 | 9 | 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 3 |
| 6 | 3 | 5 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 | 7 |
| 7 | 8 | 2 | 1 | 6 | 3 | 9 | 5 | 4 |

## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**HELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

FULLT AF TILBOÐUM Í VERSLUN OG Á HEIMASÍÐU

## 10 ára ábyrgð á WAGNER stólum

Dondola®
360° VELTITÆKNI
FYRIR BETRA BAK

wagner



**ERGOMEDIC 100-2**
219.600 kr.
**149.900 kr.**
(HNAKKAPÚÐI SELDUR SÉR)

## TOPSTAR STÓLAR Á ÚTSÖLU

MADE IN GERMANY




**OPEN POINT SY**
59.900 kr.
**39.900 kr.**




**TOP PRO**
32.900 kr.
**19.800 kr.**




**ALU BASIC**
78.300 kr.
**49.900 kr.**

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · hirzlan.is

# Sagan var geymd í hugarfylgsninu

**Pálína Jónsdóttir leikkona frumsýnir eigin leikgerð á Gestaboði Babette eftir sögu Karenar Blixen í kvöld við 4. stræti í New York. Það er meistaraverkefni hennar í leikstjórn við Columbia-háskóla.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það er mikið at fyrir frumsýninguna. Allt er að smella saman og bæði tilhlökkun og spenna í loftinu,“ segir Pálína Jónsdóttir, leikari og leikstjóri, sem í kvöld frumsýnir í New York eigin leikgerð og leikstjórn á Gestaboði Babette eftir samnefndri sögu hinnar dönsku skáldkonu Karen Blixen.

Pálína er að ljúka þriggja ára meistaranámi í leikstjórn frá Columbia-háskólanum í New York, fyrst Íslendinga, og útskrifast í maí. Sýningin í kvöld er meistara- og útskriftarverkefni hennar frá School of the Arts.

„Sagan Gestaboð Babette plantaði sér í hugarfylgsni mitt og hjarta fyrir löngu og nú ákvað ég að leysa þá þrá úr læðingi að búa til sviðsverk úr henni, nýta þetta tækifæri til fulls og ýta þannig sjálfri mér eins langt og ég kæmist,“ lýsir Pálína og segir söguna sameina mörg af hennar áhugamálum, þar á meðal matargerðarlist.

„Á sínum tíma, meðan ég var að safna fyrir náminu, stofnaði ég veitingastað að Lónkoti í Skagafirði og bjó til mat úr blómum. Það var dálítið villt hugmynd og þar leystist mikill sköpunarkraftur úr læðingi,“ rifjar hún upp. „Ég naut þess að vera í hlutverki kokksins og gestgjafans og leika við skynfæri gesta minna sem gáfu mér svo margt til baka svo sköpun mín þar varð víxlverkandi. Matur er efnið sem Babette skapar listaverk sitt úr og ég hef kappkostað að búa til leikhúsalkemíu sem sýnir inn í dýrðarfyrirbæri heimsins. Fyrir utan hina listrænu áskorun sem ég hef sett sjálfri mér er ég með hápólitískt verk í höndunum sem mótmælir kreddutrú og íhaldsemi, hatri og útlendingafordómum. Þegar ég lít til baka sé ég að ég vel mér ávallt forgengileg efni til að skapa úr, því bæði matargerðarlist og leiklist eru listform augnabliksins. Ég veit líka að innri upplifun og jafnvel uppljómun er stundarfyrirbæri sem þó hefur þann magnaða kraft að lifa með manni á vit nýrra uppgötvana og sýnar á lífið. Það er þessi kraftur sem knýr mig áfram í þjónustu minni við listina.“

Sýningin Gestaboð Babette verður í The Connelly Theater á 4. stræti í New York-borg fram til 11. mars. „Það er ekkert leikhús enn við skólann en það breytist á næsta ári því ný bygging er að rísa þar eftir Renzo Piano, einn af bestu arkitektum samtímans,“ segir Pálína. „En ég er líka mjög ánægð með að vera með sýningu í leikhúsi niðri í bæ á leikhússenunni sem þar er.“

Pálína flutti til New York árið 2004 með dóttur sína, Uglu Hauksdóttur, sem lauk þar námi í kvikmyndaleikstjórn síðasta vor. „Hún var ári á undan mömmu sinni,“ segir Pálína glaðlega. Sjálf kveðst hún hafa byrjað á að fara á krefjandi sumarnámskeið við Columbia-háskólann sumarið 2009 hjá leikstjóranum Anne Bogart og hennar kompaníi, þar sem áhersla var lögð á líkamlegar aðferðir í leiklistarsköpun. „Ég kom úr hreyfilist því ég var í listdansi bæði í Listdansskóla Þjóðleikhússins og í Listaháskóla Lyon í Frakklandi þar sem ég stundaði framhaldsnám áður en ég fór í leiklistarnám heima. Og þetta námskeið hjá Anne Bogart olli bara umpólun hjá mér. Það var eins og að ganga inn um réttar dyr inn í rétt herbergi. Mér fannst svo gott að hitta fólk sem bjó ekki til leiklist út frá orðinu einu saman heldur líkamanum öllum.“

Pálína kveðst hafa ákveðið að hella sér í meistaranámið þó dýrt væri. Fyrir utan að safna fyrir því og taka námslán hafi hún fengið góðan styrk frá skólanum og verið verðlaunuð á 2. ári fyrir frammistöðu sína sem kom í formi peningastyrks. „Svo fékk ég líka ríflegan stuðning frá sjóði Leifs Eiríkssonar svo þetta peningapúsl er nálægt því að komast saman,“ segir hún. En ætlar hún að búa þarna úti eftir að námi lýkur? „Ég er með búsetu- og vinnuleyfi í Bandaríkjunum auk þess sem ég ætla að ganga inn í SDC leikstjórafélagið hér. Ég mun halda áfram að starfa á alþjóðlegum vettvangi.“



Pálína ákvað að nýta tækifæri sem skapaðist með vali á meistaraverkefni, útbúa leikgerð úr uppáhaldssögu og leikstýra henni.

**ÉG ER MEÐ HÁPÓLITÍSKT VERK Í HÖNDUNUM SEM MÓTMÆLIR KREDDUTRÚ OG ÍHALDSEMI, HATRI OG ÚTLENDINGAFORDÓMUM.**

## UM LEIKSÝNINGUNA GESTABOÐ BABETTE

Sýningin skoðar samband á milli trúarlegra afturhaldsafla og hins alþjóðalega frjálsa heims, með áherslu á frelsi og sköpunarkraft einstaklingsins, sem birtist hér í mynd stríðshrjáðs útlendings sem með ást sinni og list endurreisir staðnað og trénað samfélag. Sýningin er listrænn viðburður sem beitir háværri pólitískri rödd til að ávarpa hið hörmulega ástand flóttamanna sem varir í heiminum í dag. Við beinum sjónum okkar sérstaklega að stöðu pólitískra og stríðshrjáðra múslima sem var bönnuð koma til Bandaríkjanna eftir að nýkjörinn forseti landsins tók við völdum.

Aðalleikkona sýningarinnar er upprunnin frá Íran. Þaðan flúði hún ung að árum, ásamt fjölskyldu sinni, til Bandaríkjanna eftir langan tíma þjáningar og óvissu um framtíð sína. Á leiksviðinu í New York mun hún fara með hlutverk flótta- og listakonunnar Babette.

Pálína Jónsdóttir






# TILBOÐ 2017 MARS

AÐEINS BROT AF MARSTILBOÐUM!

LEITZ

35% afsláttur



litir:

## Flokkunarmappa 6 / 12 flipa
Tilboðsverð kr. 1.299.- / 1.819.-
Verð áður kr. 1.999.- / 2.799.-

## HAFÐU KAFFIÐ Í LAGI!

FÁÐU MEIRA!




KAUPTU KASSA AF KAFFI & FÁÐU 2x SÍRÓP Í KAUPBÆTI!

LEITZ STYLE



litir:

## Minnisbók A6 / A5 með merkifánum og reglustiku
Tilboðsverð kr. 1.724.- / 2.249.-
Verð áður kr. 2.299.- / 2.999.-

LEITZ STYLE



litir:

25% afsláttur

## Verðlistamappa 20 / 40 vasa
Tilboðsverð kr. 1.124.- / 1.499.-
Verð áður kr. 1.499.- / 1.999.-

LEITZ STYLE



25% afsláttur

litir:

## Klemmumappa
Tilboðsverð kr. 524.-
Verð áður kr. 699.-

Pentel




35% afsláttur

FYLLINGAR FÁANLEGAR!

## Kúlugelpenni með Document Proof bleki
Tilboðsverð kr. 389.-
Verð áður kr. 599.-




30% afsláttur



## Brotahnífur Stakur / Kassi (12 stk.)
Tilboðsverð kr. 132.- / 1.049.-
Verð áður kr. 189.- / 1.499.-

Framúrskarandi fyrirtæki 2016

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstra
Vestmannaeyjum -
Húsavík - Garðarsb

PENNINN Eymundsson

540 2050 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda í mars 2017. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| FIST FIGHT | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| FIST FIGHT VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| GAMLINGINN 2 | KL. 8 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 8 |
| RINGS | KL. 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 8 |
| XXX 3 | KL. 10:10 |
| ROGUE ONE 2D | KL. 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| LOGAN | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 8 |
| FIST FIGHT | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 10:15 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 |
| XXX 3 | KL. 10:40 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| LOGAN | KL. 8 - 10:45 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 8 |
| FIST FIGHT | KL. 10:20 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 8 - 10:20 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 8 - 10:30 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 8 - 10:20 |
| FIST FIGHT | KL. 8 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| LA LA LAND | KL. 10:20 |

Góða skemmtun í bíó



Barði Jóhannesson verður með erindi á Kexi í kvöld. MYND/JEANEEN LUND

# Hvað? Hvenær? Hvar?

Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 08. MARS 2017

### Uppákomur

**Hvað?** Sögustund og alþjóðlegur dagur kvenna
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Í marsmánuði verða fjölbreyttir menningarviðburðir í boði á Seltjarnarnesi undir yfirskriftinni MenningarMars. Í dag verður boðið upp á sögustund fyrir yngstu gesti safnsins. Bókasafnið í samstarfi við Árnastofnun fagnar einnig alþjóðlegum degi kvenna og býður upp á upplestrarkvöld þar sem nokkrir höfundar bókarinnar Konan kemur við sögu lesa upp úr bókinni.

**Hvað?** Hidden Figures forsýning
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Háskólabíó
Í tilefni af því að kvikmyndin Hidden Figures er á leið í kvikmyndahús mun átakið #kvennastarf í samstarfi við Háskólabíó halda sérstaka forsýningu ásamt pallborðsumræðum. Hidden Figures segir ótrúlega sögu þeirra Katherine Johnson, Dorothy Vaughan og Mary Jackson – bráðsnjallra svartra kvenna sem vinna hjá NASA og eru konurnar á bak við eitt af mikilvægustu afrekum mannkynssögunnar; ferð geimfarans Johns Glenn út í geim. Þessi merkilegi atburður vakti heiminn til umhugsunar og sneri bandarískri vörn í sókn í geimkapphlaupi þeirra við Rússa. Vísindakonurnar þrjár veittu fjölda kynslóða innblástur og hvöttu alla til að setja markið hátt, þrátt fyrir að mæta mótbárum vegna húðlitar og kyns. Ágústa Sveinsdóttir, fulltrúi átaksins, stjórnar umræðum.

### Tónlist

**Hvað?** Rússnesk veisla
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Tónlistarskólinn í Reykjavík og Tónlistarfélag Reykjavíkur bjóða til rússneskrar veislu í Norðurljósum í Hörpu. Á tónleikunum leikur Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík verk eftir Mussorgsky, Sjostakovits og Prokofiev. Hjörtur Páll Eggertsson leikur einleik í sellókonsert Sjostakovits en stjórnandi er Joe Ognibene. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað:** Karókí með Þórunni Antoníu og DJ Dóru Júlíu
**Hvenær:** 21.00
**Hvar:** Sæta svínið
Þórunn Antonía stýrir karókíi ásamt DJ Dóru Júlíu í kjallaranum á Sæta svíninu Gastropub á miðvikudagskvöldum. Þær sameina ást sína á tónlist, gleði og almennu glensi.
Allir sem syngja fá skemmtilega lukkupakka.

**Hvað?** Estrogen HÓrmónar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn
Þetta eru þriðju Estrogen tónleikarnir sem Comedy-bandið Bergmál stendur fyrir.
Fáránlega flottar tónlistarkonur sem eru svoleiðis stútfullar af estrogeni og hæfileikum munu stíga á svið og flytja sitt frumsamda efni, síðan endar kvöldið með hljómsveitinni HÓrmónum. Fram koma Hanna Einarsdóttir, Silja Rós og Rebekka Sif ásamt Elísu Hildi og Selmu sem skipa Begmál. Hljómsveitina HÓrmóna skipa svo Urður Bergsdóttir, Örn Gauti Jóhannsson, Brynhildur Karlsdóttir, Katrín Guðbjartsdóttir og Hjalti Torfason.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Fjármál við starfslok - Akranes
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gamla Kaupfélagið
Gagnlegur fræðslufundur á mannamáli um það sem mikilvægast er að hafa í huga við starfslok. Frítt er á fundinn sem er í boði útibús Íslandsbanka á Akranesi og VÍB.

**Hvað?** Bókaspjall með Gunnari Hersveini og Friðbjörgu Ingimarsdóttur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt











BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Moonlight | 17:30, 20:00 |
| Toni Erdmann | 18:00 |
| Una | 18:00 |
| Paterson | 20:00 |
| Kate Plays Christine | 22:30 |
| The Salesman | 22:00 |
| Elle | 22:30 |




**Kvikmyndin Hidden Figures verður sýnd í Háskólabíói í kvöld.**

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna munu hjónin Gunnar Hersveinn og Friðbjörg Ingimarsdóttir kynna bókina Hugskot, skamm-, fram- og víðsýni en markmið bókarinnar er að upplýsa lesandann um grundvallaratriði í mannlegri tilveru, eins og staðalímyndir, fordóma, jafnrétti, friðarmenningu, borgaravitund og hvernig bæta megi samfélagið.

**Hvað?** Erindi um þjóðsagnasafns Jóns Árnasonar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Húnabúð , Skeifunni 11
Rósa Þorsteinsdóttir, rannsóknarlektor á þjóðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, verður með erindi. Sagt verður frá þriggja ára rannsóknarverkefni sem styrkt er af Rannís og hefur að markmiði að fjalla ítarlega um söfnun og útgáfu þjóðsagnasafns Jóns Árnasonar Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri (1862–1864) og annað tengt efni. Í því felst m.a. að búa til ítarlegt, aðgengilegt og notendavænt stafrænt gagnasafn með fræðilegri umfjöllun og beinum tengingum við önnur skyld gagnasöfn, bæði íslensk og erlend. Þar er um að ræða stafræn handrita- og bókasöfn, gagnagrunna og vefsíður.

**Hvað?** Markaðssetning tónlistar á netinu
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kex Hostel
STEF, Félag hljómplötuframleiðenda (FHF) og ÚTÓN standa saman að viðburði á Gym & Tonic á Kexi. Nokkrir valinkunnir einstaklingar skoða hvernig hægt er að ná árangri í markaðssetningu tónlistar á netinu. Barði Jóhannesson tónlistarmaður og María Rut Reynisdóttir, umboðsmaður Ásgeirs Trausta, eru meðal þeirra sem munu koma fram en þau munu deila reynslusögum með gestum. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Aðgangur er ókeypis

**Hvað?** Fjármál við starfslok – Akranes
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gamla Kaupfélagið
Gagnlegur fræðslufundur á mannamáli um það sem mikilvægast er að hafa í huga við starfslok. Frítt er á fundinn sem er í boði útibús Íslandsbanka á Akranesi og VÍB.

Apótek Garðabæjar
Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðarbæjar í alfaraleið



Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

Vilt þú ná árangri sem endist?

Heilsulausnir - léttara líf er vinsælasta námskeið Heilsuborgar frá upphafi. Þar er unnið með þyngdarstjórnun og áhersla lögð á að kenna þátttakendum aðferðir sem skila varanlegum árangri.

Þú ert í góðum höndum hjá okkur því allir þjálfarar og sérfræðingar Heilsuborgar eru með háskólamenntun í sínu fagi.



Heilsulausnir - léttara líf
Kynningarfundur
Fimmtudaginn 9. janúar kl. 20:00
í Faxafeni 14
Allir velkomnir

TAKTU SKREFIÐ!

Heilsulausnir – léttara líf hefst 20. mars

- Unnið er með hreyfingu, næringu, skipulag daglegs lífs og hugarfar.
- Að námskeiðinu standa íþróttafræðingar, hjúkrunarfræðingar, læknir, ástríðukokkur, næringarfræðingar, sjúkraþjálfarar og sálfræðingar.
- Þjálfun í hóp með íþróttafræðingi þrisvar í viku kl. 7.20, 10.00 eða 19.30.
- Aðgangur að líkamsræktinni og opnum tímum sem auka fjölbreytni í þjálfun.
- Ítarleg fræðsla á tveggja vikna fresti og stuðningur í lokuðum hóp á facebook.
- Sýnikennsla í matreiðslu, smakk og fjölbreyttar uppskriftir.

Upplýsingar í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg. is

HEILSUBORG
Árangur sem endist

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is



Hann hannaði og gerði mest sjálfur, hefur endalausan áhuga á heimilinu og bakstri og tekur til þegar allir eru sofnaðir eða farnir út. Fagurkerinn og heimilisfaðirinn Samúel Bjarki Pétursson er næsti viðmælandi Sindra í þættinum.

MAGNAÐ MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

THE SECRET LIFE OF 4 YEAR OLDS
Frábær þáttur sem veitir okkur innsýn í líf nokkurra fjögurra ára einstaklinga sem eru að taka sín fyrstu skref í átt að sjálfstæði.


WENTWORTH
Dramatískir spennuþættir um Bea Smith sem situr inni fyrir tilraun til morðs á eiginmanni sínum og bíður dóms í hættulegasta fangelsi Ástralíu.


THE HEART GUY
Stórskemmtilegir þættir um rísandi stjörnu í skurðlækningum sem á framtíðina fyrir sér í lífi og starfi. Þar til ósköpin dynja yfir og hann þarf að sætta sig við líf úti á landi á litlu sjúkrahúsi.


REAL TIME WITH BILL MAHER
Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bills Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.


GODZILLA
Janjira-kjarnorkuverinu í Japan var eytt með dularfullum hætti og fjöldi starfsmanna lét lífið. Mörgum árum síðar er Joe Brody enn að leita orsaka eyðileggingarinnar en konan hans dó í slysinu.


GULLI BYGGIR
Gulli byggir eru þættir þar sem breytingar og lagfæringar á húsnæði eru í hávegum hafðar og eitt verkefni er tekið fyrir í hverjum þætti.


Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** **Simpson-fjölskyldan**
**07.25** **The Middle**
**07.50** **Heiða**
**08.15** **The Mindy Project**
**08.35** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The Doctors**
**10.20** **Spurningabomban**
**11.10** **Um land allt**
**11.40** **Fókus**
**12.10** **Matargleði Evu**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Spilakvöld**
**13.45** **Feðgar á ferð**
**14.10** **Á uppleið**
**14.40** **Major Crimes**
**15.25** **Glee**
**16.10** **Clipped**
**16.30** **Simpson-fjölskyldan**
**16.55** **Bold and the Beautiful**
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Íþróttir**
**19.05** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.20** **Víkingalottó**
**19.25** **Mom** Fjórða gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina, Christy, sem hefur háð baráttu við bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról.
**19.45** **Heimsókn** Frábærir þættir með Sindra Sindrasyni sem lítur inn hjá íslenskum fagurkerum.
**20.10** **The Secret Life of a 4 Year Olds** Frábærir þættir sem veita okkur innsýn inn í líf nokkurra fjögurra ára einstaklinga sem eru að taka sín fyrstu skref í átt að sjálfstæði. Hér eru þau að læra um mikilvægu hlutina í lífinu eins og vináttu og mynda tengsl.
**21.00** **Wentworth**
**21.45** **The Heart Guy** Ástralskir þættir sem fjalla um rísandi stjörnu í skurðlækningum sem á framtíðina fyrir sér í lífi og starfi. Þar til ósköpin dynja yfir og hann þarf að söðla um og sætta sig við líf úti á landi á litlu sjúkrahúsi með enga framtíð í skurðlækningum. Fljótlega kemur þó í ljós að staðurinn er uppfullur af freistingum sem erfitt getur verið að standast.
**22.30** **Real Time With Bill Maher**
**23.30** **The Blacklist**
**00.15** **Homeland**
**01.05** **Lethal Weapon**
**01.50** **NCIS. New Orleans**
**02.35** **Vinyl**
**03.30** **Togetherness**
**04.00** **Transparent**
**04.30** **Finders Keepers**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10** **Napoli - Real Madrid**
**08.55** **Arsenal - Bayern München**
**10.40** **Meistaradeildarmörkin**
**11.10** **Domino's-körfuboltakvöld**
**12.50** **Liverpool - Arsenal**
**14.35** **Premier League Review**
**15.30** **Napoli - Real Madrid**
**17.15** **Arsenal - Bayern München**
**19.00** **Meistaradeildarmörkin**
**19.30** **Borussia Dortmund - Benfica**
**21.45** **Meistaradeildarmörkin**
**22.15** **Barcelona - Paris St. Germain**
**00.05** **Man. City - Stoke City**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.15** **Þýsku mörkin 2016/2017**
**07.45** **Leicester City - Hull City**
**09.25** **Tottenham - Everton**
**11.10** **Swansea City - Burnley**
**12.55** **Skallagrímur - Þór Þ.**
**14.30** **Domino's-körfuboltakvöld**
**16.10** **Man. Utd. - Bournemouth**
**18.00** **Messan**
**19.30** **Barcelona - Paris St. Germain**
**21.45** **Borussia Dortmund - Benfica**
**23.35** **Meistaradeildarmörkin**
**00.05** **Keflavík - Skallagrímur**

## STÖÐ 3

**17.30** **Raising Hope**
**17.55** **New Girl**
**18.15** **The League**
**18.40** **Modern Family**
**19.05** **Curb Your Enthusiasm**
**19.40** **Heimsendir**
**20.20** **Gulli byggir**
**20.50** **Rome**
**21.50** **The Knick**
**22.50** **Flash**
**23.35** **Klovn**
**00.00** **Supergirl**
**00.45** **Arrow**
**01.30** **Curb Your Enthusiasm**
**02.00** **Heimsendir**
**02.35** **Rome**
**03.30** **Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** **Áfram Diego, áfram!**
**07.24** **Svampur Sveinsson**
**07.49** **Lalli**
**07.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**08.00** **Strumparnir**
**08.25** **Hvellur keppnisbíll**
**08.37** **Ævintýraferðin**
**08.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00** **Grettir**
**09.11** **Ljóti andarunginn og ég**
**09.33** **Zigby**
**09.47** **Mæja býfluga**
**10.00** **Dóra könnuður**
**10.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00** **Áfram Diego, áfram!**
**11.24** **Svampur Sveinsson**
**11.49** **Lalli**
**11.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**12.00** **Strumparnir**
**12.22** **Hvellur keppnisbíll**
**12.34** **Ævintýraferðin**
**12.46** **Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00** **Grettir**
**13.11** **Ljóti andarunginn og ég**
**13.33** **Zigby**
**13.47** **Mæja býfluga**
**14.00** **Dóra könnuður**
**14.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00** **Áfram Diego, áfram!**
**15.24** **Svampur Sveinsson**
**15.49** **Lalli**
**15.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**16.00** **Strumparnir**
**16.22** **Hvellur keppnisbíll**
**16.34** **Ævintýraferðin**
**16.46** **Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00** **Grettir**
**17.11** **Ljóti andarunginn og ég**
**17.33** **Zigby**
**17.47** **Mæja býfluga**
**18.00** **Dóra könnuður**
**18.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00** **Flóttinn frá jörðu**



Dóra könnuður 10.00, 14.00 og 18.00

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** **WGC: Mexico Championship**
**14.00** **Golfing World**
**14.50** **WGC: Mexico Championship**
**18.50** **PGA Highlights**
**19.45** **Golfing World**
**20.35** **WGC: Mexico Championship**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.30** **Heaven is for Real**
**14.10** **Algjör Sveppi og töfraskápurinn**
**15.40** **The Face of Love**
**17.15** **Heaven is for Real**
**18.55** **Algjör Sveppi og töfraskápurinn**
**20.30** **The Face of Love**
**22.00** **Godzilla** Árið 1999 var Janjira-kjarnorkuverinu í Japan eytt með dularfullum hætti og fjöldi starfsmanna lét lífið. Mörgum árum síðar er Joe Brody enn að leita orsaka eyðileggingarinnar en konan hans dó í slysinu. Hann fær son sinn til að aðstoða sig og saman komast þeir að því að leyndarmál atviksins er að finna í rústum kjarnorkuversins þar sem leynilegar tilraunir með kjarnorku og geislavirkni koma af stað atburðarás sem ógnar öllu lífi á jörðinni. Eina von mannkyns gæti legið í því að fá hjálp frá risaskrímslinu Godzilla.
**00.05** **Independence Day**
**02.30** **The Voices**
**04.15** **Godzilla**

## RÚV

**17.10** **Úr gullkistu RÚV: Út og suður**
**17.35** **Söngvakeppnin – Lögin í úrslitum**
**17.45** **Táknmálsfréttir**
**17.55** **Disneystundin**
**18.01** **Finnbogi og Felix**
**18.18** **Sígildar teiknimyndir**
**18.20** **Gló magnaða**
**18.50** **Krakkafréttir**
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.05** **Ævar vísindamaður**
**20.30** **Kiljan**
**21.15** **Neyðarvaktin**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Söngvakeppnin – Lögin í úrslitum**
**22.35** **Bakvið tjöldin hjá breska Vogue**
**23.30** **Paradísarheimt**
**00.00** **Kastljós**
**00.25** **Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**08.00** **America's Funniest Home Videos**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **90210**
**09.50** **Three Rivers**
**10.35** **Síminn + Spotify**
**13.10** **Dr. Phil**
**13.50** **Black-ish**
**14.15** **Jane the Virgin**
**15.00** **Speechless**
**15.25** **The Mick**
**15.50** **Það er kominn matur**
**16.25** **The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**17.05** **The Late Late Show with James Corden**
**17.45** **Dr. Phil**
**18.25** **King of Queens**
**18.50** **Arrested Development**
**19.15** **How I Met Your Mother**
**19.40** **American Housewife**
**20.05** **EM 2016 - sagan öll**
**21.00** **Chicago Med**
**21.50** **Bull**
**22.35** **The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**23.15** **The Late Late Show with James Corden**
**23.55** **Californication**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


HB
HÚSGAGNA BANKINN
LAGERSALA
FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030
Opið frá 13.00 - 18.00 virka daga og 13 - 16 laugardaga
Nýkomin sending af glæsilegum Mahogany og Hnotu húsgögnum
Skrifpúlt 55 sm
89.600
Skrifpúlt 112 sm
104.300
Glerskápur 70 sm
104.300
Glerskápur 120 sm
159.000
Sófaborð 135 sm
71.200
Skenkur 175 sm
149.600
Hornskápur 76 sm
94.500
Sjónvarpsskápur 135 sm
110.400
399.200
Borðstofuborð 180/240 x 100 sm
6 stólar, þar af 2 með örmum
603.200
Monaco sófasett 3 + 1 + 1
159.200
Rafknúinn hægindstóll
Alklæddur í ekta leður
99.800
Hægindstóll m. snúningi
Alklæddur í ekta leður
546.400 3 sæta sófi
og 2 rafknúnir hægindastólar
Bluedio
Amazing Life
Bluetooth
græjur
7.565
9.265
FM og SD spilari
12.155
12.665
SD spilari
16.830
www.husgagnabankinn.is













# Mannlegi þátturinn áberandi í þetta sinn

Hljómsveitin Vök hefur vakið mikla athygli síðan sveitin vann Músíktilraunir árið 2014. Síðan þá hafa þau gefið út tvær EP-plötur og spilað á tónleikum vítt og breitt. Í næsta mánuði kemur breiðskífa frá sveitinni sem var að undirrita útgáfusamning.


Vök á marga aðdáendur í Póllandi. MYND/SIGGA ELLA

Við reyndum að skapa lífrænt umhverfi í kringum þessa plötu. Við reyndum svolítið að taka hana út úr kassanum sem er tölvan. Við spiluðum miklu meira inn á plötuna en við höfum gert áður. Rafið er enn þá til staðar en við skulum segja að það sé meiri mannlegur þáttur í henni en áður – við vorum ekki smeyk við það að hafa svona „human feel“ á plötunni,“ segir Einar Stef., trommuleikari í hljómsveitinni Vök. Núna er ákveðin gósentíð hjá hljómsveitinni en hún gefur út nýja plötu í næsta mánuði, hefur skrifað undir stóran útgáfusamning við erlent plötufyrirtæki og heldur von bráðar í fjögurra vikna tónleikaferðalag.

Platan kemur út þann 28. apríl næstkomandi og eins og Einar segir okkur er verið að gera út á mannlega þáttinn og hvernið hið mannlega blandast tækninni.

„Við ákváðum að nefna plötuna Figure eftir einu lagi á henni sem við náðum að tengjast mikið yfir, okkur fannst það rosalega mikið við hæfi fyrir þessa plötu. Fígúra getur þýtt svo margt, við vorum svolítið að vinna með það konsept; þú getur verið fígúra þó að þú sért ekki lifandi manneskja, gínur geta verið fígúrur eins og manneskjan. Það sama á við tónlistina, hún er oft samin rosa mikið í tölvu og við notum tæknina mjög mikið. Við erum að vinna með þetta „fusion“ af hinu mannlega og tæknilega þættinum sem rafband, en við erum oft skilgreind þannig.“

*Hvernig gengu upptökur hjá ykkur?*

„Upptökuferillinn byrjaði síðasta sumar. Við vorum í miklum pælingum fyrst hvort við ætluðum að gera allt sjálf eða hvort við ætluðum að fá einhvern pródúsent í þetta. Okkur fannst lógískt að fá inn pródúser sem gæti aðstoðað okkur við að fá heildarmynd á plötuna. Þannig að við komumst í tengsl við Brett Cox, breskan pródúsent. Hann kom og heimsótti okkur í júlí og tók nokkra daga með okkur. Við byrjuðum að vinna að Show Me, fyrstu smáskífunni, með honum. Okkur leist mjög vel á hann og langaði að vinna meira með honum svo við negldum að taka haustið saman.

**VIÐ KLÁRUÐUM SHOW ME Í SEPTEMBER OG GERÐUM LOKA SESSIONIÐ Í STÚDÍÓI Á BÁTI Í LONDON. ANDRI SAXÓFÓNLEIKARI ER SVO SJÓVEIKUR – ÞAÐ KOM FLÓÐ TVISVAR Á DAG OG ÞÁ FÓR BÁTURINN Á HREYFINGU, ÞÁ VAR HANN ALLTAF BARA „OFF“**

Við kláruðum Show Me í september og gerðum loka-sessionið í stúdíói á báti í London. Hann Andri saxófónleikari er svo sjóveikur – það kom flóð tvisvar á dag og þá fór báturinn á hreyfingu, þá var hann alltaf bara „off“, þurfti eiginlega bara að fara að fá sér kaffi. Við kláruðum Show me þar, sendum það beint í masteringu og tókum svo Brett með okkur heim. Og þá byrjaði þetta alvöru „hardcore“ ferli.

Við vorum mest í stúdíóinu mínu og tókum þriggja vikna session í september. Við kíktum eina helgi í Gróðurhúsið í Breiðholti og fengum aðeins að bardúsa þar. Þetta kom svona hægt og rólega – við flökkuðum svolítið á milli laga en á endanum varð þetta heild, þetta small allt á einum tímapunkti.“

*Og það var útgáfusamningur að koma í hús, hvernig líst ykkur á það?*

„Jú, við vorum að gera samning við útgáfufyrirtæki sem heitir Nettwerk sem gefur út slatta af þekktum artistum. Okkur lýst bara voðalega vel á þetta, þau eru með opinn huga gagnvart því sem við erum að gera. Það vill stundum vera með svona fyrirtæki að þau vilja hafa mikið kreatívt innpútt hjá hljómsveitum. En þau virðast fíla okkur mikið.“

*Er einhver túr fram undan?*

„Við erum að fara að túra í apríl og maí, fjögurra vikna túr. Við höfum verið að herja svolítið á þessa staði og við erum sérstaklega spennt fyrir Hollandi og Póllandi. Sérstaklega Póllandi. Þar hefur verið besta mætingin á tónleikana okkar og Pólverjar eru sjálfir svo ofboðslega almennilegir og glaðir. Þeir eru rosa hrifnir af Íslandi, Íslendingum og íslenskri tónlist – það er einhver tenging þarna, náttúrulega margir Pólverjar sem búa og starfa á Íslandi. Það er svolítið magnað að koma þangað.“

Vök ætlar að halda útgáfutónleika hér á landi eftir Evróputúrinn en nákvæm dagsetning er ekki komin á hreint. Figure kemur svo út 28. apríl. Myndbandið við Show Me má finna á YouTube.

**stefanthor@frettabladid.is**

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Taktu frá 24 tíma með Octaviu!

**ŠKODA Octavia** er margverðlaunaður og einn af söluhæstu bílum á Íslandi enda ótal kostum búinn. Gefðu þér sólarhring til að prófa frábæra aksturseiginleika, gott rýmið og sparsemi í rekstri – allt það sem gerir **ŠKODA Octavia** að einum besta fjölskyldubílnum á markaðnum.

**Dráttarbeisli og vetrardekk**
fylgja í takmarkaðan tíma!

Verð frá aðeins:
**3.350.000 kr.**
Sjálfskiptur frá aðeins: **3.550.000 kr.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

**www.skoda.is**









Daði og Gagnamagnið keppa með fremur óvenjulegt atriði í Söngvakeppninni. MYND/MUMMI LÚ

# Ekki beint forfallinn Eurovision aðdáandi

**Daði Freyr Pétursson** keppir á úrslitakvöldi Söngvakeppninnar ásamt sveitinni Gagnamagnið. Daði kveðst ekki vera orðinn stressaður en grunar að stressið muni læðast að honum þegar líður á kvöldið.

Daði Freyr Pétursson hefur undanfarið vekið mikla athygli með því að gera ábreiður af eldri Eurovision-lögum sem hann deilir á Facebook. Hann kveðst hafa gaman af því að gera ábreiður og planið er að gera eitt lag til viðbótar. „Af því að ég er að taka þátt í Söngvakeppninni þá langaði mig að gera þessi „cover“-lög til að vekja á mér athygli og kynna okkur. Það hefur gengið alveg rosalega vel og viðbrögðin við þessu hafa verið miklu meiri en ég þorði að vona. Strax daginn eftir varð þetta algjör sprenging,“ segir Daði sem er búinn að gera ábreiðu af lögunum Gleðibankinn, Is It True og All Out of Luck. „Ég var svo búinn að lofa að gera eitt í viðbót en ég veit ekki hvort ég kemst í það fyrir helgina. Ég er ekki alveg búinn að ákveða hvaða lag það verður en ég er búinn að fá fullt af tillögum inn.“

Aðspurður hvort hann sé forfallinn Eurovision-aðdáandi segir Daði: „Ekki beint, en ég er alveg týpan sem fer í Eurovision-partí. Ég get samt ekki sagt að ég sé týpan sem fylgist með öllu sem tengist keppninni samt. En það er alltaf skothelt gott kvöld að hitta vini sína til að horfa á Eurovision og fara svo út að dansa.“

Daða hafði aldrei dottið í hug að hann myndi einhvern tíma standa á sviðinu í Söngvakeppninni í von um að komast út í Eurovision. „Nei, en mér hafði alveg dottið í hug að senda inn lag. Mér datt ekki í hug að það yrði ég sjálfur sem myndi syngja það. Ég ætlaði ekki upprunalega að syngja þetta lag en þetta þróaðist bara svona og ég sé ekkert eftir að hafa sungið lagið.“

„Devine með Sebastian Tellier,“ segir Daði aðspurður hvert hans uppáhalds Eurovision-lag sé. „Ég held að það sé eina Eurovision-lagið sem ég hef í svona í alvöru hlustað á. Og reyndar hef ég aðeins séð á netinu að fólk er að líkja mínu lagi við hans lag, sem er bara skemmtilegt. Mér þykir mjög gaman að heyra það,“ segir Daði.

## Ekki dæmigert Eurovision-atriði

Það er óhætt að segja að framlag Daða í Söngvakeppninni er ekki hið dæmigerða Eurovision-lag en Daði er viss um að það verði honum til framdráttar. „Ég held að það sjáist alveg í atriðinu okkar að við erum ekki að fara hina klassísku Eurovision-leið. Við erum bara að reyna að hafa þetta skemmtilegt. Sem þetta hefur verið og það er svo gaman að vera í þessu með vinum sínum,“ útskýrir Daði. „Ég hef alveg orðið var við að fólk er að segjast aldrei hafa kosið í Söngvakeppninni áður en það kaus mitt lag. Það er mjög skemmtilegt að heyra það.“

„Þetta eru ekkert prófessjónal dansarar sko. Þetta eru bara vinir mínir,“ segir Daði spurður nánar út í hópinn sem er honum til halds og trausts á sviðinu. „Í hópnum er fólk sem ég hef kynnst í FSU og einn var með mér í grunnskóla. Svo er kærasta mín með mér í þessu, við erum búin að vera saman í sex ár, og svo er litla systir mín í bakröddum.“

**VIÐ ERUM LÍKA SÍÐUST Á SVIÐ, ÞANNIG AÐ ÞAÐ Á EFTIR AÐ BYGGJAST UPP EITTHVAÐ STRESS ÞEGAR ALLIR HINIR ERU AÐ FLYTJA SÍN ATRIÐI.**



En við hverju getur fólk búist við að sjá þegar Daði stígur á svið á laugardaginn? „Atriðið okkar verður alveg svipað og það hefur verið hingað til, en þetta kemur allt betur í ljós á föstudaginn. Við erum með nokkrar hugmyndir sem við ætlum að prófa. Þetta er náttúrulega stærra svið og meiri möguleikar,“ segir Daði um kvöldið sem verður haldið í Laugardalshöllinni.

Daði kveðst ekki vera stressaður fyrir kvöldinu, alla vega ekki enn. „Nei, en ég var samt svolítið stressaður fyrir undankvöldinu um seinustu helgi því ég vissi ekkert hvernig fólk myndi taka í þetta. En svo þegar ég sá að fólki fannst þetta skemmtilegt, þá var þetta bara auðvelt. En það kemur örugglega eitthvað stress á laugardaginn. Við erum líka síðust á svið, þannig að það á eftir að byggjast upp eitthvað stress þegar allir hinir eru að flytja sín atriði.“

Fram undan hjá Daða er svo að ljúka BA-náminu sem hann stundar við dBs Music-skólann í Berlín. „Ég á tvo mánuði eftir af náminu. Ég er bara að fara á fullt að skrifa ritgerðir og klára verkefni. En ég veit ekki alveg hvernig þetta fer ef við vinnum þessa keppni, það er bara seinni tíma vandamál,“ segir Daði sem stefnir svo á að koma sér inn í kvikmyndatónlist í náinni framtíð.

**gudnyhronn@365.is**


TVENNU
LOKUM
Í KVÖLD KL. 20
Við á Domino's ætlum að fagna góðu gengi og skemmta okkur saman í kvöld.
Staðir Domino's verða því lokaðir frá kl. 20 í kvöld nema í Skeifunni en þar verður opið í alla nótt eins og venjulega. Við verðum síðan mætt á vaktina á hefðbundnum tíma á morgun. Sjáumst!
Opið í Skeifunni
MUNDU AÐ PANTA TÍMANLEGA Í KVÖLD!
DOMINO'S APP • DOMINOS.IS
PIPAR\TBWA • SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja




Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

Bakþankar

Bjarna Karlssonar



# Mynd ársins

Mannkyn stendur frammi fyrir nýrri áskorun. Nú er staðan orðin sú í heimsmálum að annaðhvort komumst við öll saman inn í nýja framtíð eða það verður engin framtíð. Annaðhvort tekst okkur að laða fram sjálfbæra þróun þannig að neysluvatn, orka og innviðir atvinnulífs séu til staðar í sátt við náttúruna eða vistkerfið á eftir að æla okkur.

Það sem enn flækir málin er sú staðreynd að við munum ekki laða fram sjálfbærni í tengslum við náttúruna nema við á sama tíma útrýmum sárustu fátækt, eflum heilsu og menntun en drögum úr ójöfnuði. Ástæðan er sú að neyðarástand hjá fólki kallar á neyðarráðstafanir við fæðuöflun o.fl. þar sem náttúran fer halloka fyrir manninum vegna ofveiði, mengunar og ágangs á land og gróður auk þess sem offjölgunarvandinn stendur í beinu samhengi við fátækt og menntunarskort sem aftur ýtir undir frekari neyðarráðstafanir o.s.frv. o.s.frv. Þess vegna hafa Sameinuðu þjóðirnar sett fram sautján sjálfbær þróunarmarkmið og hluti af því starfi er Parísarsamkomulagið um loftslagsmál sem 195 þjóðir hafa samþykkt.

Við Íslendingar veiðum tvö prósent alls sjávarafla í heiminum, eigum ferskt vatn, orku í jörð, landrými og ríkulegan mann- og félagsauð. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir er þessi: Hvernig ætlum við að deila gæðum okkar með umheiminum?

Mynd ársins sem kynnt var á árlegri sýningu íslenskra blaðaljósmyndara kristallar þennan veruleika. Myndin af flóttamönnunum fyrir altari Laugarneskirkju rétt áður en þeir voru fluttir nauðugir úr landi minnir á að hinni nýju áskorun verður ekki vísað frá með tilvísun í neinar Dyflinnarreglugerðir. Við erum hér öll og það er ekkert að fara.










BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS